GUÐRÚN MÖLLER

*Kjúklingaréttir vinsælir hjá allri fjölskyldunni*

matur helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR

*Vinnur í París og gefur út plötu í Asíu*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR

*Gæti verið óperusöngvari*

Er í uppáhaldi hjá Chris Martin, söngvara Coldplay

FÓLK 32




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. nóvember 2008 — 312. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Í sífelldri mótun



Háteigsskóli fagnar fjörutíu ára afmæli á morgun. Þá gefst gestum færi á að skoða sýningu um sögu skólans.

TÍMAMÓT 26

### Þjóðverjar til bjargar



Þýskt plötufyrirtæki selur plötur Kimi Records, fyrirtækis Baldvins Esra, til að bjarga Íslandi frá gjaldþroti.

FÓLK 42

### Hvenær biðjast þeir afsökunar?

Geir H. Haarde forsætisráðherra, yfirmaður Seðlabankans, sagði í maí að botninum væri náð, segir Atli Gíslason.

UMRÆÐA 24

### Akureyri vann toppslaginn



Akureyri vann FH, 32-34, í hörkuspennandi toppslag í N1-deild karla í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA EINHVER ÚRKOMA** í dag verður lengst af hæg norðaustlæg átt, en þó strekkingur með suðurströndinni. Rigning eða slydda sunnan til, annars víða él. Hiti 2-6 stig syðra, annars hiti við frostmark.

VEÐUR 4



Rauðri málingu slett á Valhöll:

# Sólarhringsvakt á húsinu

**LÖGREGLUMÁL** Öryggisgæsla í Valhöll, húsi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, verður aukin í kjölfar þess að rauðri málningu var sprautað á húsið í gærnótt.

Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segir að sólarhringsvakt verði í húsinu á næstunni vegna atviksins.

Andri segir að starfsfólki flokksins hafi verið verulega brugðið þegar það hafi komið til vinnu í gærmorgun, og mörgum líði illa yfir atvikinu.

„Það er dapurlegt að fólk fái útrás með þessum hætti á tímum þar sem mestu skiptir að standa saman og vinna að uppbyggilegum lausnum,“ segir Andri.

Öryggisvörður kallaði lögreglu að húsinu um klukkan 3 í gærnótt. Að sögn lögreglu er málið til rannsóknar, en enginn var grunaður um verknaðinn í gærkvöldi. - bj

**RAUÐMÁLAÐ** Hafist var handa við að þrífa málninguna í gærmorgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Icesave-samkomulag í augsýn í Brussel

**Íslensk sendinefnd fundar um lausn Icesave-deilunnar í Brussel. Ísland fær ekki aðild að ESB hundsi það reglur sambandsins. Í gögnum til IMF kemur fram að eignir séu til í bönkunum sem standi undir skuldbindingum vegna innlána.**

**EFNAHAGSMÁL** Þau skilaboð hafa borist íslenskri sendinefnd sem vinnur að lausn Icesave-deilunnar að Ísland geti ekki vænst þess að fá aðild að ESB, hundsi landið reglur sambandsins og neiti að greiða innistæður erlendra ríkisborgara hjá íslensku bönkunum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Því er ekki annað til umræðu en að Íslendingar þurfi að greiða þeim sem áttu fé á reikningum íslensku bankanna í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi innistæður sínar.

Frakkar, sem gegna nú formennsku í Evrópusambandinu hafa tekið að sér að miðla málum í deilunni. Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands í Brussel, fer fyrir hópi embættismanna úr utanríkisráðuneytinu sem vinna að lausn deilunnar í Brussel með viðræðum við franska embættismenn. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur að auki verið í Brussel til að ljá nefnd embættismannanna aukna vikt.

„Viðræðurnar einkenndust af góðum vilja og vinsemd,“ sagði Kristján Kristjánsson, fjölmiðlafulltrúi forsætisráðherra í gærkvöldi. Málið sé á viðkvæmu stigi.

Náist niðurstaða er gert ráð fyrir að hún verði grunnur að viðræðum við Bretland, Holland og Þýskaland. Fundað hefur verið undanfarna daga, og munu fundir halda áfram í dag. Enginn tímafrestur hefur verið settur á viðræðurnar, segir Kristján. Samkvæmt heimildum blaðsins er samkomulag í augsýn.

Varlega áætlað nema eignir gamla Landsbankans 900 til 1.200 milljörðum króna. Heildarkröfur á bankann nema 2.500 milljörðum króna, þar af innlánakröfur 1.200 milljörðum. Þetta má sjá af gögnum sem leggja á fyrir stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í tengslum við lán hans til ríkisins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Hluti af eignum gamla Landsbankans mun vera skuldabréf sem Nýi Landsbankinn hefur gefið út til þess gamla upp á 600 milljarða króna. Samkvæmt heimildum blaðsins dugar sú upphæð nánast upp á krónu til að standa undir innstæðutryggingum vegna Icesave-reikninganna.

Erlend lán til ríkisins frá og fyrir tilstilli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eiga að vera í formi lánalína og bera ekki vexti nema að á þær verði dregið. Peningana á að nota til að styrkja gjaldeyrisforðann. Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mun bera fimm prósenta vexti.

Þá var um kvöldmatarleytið í gær samþykkt á Alþingi viðbót við lög um fjármálafyrirtæki sem heimila skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis „að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis,“ eins og segir í nefndaráliti. Samkvæmt lögunum getur greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis að hámarki staðið í 24 mánuði. Heimild skiptastjóra til að tryggja áframhaldandi rekstur á þeim tíma er sögð auka til muna líkur á að verðmætum verði bjargað úr gömlu bönkunum. - bj, bþs, okr

Tónleikar í Laugardalshöll:

# Borgin deilir við Bubba

**FÓLK** **Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, stendur við þau orð sín að Samstöðutónleikar Bubba Morthens séu hálfgerðir útgáfutónleikar þeirra listamanna sem þar koma fram.**

**Ummælin lét hann falla á vefsíðunni Vísi. Orð Óskars hleyptu illu blóði í þá tónlistarmenn sem troða upp í Laugardalshöllinni annað kvöld. Bubbi segir orðin vera fyrir neðan beltisstað en er ekki undrandi á því úr hvaða horni þau koma.**

**Reykjavíkurborg hyggst ekki styrkja tónleikana með fjárframlagi. Hins vegar gefur borgin eftir leigu gjald fyrir Laugardalshöll.** - fgg / sjá síðu 42










**SPURNING DAGSINS**



*Elliði, eru margir með óútleysta tékka í Gleðibankanum?*

„Vestmannaeyjabær heitir tryggingum á alla þá gleði sem verður lögð þar inn.“

Elliði Vignisson er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Í gær var stofnaður sérstakur gleðibanki í bænum, en Elliði var einn fimm stofnfélaga í bankanum.

Magnús Ármann segir boltann vera hjá Fjármálaeftirlitinu:

# Segist ekki óttast sannleikann

**FJÁRMÁL** „Ég er ekki vanur að tjá mig um mín fjármál við fjölmiðla,“ segir Magnús Ármann aðspurður um það af hverjum Imon, félag í hans eigu, keypti hlutabréf fyrir tæpa níu milljarða í Landsbankanum skömmu fyrir fall bankans. „Hins vegar hefur Fjármálaeftirlitið gefið það út að öll viðskipti með hlutabréf bankanna þriggja skömmu fyrir fall þeirra séu til skoðunar svo þetta á allt eftir að koma í ljós.“ Aðspurður hvort hann kvíði því að öll kurl komi til grafar segir hann: „Ég kvíði engu.“

„Við gefum ekkert upp um þetta mál, hins vegar reikna ég með því að það sé til athugunar hjá Fjármálaeftirlitinu,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Í samstarfssamningi Fjármálaeftirlits og Kauphallar segir að Kauphöll skuli senda mál til eftirlitsins ef grunur leiki á að ólöglegir viðskiptahættir hafi átt sér stað. Þar fengust hins vegar ekki skýr svör um afdrif þessa máls en vísað er í tilkynningu sem eftirlitið sendi frá sér vegna þessa máls. Þar segir að Fjármálaeftirlitið sé að skoða viðskipti með hlutabréf bankanna þriggja sem útgefin voru í aðdraganda þess að þeir lentu í erfiðleikum. - jse



**MAGNÚS ÁRMANN** Enn fæst ekki úr því skorið hverjum Imon seldi hlutabréf í Landsbankanum upp á tæpa níu milljarða skömmu fyrir yfirtökuna.

Mannslátið í Grímsnesi:

## Högg á höfuð leiddi til dauða

**LÖGREGLUMÁL** Bráðabirgðaniðurstöður krufningar á manni sem lést í sumarbústað í Grímsnesi um síðustu helgi benda til þess að höfuðhögg hafi leitt hann til dauða, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Fjórmenningarnir, tvær konur og tveir karlmenn, sem sæta nú gæsluvarðhaldi, hafa verið í stöðugum yfirheyrslum hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi.

Hefur þeim miðað vel og fólkið verið samvinnufúst. Það á að sæta gæsluvarðhaldi til 28. nóvember samkvæmt úrskurði héraðsdóms. - jss

Austurríski dótturníðingurinn:

## Fritzl ákærður fyrir morð

**AUSTURRÍKI, AP** Austurríkismaðurinn Josef Fritzl, sá sem í nærri aldarfjórðung hélt dóttur sinni í kjallaraprísund og eignaðist með henni sjö börn, hefur nú verið ákærður fyrir morð.



**JOSEF FRITZL** FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fritzl, sem er 73 ára og hafði áður verið ákærður fyrir nauðganir, sifjaspell og þrælahald, er nú einnig ákærður fyrir að hafa ekki leitað til læknis þegar nýfætt barn hans lá fyrir dauðanum, og þar með að hafa valdið dauða barnsins.

Verði Fritzl fundinn sekur um morð á hann yfir höfði sér ævilangt fangelsi. - gb

Forystumenn í sjávarútvegi:

## Vilja nýjan gjaldmiðil strax

**EFNAHAGSMÁL Forsvarsmenn þriggja sjávarútvegsfyrirtækja vilja að stjórnvöld taki upp nýjan gjaldmiðil tafarlaust.**

**Þeir Ægir Páll Friðbertsson, hjá Ísfélagi Vestmannaeyja hf., Guðmundur Kristjánsson, hjá Brimi hf., og Eiríkur Tómasson, hjá Þorbirni hf., rita grein í Fréttablaðið í dag þar sem þeir leggja til að stjórnvöld feli hagfræðingunum Daniel Gros og Manuel Hinds að kanna hvaða leið sé heppilegust í þeim efnum.**

**Í kjölfarið verði hægt að kanna möguleika á aðild við Evrópusambandið. Fram að því sé ekki hægt að láta fyrirtæki og almenning blæða út vegna myntar sem ber vexti sem þjóðin ræður ekki við.**

- bs / sjá síðu 24.

# Sjálfstæðisfélög vilja í ESB og Davíð burtu

**Óhjákvæmilegt er að stjórnendur Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins víki, og að aðildarviðræður við ESB fari af stað, segir í ályktun stjórnar fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna á Akranesi. Þingmaður segir mikilvægt að fella ekki**

**STJÓRNMÁL** Óhjákvæmilegt er að leita eftir aðildarviðræðum að Evrópusambandinu (ESB) og að stjórnendur Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins víki nú þegar. Þetta kemur fram í ályktun stjórnar fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna á Akranesi.

Stjórnin telur að fá verði á hreint hvaða kostum þjóðin standi frammi fyrir ef til aðildar að ESB komi. Það verði aðeins gert með aðildarviðræðum.

„Nú er komið að því að rjúfa þögnina, og að sjálfstæðisfólk láti í sér heyra,“ segir Magnús D. Brandsson, formaður stjórnarinnar. Hann segir ályktunina endurspegla skoðun svo til allra sjálfstæðismanna á Akranesi.

Hann vonast til þess að ályktunin ýti við öðrum sjálfstæðisfélögum á landinu. Grasrótin verði að tjá sig, hvort sem hún sé sammála eða ósammála ályktuninni.

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir það ekki koma á óvart að þeir séu til innan raða Sjálfstæðisflokksins sem vilji kanna kosti aðildar. Hann segist þeirrar skoðunar að fara þurfi yfir það hagsmunamat sem afstaða flokksins til ESB byggi á.

Hann segir mikilvægt að fella ekki dóma um Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann. Málið sé stærra í farveg. Fara verði yfir aðdraganda og orsakir hruns bankanna, og draga svo ályktanir þegar niðurstaðan hafi fengist.

Bjarni segir að vel komi til greina að hugsa málin upp á nýtt, jafnvel þannig að Fjármálaeftirlitið renni inn í Seðlabankann.



**ÁSKORUN** Stjórn fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna á Akranesi skorar á Geir H. Haarde að víkja stjórnendum Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Starfshópur vill kynna ríkisstjórn aðgerðir vegna heimilanna

Starfshópur ráðherra og trúnaðarmanna stjórnarflokkanna vinnur nú að margþáttaðri aðgerðaráætlun vegna efnahagsástandsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vonast meðlimir hópsins til þess að hægt verði að kynna aðgerðaráætlun vegna heimilanna í landinu á fundi ríkisstjórnarinnar í dag. Fleira verði svo kynnt í framhaldinu.

Hópinn skipa fyrir hönd Samfylkingarinnar þau Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, Steinunn Valdís Óskarsdóttir þingmaður og Skúli Helgason framkvæmdastjóri flokksins.

Fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins sitja þar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson þingmaður, Ólöf Nordal þingmaður og Andri Óttarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.

Fleiri fulltrúar flokkanna hafa komið á fundi hópsins til að fjalla um ákveðin málefni. Hópurinn hafði eftir gærdaginn hist þrisvar, og var gert ráð fyrir áframhaldandi fundarhöldum í gær og næstu daga.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru fulltrúar flokkanna ekki sammála um hvað hópurinn eigi að fjalla um. Fulltrúar Samfylkingarinnar vilja að hann endurskoði stjórnarsáttmálann, fjalli um Evrópumálin og lög um Seðlabankann. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja hins vegar áherslu á efnahags- og atvinnumál.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins mun funda í dag ásamt þingflokknum. Í fundarboði kemur fram að umræðuefni fundarins sé ástandið í efnahagsmálum og viðbrögðin við þeim. Ekki er ólíklegt að ályktun stjórnarinnar beri á góma.

brjann@frettabladid.is



**FÉLAGAFUNDUR** Fullt var út úr dyrum á Grand hóteli í gærkvöldi, þar sem félagafundur VR fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Félagsfundur í VR:

## Boðað til kosninga í janúar

**FÉLAGSMÁL Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, lagði til á félagafundi í gær að kosningum í félaginu yrði flýtt. Þær gætu því farið fram í janúar.**

**Félagafundur VR fór fram á Grand hóteli í gærkvöldi. Þar gerði Gunnar Páll grein fyrir störfum sínum fyrir Kaupþing, sem hann hefur verið gagnrýndur fyrir.**

**Gunnar Páll hefur ekki tekið ákvörðun um það hvort hann hyggst bjóða sig fram til áframhaldandi formennsku í félaginu.**

- þeb

45 ár frá upphafi gossins:

## Surtsey 45 ára

**NÁTTÚRA** Gos hófst í Surtsey á þessum degi fyrir 45 árum.

Gosið hófst á hafsbotni og það voru skipverjar á Ísleifi II sem urðu þess fyrst varir. Gosið varði í um þrjú og hálft ár, fram í júní árið 1967.

Surtsey var friðuð árið 1965, meðan gosvirkni var enn í gangi. Þann 7. júlí á þessu ári var eyjan ásamt friðlandinu umhverfis hana skráð á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna sem einstakur staður náttúruminja á heimsmælikvarða. - þeb






Formaður Landssambands lögreglumanna telur lögreglu stórlega vanbúna:

# Stórefla þarf viðbúnað lögreglunnar

**LÖGGÆSLA** „Það er ljóst að stórefla þarf viðbúnað og viðbragðsáætlun lögreglu fyrir komandi laugardag,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, um stöðu lögreglunnar í núverandi þjóðfélagsástandi.

Snorri telur brýna þörf á auknum fjármunum til lögreglu. Hann nefnir mótmælin í Reykjavík undanfarnar helgar, þar sem þátttakendum hafi stórfjölgað frá einum laugardegi til annars. „Hiti er að aukast í mönnum og ég tel að það þurfi lítinn neista til að kveikja stórt bál því reiði almennings er orðin gríðarleg.“

Snorri bendir á að Landssamband lögreglumanna hafi ítrekað gagnrýnt ástand löggæslumála og lýst yfir áhyggjum af þróuninni, sem eigi sér rætur í gríðarlegum fjárskorti og mannfæð.

„Við viljum bæta búnað lögreglumanna, hvort sem um er að ræða hlífðarbúnað eða annan varnarbúnað. Við viljum einnig sjá fjölgun lögreglumanna. Við erum fólk eins og annað fólk í landinu og eigum okkar fjölskyldur. Það er orðin mikil þörf á viðbótarmannskap svo fólk geti komið upp og náð andanum,“ segir Snorri.

„Við erum undir það búin að takast á við þau verkefni sem við okkur blasa hverju sinni,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Hann vill ekki segja til um hvort viðbúnaður verði aukinn vegna mótmælanna á laugardag. „Við eigum að sjá til þess að þetta geti gengið vel fyrir sig, mótmælendur fái tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri með friðsömum og lögmætum hætti.“

jss@frettabladid.is



**Á AUSTURVELLI** Mótmæli á Austurvelli hafa verið reglulega á laugardögum síðustu helgarnar. Mótmælendum hefur fjölgað eftir því sem vikurnar hafa liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# VELJUM ÍSLENSKA VALMYND!

## Frábært úrval af sjónvörpum




## Palladine á íslensku

### Palladine 47" Full HD EPT4751MD

- 1920 x 1080 Full HD upplausn (720p/1080i/1080p)
- Stafrænn móttakari
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Skerpa: 5000:1
- Birtustig: 550 cd/m²
- Textavarp með 1000 síðum
- Flýtitengi á hlið (hljóð & mynd)
- 2 x 10W hátalarar
- Svartími undir 5 ms
- Snúningsfótur

**Verð aðeins 319.995 kr.**

full HD 1080P | HDMI | digital




full HD 1080P | HDMI | digital

**Palladine 42"Full HD EPT4251MD**

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 550 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

**Verð aðeins 259.995 kr.**




HD ready | HDMI | digital

**Palladine 32" EPT3251MD**

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

**Verð aðeins 149.995 kr.**




HD ready | HDMI

**Palladine 26" EPT2651M**

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1200:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

**Verð aðeins 119.995 kr.**




HD ready | HDMI

**Palladine 19" EPT1950M**

- Upplausn: 1440 x 900
- Skerpa: 1.000:1
- HDMI tengi / Scart / Component
- Hægt að tengja við 12V
- Svartími undir 4 ms

**Verð aðeins 79.995 kr.**




full HD 1080P | HDMI | digital

**Hitachi 47" Full HD L47VP01**

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 8.000:1
- 2 x SCART tengi
- 2 x HDMI tengi

**Verð aðeins 359.995 kr.**




full HD 1080P | HDMI | digital

**Hitachi 50" HD P50XR01**

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 10.000:1 / Birta: 1100 cd/m²
- Hægt að taka upp og horfa á aðra stöð
- 3 x HDMI tengi
- 3 x Scart tengi

**Verð aðeins 499.995 kr.**




full HD 1080P | HDMI | digital

**Hitachi 60" HD P60XR01**

- Upplausn: 1920 x 1080 upplausn Full HD
- Skerpa: 8000:1 / Birta: 800 cd/m²
- Hægt að taka upp og horfa á aðra stöð
- 3 x HDMI tengi
- 3 x Scart tengi
- USB tengi

**Verð aðeins 999.995 kr.**

## ÞJÓNUSTA VIÐ UPPSETNINGU



**Starfsmaður Hátækni kemur heim til þín, setur upp tækið og tengir gegn vægu gjaldi.**

Þjónustan er í boði á höfuðborgarsvæðinu.

Hátækni

**Opnunartími:** virka daga 9-18 | laugardaga 12-17 | sunnudaga 12-17
Fæst hjá söluaðilum um land allt.

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 82138

## GENGIÐ 13.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 136,6 | 137,26 |
| Sterlingspund | 203,76 | 204,76 |
| Evra | 170,52 | 171,48 |
| Dönsk króna | 22,892 | 23,026 |
| Norsk króna | 19,153 | 19,265 |
| Sænsk króna | 16,841 | 16,939 |
| Japanskt jen | 1,4286 | 1,437 |
| SDR | 200,86 | 202,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

230,4237

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Ásgeir segir kaup á fjölmiðlum 365 ekki fjármögnuð af íslenskum bönkum:

# Bankaleynd ofar upplýsingaskyldu

**VIÐSKIPTI** Fjármagn sem félagið Ný sýn, sem er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, notaði til að kaupa fjölmiðlahluta fyrirtækisins 365 kom ekki frá íslensku viðskiptabönkunum. Þetta er fullyrt í yfirlýsingu frá Jóni Ásgeiri.

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar Alþingis, hefur óskað eftir því að bankastjórar viðskiptabankanna þriggja komi á fund nefndarinnar í dag. Þar hyggst hann spyrja þá hvort bankar þeirra hafi lánað félagi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar 1,5 milljarða króna til að kaupa fjölmiðlahluta 365, útgáfufélags Fréttablaðsins.



**EIGNARHALD** Áfram verður tryggt að eignarhald á fjölmiðlum 365 verði dreift, segir Jón Ásgeir Jóhannesson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Ásgeir mótmælir því að bankastjórarnir séu með þessum hætti beðnir um að rjúfa bankaleynd. „Það eina sem vakti fyrir mér með kaupum á fjölmiðlum 365 var að forða 365 frá að lenda í gjaldþroti,“ segir í yfirlýsingunni.

Engin ákvæði eru í þingskapalögum sem veita þingnefnd heimild til að krefjast upplýsinga sem um ríkir bankaleynd, segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor.

Eiríkur segir að þrátt fyrir að nefndarfundir séu lokaðir, og nefndarmenn bundnir trúnaði, geti bankastjórarnir ekki upplýst um einstaka viðskiptavini. Þó væri vafasamt að telja það brot gegn bankaleynd upplýsi bankastjórarnir um að þeirra banki hafi ekki lánað fé til kaupanna. **- bj**

Fimmtán mánaða fangelsi:

## Kynmök við tólf ára stúlku

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur piltur hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi og greiðslu skaðabóta fyrir að hafa haft samræði við tólf ára stúlku. Hann var þá tvítugur. Tólf mánuðir af refsingunni eru skilorðsbundnir.

Stúlkan og pilturinn kynntust á netinu. Hún sagðist þá vera tólf ára. Hann játaði fyrir dómi að hafa haft samræði við stúlkuna nokkru síðar og að hún hefði jafnframt haft við sig munnmök. Það síðarnefnda kvað hann hafa verið að frumkvæði stúlkunnar. Auk refsingarinnar var piltinum gert að greiða stúlkunni 400 þúsund krónur í skaðabætur. **- jss**

Skilanefnd Kaupþings:

## Sátt um Edge-greiðslur nærri

**EFNAHAGSMÁL** Skilanefnd Kaupþings sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem hún lýsir sig vongóða um að á næstu dögum eða vikum takist að ljúka greiðslum til þýskra sparifjáreigenda sem áttu innstæður á svonefndum EDGE-hávaxtanetreikningum Kaupþings í útibúi bankans í Frankfurt.

Fram kemur að síðustu vikur hafi verið unnið að samkomulagi við þýsk yfirvöld um greiðslu innstæðna. Fulltrúar frá skilanefndinni fari í næstu viku yfir málið. Það verði gert á fundum með fulltrúum þýska fjármálaráðuneytisins og þýska fjármálaeftirlitsins. **- aa**

Bandaríkjamaður í Berlín:

## Virðist vera laus við HIV-smit

**ÞÝSKALAND, AP** **Bandarískur maður, sem var HIV-smitaður og með hvítbæði, virðist ekki vera það lengur. Fyrir 20 mánuðum gekkst hann undir beinmergsskipti, en þeirri meðferð er yfirleitt eingöngu beitt til að vinna bug á hvítblæði.**



GERO HÜTTER

**Aðgerðin virðist hafa borið þann árangur að lækna manninn af HIV-smitinu, þótt læknar hafi reyndar enn þann fyrirvara á að veiran gæti enn leynst í líkamanum og komið í ljós síðar. Þá virðist maðurinn einnig hafa læknast af hvítblæðinu. Maðurinn er 42 ára, búsettur í Berlín, þar sem þýski læknirinn Gero Hütter framkvæmdi beinmergsskiptin á sjúkrahúsinu Charité.** **- gb**

# Allt var uppi á borðinu að sögn Frakka

**Sendiherra Frakka segir að Árni M. Mathiesen hafi fallist á frumniðurstöðu sem gerði ráð fyrir að Íslendingar uppfylltu skuldbindingar EES-samningsins og tilskipun ESB um innstæðutryggingar. Síðan hafi Íslendingar hætt við.**

**EFNAHAGSMÁL** „Allt var að sjálfsögðu rætt við Íslendingana. Árni var á fundinum og hann eiginlega samþykkti þetta. Hann vissi um þetta allt,“ segir Olivier Mauvisseau, sendiherra Frakka hér á landi.

Frakkar fara nú með forsæti í Evrópusambandinu. Mauvisseau segir að franski fjármálaráðherrann hefði komið á fimm manna nefnd, nokkurs konar gerðardómi, meðal annars með fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og EFTA. Þetta hafi verið rætt á samráðsfundi fjármálaráðherra ESB og EFTA 4. þessa mánaðar. Frumniðurstöður nefndarinnar hafi verið að Íslendingar stæðu við skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og tilskipun um innlánatryggingar. Mauvisseau bætir því við að hann viti ekki við að Árni hafi skrifað undir skuldbindingar.

Þetta er skilið þannig, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, að íslenska ríkið eigi að ábyrgjast innstæður sem voru á reikningum í útibúum íslenskra banka erlendis, upp að minnst 20.887 evrum á hvern reikning. Sé gert ráð fyrir að þessi upphæð hafi verið á hverjum íslenskum reikningi nálgast heildarupphæðin þúsund milljarða króna. Áður hefur komið fram að sú upphæð sem Íslendingar þyrftu að ábyrgjast næmi um 600 milljörðum króna.

Mauvisseau segir að fyrir helgi hafi fjármálaráðherra Frakka borist bréf frá Árna. Þar segi „að stjórnvöld hér fallist ekki á niðurstöðu nefndarinnar.“



**SENDIHERRA FRAKKA ER HÉR Á LANDI** Olivier Mauvisseau segir að Íslendingar hafi skipt um skoðun eftir samráðsfund fjármálaráðherra ESB og EFTA sem haldinn var 4. þessa mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÁRNI MATHIESEN** Fjármálaráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að íslensk stjórnvöld hefðu ekki getað sætt sig við þau skilyrði sem sett voru eftir fundinn 4. nóvember.

Árni M. Mathiesen sagði í Fréttablaðinu í gær að eftir að ráðherrar hefðu komið sér saman um gerðardóm hefðu evrópskir embættismenn tekið við málinu. Þeir hafi ekki fallist á að niðurstaða gerðardóms yrði bindandi. Verkefninu yrði breytt í óformlegt lögfræðilegt álit. Þá hefði átt að víkka út umfjöllunarefni dómsins og fjalla um aðgerðir stjórnvalda hér, neyðarlögin þar á meðal. Þetta hafi stjórnvöld ekki getað sætt sig við.

Þessa frásögu staðfesti Árni aftur í gær, þegar málið var borið undir hann.

Mauvisseau leggur áherslu á að Frakkar séu ekki aðilar að málinu. Þeir reyni hins vegar að finna á því lausnir. Hann segist ekki geta upplýst um allt sem fyrir liggi í málinu og vísaði til þess að nú [í gær] stæði fundur íslenskrar sendinefndar og franskra embættismanna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagðist í fréttum útvarpsins vænta niðurstöðu í Icesave-málinu í dag. ESB líti svo á að fjármálakerfi sambandsins sé í húfi. Það vill Mauvisseau ekki staðfesta með slíkum orðum. Spurður um mikilvægi lausnar Icesavemálsins segir hann. „Þetta eru svo miklir peningar gæskurinn.“

Eftir fundinn 4. nóvember, þar sem málið virtist komið í hnút, hefur skriður komist á viðræður íslensku sendinefndarinnar og frönsku embættismannanna. Þær fara fram í Brussel og samkvæmt heimildum blaðsins er niðurstaða í augsýn. **- ikh**



**AÐSTOÐARRÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Sigríður Björk Guðjónsdóttir er ein fjögurra umsækjenda.

Lögreglan á Suðurnesjum:

## Fjögur sóttu um stjórastarf

**LÖGGÆSLUMÁL** **Fjórar umsóknir bárust um embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Umsækjendur eru Alda Hrönn Jóhannsdóttir, löglærður fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum, Ásgeir Eiríksson, fulltrúi og staðgengill sýslumannsins í Keflavík, Halldór Frímannsson, sérfræðingur og lögmaður á fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, aðstoðarríkislögreglustjóri. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í embættið frá og með 1. janúar 2009 til fimm ára í senn.** **- jss**

Úrskurður héraðsdóms:

## Amfetamínmenn enn inni

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn, Jónas Ingi Ragnarsson og Tindur Jónsson, hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 27. nóvember.

Mennirnir hafa setið inni undanfarnar vikur vegna rannsóknar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á amfetamínverksmiðju í Hafnarfirði sem stöðvuð var í síðasta mánuði. Þeir voru báðir á reynslulausn eftir að hafa setið í fangelsi fyrir alvarlega glæpi þegar þeir voru handteknir í tengslum við verksmiðjuna. **- jss**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**

Helgin er nokkuð misskipt. Á morgun verður fremur stíf norðan átt framan af degi en síðan lægir smám saman. Snjókoma eða él verða norðan til og austan en þurrt og léttir smám saman til syðra. Á sunnudag verður vindurinn vestlægur, almennt fremur stífur með vætu vestan til en þurru og björtu veðri fyrir austan. Hlýnar.



Á MORGUN Víðast 5-10 m/s

LAUGARDAGUR 5-13 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 14° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 13° |
| New York | 21° |
| Orlando | 19° |
| Osló | 9° |
| París | 12° |
| Róm | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# 20% AFSLÁTTUR

af ÖLLUM barnafatnaði

föstudag, laugardag og sunnudag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér ráðamenn hafa staðið sig vel í að upplýsa þjóðina um stöðu efnahagsmála undanfarnar vikur?*

| | |
|---|---|
| Já | 8,6% |
| Nei | 91,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu komin/n í jólaskap?*

Segðu þína skoðun á visir.is visir

Haus af umferðarljósi var stolið á gatnamótum Sæbrautar og Holtavegar:

# Diskó-óður ljósaþjófur á ferð

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er grafalvarlegt mál. Svona nokkuð getur hæglega ollið alvarlegum umferðarslysum,“ segir Dagbjartur Sigurbrandsson, verkefnastjóri hjá framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar. Haus af umferðarljósi var stolið á gatnamótum Sæbrautar og Holtavegar um klukkan 18.00 fyrrakvöld. Umferðarljósin á gatnamótunum virka enn, en líklegt er að kostnaður vegna kaupa á nýjum ljósahaus verði í kringum 200.000 krónur.

Dagbjartur segir slík tilvik hafa komið upp tvisvar áður á sínum ferli. „Í fyrra skiptið létum við fjölmiðla vita af þjófnaði á ljósahaus hjá Blóðbankanum. Hálftíma eftir að fréttin var lesin upp hringdi í okkur faðir ungings, sem væntanlega hefur gripið piltinn glóðvolgan. Í seinna skiptið fannst ljósahaus af Kringlumýrarbraut ekki fyrr en tveimur árum síðar við fíkniefnaleit í íbúð einni. Hausinn var þá tengdur og öll ljós logandi, búið að skipta um perur og hvaðeina,“ segir Dagbjartur, og bætir við að ýmsir aðilar hafi reynt að kaupa ljósahausa af honum í gegnum tíðina, oft til að tengja við hljómflutningsgræjur og nota sem diskóljós.

Dagbjartur skorar á alla sem gætu veitt upplýsingar um þjófnaðinn að láta í sér heyra. **- kg**



**YFIR Á RAUÐU** Að sögn Dagbjarts hefur nýr ljósahaus verið pantaður ef ske kynni að sá gamli skili sér ekki. Kostnaðurinn sé upp undir 200.000 krónur.

Sveitarfélög verða sameinuð:

# Íbúalágmark 1.000 árið 2014

**SVEITARFÉLÖG Kristján L. Möller, ráðherra sveitarstjórnarmála, mun leggja fram lagafrumvarp sem kveður á um að árið 2014 verði lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélögum 1.000. Í dag er lágmarksfjöldi íbúa 50. Þetta kallar á sameiningu fjölda sveitarfélaga.**

**Kristján kynnti þetta á fjármálaráðstefnu Samtaka sveitarfélaga. Hann sagði það umhugsunarefni hvort við hefðum efni á að reka mörg smá sveitarfélög. Misgóður rómur var gerður að tillögu ráðherra. Spurt var hvort íbúatala ein ætti að ráða sameiningu, frekar en landfræðileg skilyrði, samgöngur, tekjur eða þjónusta.** **- kóp**






# Einhugur á ráðstefnu sveitarfélaga

**Sveitarstjórnarfólk var einhuga um að nauðsynlegt væri að framlög í jöfnunarsjóð yrðu óbreytt á næsta ári, annars lenti fjöldi þeirra í fjárkröggum. Kallað var eftir skýrum skilaboðum frá ríkisvaldinu en sumum þótti fátt um svör.**

**SVEITARFÉLÖG** Einhugur var um það á fjármálaráðstefnu Samtaka sveitarfélaga að nauðsynlegt væri fyrir sveitarfélög að framlög til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrðu óbreytt. Það gildi líka um viðbótarframlag, en því hefur verið úthlutað til sveitarfélaga í vanda. Það hefur numið 1,4 milljörðum króna síðustu tvö ár.

Samkvæmt fjárlögum sem lögð voru fram í október er ekki gert ráð fyrir aukaframlaginu og reglubundin framlög til hans dragast saman um 10 prósent.

Framlag jöfnunarsjóðsins vegur misþungt hjá sveitarfélögum, en algengt er að það sé 7 til 12 prósent af tekjum þeirra. Í fjölda þeirra er það hærra, 20 til 25 prósent og í Tálknafjarðarhreppi er það tæplega 42 prósent af tekjum. Fjármálaráðherra var krafinn svara um hvað yrði um jöfnunarsjóðinn.

Í máli fundarmanna kom fram hve miklu framlag jöfnunarsjóðs skipti sveitarfélögin og án þess væri stoðunum kippt undan rekstri margra þeirra. Það eigi líka við um viðbótarfjármagnið, en dæmi eru um að það eitt og sér nemi 18 prósentum af heildartekjum A-hluta sveitarfélags.

Halldór Halldórsson, formaður Samtaka sveitarfélaga, sagði mörg sveitarfélög orðin háð viðbótarfjármagninu. „Mörg smærri sveitarfélög og sameinuð sveitarfélög eru háð þessu framlagi áfram, ekki síst við þær aðstæður sem nú eru.“



**ÞUNGT HUGSI** Þingfulltrúar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna voru þungt hugsi yfir ástandi efnahagsmála. Svo mjög að sumir ræðumenn kvörtuðu og báðu um fleiri bros. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði í erindi sínu að því miður myndu þær breytingatillögur sem nú er verið að gera á frumvarpinu miða að því að skera niður fremur en auka útgjöld. Að loknum umræðum, þar sem sveitarstjórnarmenn ítrekuðu mikilvægi jöfnunarsjóðs og viðbótaframlagsins, sagðist ráðherra hafa fengið skýr skilaboð og með þau færi hann af fundinum.

„Ég hef sjaldan fengið beinskeyttari skilaboð um hvað það er sem skiptir sveitarfélögin máli og ég verð að taka það alvarlega og inn í þá vinnu sem við erum í. Stakkurinn hefur hins vegar sennilega aldrei verið þrengra sniðinn og ef við bætum í hér verðum við að minnka annars staðar.“

Ríkisvaldið var á fundinum sakað um skort á virðingu fyrir sveitarstjórnarstiginu. Oft gengi illa að fá greitt frá ríkinu þó að til væru undirritaðir samningar þar um. **kolbeinn@frettabladid.is**


FÉLAGS- OG FAGGREINA-FUNDIR

öflugt stéttarfélag · fit.is · aukin réttindi

**Selfossi** þriðjudaginn **18.** nóvember kl. 20.00 að Austurvegi 56, 3. hæð.

**Reykjanesbæ** miðvikudaginn **19.** nóvember kl. 20.00 í Kaffi Duus í Grófinni.

**Vestmannaeyjum** föstudaginn **21.** nóvember kl. 12.00 á Kaffi Kró.

**Reykjavík** mánudaginn **24.** nóvember kl. 20.00 að Borgartúni 30, 6. hæð.

**Akranesi** þriðjudaginn **25.** nóvember kl. 20.00 að Kirkjubraut 40.

Hvetjum alla félagsmenn til að mæta.

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA – stendur með þér



Auglýsingasími

512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið


Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra tilkynnir tekjutap hins opinbera:

# Fjórðungi minni tekjur 2009

**EFNAHAGSMÁL** Tekjur hins opinbera munu dragast saman um fjórðung árið 2009, miðað við árið 2008. Þetta kom fram í máli Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í gær.

Þá munu skuldir hins opinbera aukast mjög, þær voru um 28 prósent af landsframleiðslu árið 2007, en eru líklegar til að verða mun meiri en landsframleiðsla árið 2009. Þá sé enn óljóst hvaða áhrif viðræður við Breta, Hollendinga, Þjóðverja og fleiri þjóðir muni hafa á skuldastöðu ríkissjóðs.

Árni segir þörf á niðurskurði í opinberum vexti og vaxtabyrði af skuldum geti stefnt opinberum fjármálum í voða. „Það er brýnt verkefni hins opinbera að draga úr útgjöldum, lækka skuldirnar og ná jafnvægi á ný í fjármálum bæði ríkis og sveitarfélaga.“

Staða ríkissjóðs gerði það að verkum að hann væri ekki aflögufær til að koma að niðurgreiðslu skulda sveitarfélaga, því væri niðurskurður mikilvægari en ella.

„Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur metið það svo að þörf væri á að skera niður útgjöld í opinberum rekstri á næstu árum og að sú þörf sé aðkallandi í ljósi breyttrar stöðu.“ **- kóp**



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Segir að skuldir hins opinbera verði mun meiri en landsframleiðsla árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gerðu góð kaup!

netto



ÍSFUGL

43% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR SKINNLAUSAR

**1.696 kr/kg**

~~2.975~~ kr/kg



31% afsláttur

NAUTALUNDIR

**2.960 kr/kg**

~~4.290~~ kr/kg



FOLALDAKJÖT M/BEINI REYKT EÐA SALTAÐ

**399 kr/kg**

~~732~~ kr/kg

GOÐI

46% afsláttur



50% afsláttur

GOÐI

KJÖTBÚÐINGUR

**425 kr/kg**

~~849~~ kr/kg



46% afsláttur

GOÐI

BLANDAÐ HAKK

**599 kr/kg**

~~1.099~~ kr/kg



42% afsláttur

GOÐI

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

**985 kr/kg**

~~1.698~~ kr/kg



50% afsláttur

GALÍA MELÓNUR

**149 kr/kg**

~~297~~ kr/kg

BULLET ORKUDRYKKUR 250ml

NÝTT!

**139 kr/stk.**




www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 13. - 16. NÓVEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.





Formaður og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins á fundi samtakanna:

# Hvatt til aðildarviðræðna við ESB

**EFNAHAGSMÁL** Formaður og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins lögðu á það áherslu í gær á fundi samtakanna að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

„Ríkisstjórnin þarf að vinna af krafti í hagsmunamati í tegnslum við mögulega inngöngu okkar í Evrópusambandið,“ sagði Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins, í ræðu sinni. „Hvatt verður til þess að þessar viðræður geti hafist sem fyrst og málinu verði flýtt eins og kostur er.“

Krónan er ekki samkeppnishæfur gjaldmiðill, sagði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Evran væri hins vegar mikið hagsmunamál fyrir atvinnulífið. Vilhjálmur sagði peningastefnuna, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, hafa grafið undan krónunni. Með þetta í huga þurfi að fara fram endurmat á aðild að Evrópusambandinu. „Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um endurmat innan samtakanna,“ segir Vilhjálmur, hins vegar sé Evrópusambandsaðild til umræðu innan þeirra. „Það er afgerandi meirihluti innan Samtaka atvinnulífsins fylgjandi aðild,“ segir Vilhjálmur. Það sé hins vegar í verkahring stjórnar samtakanna en ekki hans sem framkvæmdastjóra að breyta stefnu þeirra. - ss



**VILHJÁLMUR EGILSSON** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir upptöku evru hagsmunamál fyrir atvinnulífið á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Allsherjaratkvæðagreiðsla um sameiningu Múrarafélags Reykjavíkur og Félags iðn- og tæknigreina (FIT)

Félagsfundur í Múrarafélagi Reykjavíkur hefur samþykkt að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu félagsins og Félags iðn- og tæknigreina (FIT)

Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram með leynilegri póstatkvæðagreiðslu

**Kjörgögn hafa verið send til félagsmanna**

Kjörgögn skulu hafa borist kjörstjórn Skipholti 70, 105 Reykjavík í síðasta lagi kl. 16:30, 28. nóvember 2008. Póststöð kjörstjórnar er póststöð Íslandspósts, Síðumúla 3-5, 108 Reykjavík

Heimilisfang kjörstjórnar er á skrifstofu Múrarafélags Reykjavíkur Skipholti 70, 105 Reykjavík

**Kjörstjórn**


# Norsk atvinnutilboð streyma til landsins

**Atvinnutilboðin streyma inn á Eures-vinnumiðlunina við Engjateig í Reykjavík, fyrst og fremst frá Noregi en líka Danmörku. Í Noregi vantar fólk í nánast alla geira en þó síst í byggingariðnað. Norskt fyrirtæki vantar fólk í tíu toppstöður.**

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnutilboðunum hefur rignt yfir Íslendinga frá Noregi og Danmörku eftir bankahrunið. Valdimar Ólafsson, Eures-ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun, segir atvinnutilboðin „streyma yfir okkur frá Noregi.“ Sérstaklega vanti fólk í sunnan- og vestanverðum Noregi.

Kristine Kopperud Timberlid, ráðgjafi hjá NAV Sogn og Fjordane, segir að mikið framboð sé á störfum í sveitarfélaginu Sogn og Fjordane, sem er rétt norðan við Björgvin. Þar segir hún að vanti fólk af báðum kynjum í flestar starfsgreinar en þó sérstaklega fólk í ferðageirann, kokka, tæknimenn og verkfræðinga en síst í byggingargeirann. Kristine segir að nóg sé að kunna ensku til að byrja með og jafnvel bankamenn sem kunni skandinavísku eigi möguleika á að fá starf.



**VALDIMAR ÓLAFSSON**

Kristine segir að mikil eftirspurn sé eftir Íslendingum. Fjármálakreppan hafi ekki komið jafnilla við Norðmenn og Íslendinga og því hafi Norðmenn enn talsverð atvinnutækifæri að bjóða. Norskir vinnuveitendur horfi gjarnan til Norðurlanda þegar þeir ætli að ráða fólk enda vinnumenningin lík í löndunum.

„Mest eftirspurn er eftir fólki með menntun og reynslu og af báðum kynjum,“ segir Kristine, einna mest matreiðslumönnum og kokkum. „Við höfum ekki menntað nóg af kokkum í Noregi en höfum verið að byggja mikið af hótelum og þess vegna er þörfin enn meiri,“ segir hún.

Þá eru þrjú norsk fyrirtæki að auglýsa tíu toppstöður sem tengjast olíuiðnaði hjá job.is. Kolbeinn Pálsson framkvæmdastjóri segist hafa fengið fleiri fyrirspurnir að utan og nú bíði hann bara eftir svörum frá þeim.

Fulltrúar erlendra vinnumiðlana og fyrirtækja eru á leið hingað til lands um aðra helgi til að kynna atvinnumöguleika, taka við ferilskrám og hugsanlega ráða í laus störf. Valdimar Ólafsson, Eures-ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun, segir að kollegar sínir komi frá átta löndum, þar á meðal Noregi og Danmörku, til að gefa ráð um atvinnuleit og upplýsa um aðstæður í þessum löndum.

„Auk þess koma hingað fjögur fyrirtæki, flest úr byggingargeiranum, til að taka á móti umsóknum og kynna störf. Þessi fyrirtæki eru frá Hollandi og Belgíu og svo er eitt norskt-danskt-þýskt byggingarfyrirtæki sem aðallega starfar í Danmörku og Noregi. Auk þessa kemur ein vinnumiðlun sem þjónustar byggingariðnaðinn.“

ghs@frettabladid.is



**NÓG AF STÖRFUM** Kristine Kopperud Timberlid atvinnuráðgjafi segir nóg af störfum fyrir Íslendinga í sveitarfélaginu Sogn og Fjordane norðan við Björgvin í Noregi.

> Við höfum ekki menntað nóg af kokkum í Noregi.
>
> **KRISTINE KOPPERUD TIMBERLID** ATVINNURÁÐGJAFI Í NOREGI




*Íslenska er okkar mál*

www.jonas.ms.is

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL


Mannskæð sjálfsvígsárás á bandaríska bílalest í austanverðu Afganistan:

# Blóðbað á markaðstorgi

**AFGANISTAN, AP** Nærri tíu manns fórust og meira en sjötíu særðust í gær þegar sjálfsvígsárásarmaður ók bifreið með sprengjum inn í bílalest bandaríska hersins.

Nánast allir hinna látnu og særðu voru almennir borgarar, en einn bandarískur hermaður féll.

Árásin var gerð í Nangarhar-héraði í austanverðu Afganistan, þegar bandaríska bílalestin var stödd rétt við markaðstorg þar sem fjöldi fólks var að versla með búfénað. Hinir særðu voru fluttir á þrjú sjúkrahús í borginni Jalalabad, sem er höfuðstaður héraðsins.

Enginn hafði lýst yfir ábyrgð á árásinni, en fullvíst þykir að talibanar eða aðrir uppreisnarhópar hafi staðið að henni. Herskáir talibanar notast oft við bílsprengjur og sjálfsvígsárásarmenn til að ráðast gegn jafnt afgönskum sem erlendum hermönnum í landinu. Flest fórnarlömb þeirra árása eru þó saklausir heimamenn.

Í gær voru einnig tveir breskir hermenn drepnir í sprengjuárás í Kandahar, sunnan til í landinu.

Á sjötta þúsund manns hafa látist í átökum eða árásum tengdum talibönum og öðrum uppreisnarhópum það sem af er þessu ári. Nærri þúsund þeirra voru óbreyttir borgarar. - gb



**SKELFILEG AÐKOMA** Bandarískur hermaður kannar bifreið sem notuð var til sjálfsvígsárásar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ÍSLAND 50g
SKEYTI
Hannaðu þín eigin frímerki og skeyti
www.postur.is
Frímerkin mín
PÓSTURINN
allur pakkinn
SKEYTIN mín

**NEISTAR AF NEISTA:** Heilsugeirinn á Íslandi — Grein 2 af 8

# Ísland sem land heilbrigðis

### Uppbygging og efling heilsugeirans

Öflug uppbygging heilsugeirans á Íslandi hefur veruleg áhrif á samfélagið í heild sinni (e. spillover effects) ekki síður en á einstaka atvinnugeira, t.d. ferðaþjónustu, landbúnað, erfðarannsóknir og orkunýtingu. Heilsugeirinn gæti jafnframt haft margföldunaráhrif á t.d. upplýsingatækni og hönnun ýmiss konar enda er mikilvægt að byggja hann upp í tengslum við ímynda- og verðmætasköpun.

### Endurskipulagður stofnanavettvangur

Stofnanir á borð við Sjúkratryggingasjóð og Tryggingastofnun ríkisins sem eru í mikilli endurskipulagningu. Hugsanlegt væri að nýta þá vinnu til að efla samstarf þeirra við misstór fyrirtæki og einkastofnanir innan heilsugeirans. Þörf er á endurskoðun á trygginga- og tilvísanakerfi með tilliti til fjölgunar erlendra gesta, sem leita sér hressingar og lækningar á landinu.

Hugmyndir um Heilsulandið Ísland og uppbyggingu spa-menningar á landinu eru áhugaverðar til að stuðla að samstarfsvettvangi fagaðila sem að eigin frumkvæði skoða nýjar leiðir til að skapa verðmæti í heilsugeiranum. Hugmyndirnar fela í sér heildarsýn á landsvísu með samstarf margra ólíkra aðila að leiðarljósi. Mikilvægt er að losa um hefðbundna stofnanafarvegi með auknu samstarfi og hlúa að frumkvæði grasrótarinnar þannig að ný, misstór og áhugaverð fyrirtæki og stofnanir geti sprottið upp úti um land allt. Jafnframt þarf að stuðla að frekari vexti sprota og stofnana sem þegar hafa vaxið upp úr moldinni svo að þeir blómstri. Samfélagslegur ávinningur þessa er mikill bæði hvað varðar almenna verðmætasköpun og íbúðaþróun á landsbyggðinni.

### Innlendir og erlendir markhópar

Heilsugeirinn þarf að skilgreina hverjir eiga að vera viðskiptavinirnir og markhóparnir. Mikilvægt er að byggja upp geira sem dregur að sér viðskiptavini erlendis frá. Ein leið til þess er að gera samstarfssamninga við erlend tryggingafélög og heilsustofnanir um að senda „sjúklinga“ sína til Íslands. Aðstæður á gjaldeyrismörkuðum gætu gert samningaviðræður um slíka hluti einfaldari. Ísland hefur mikið upp á að bjóða í heilsugeiranum og enn eru mörg tækifæri ónýtt. Flytja mætti út hugvit, þekkingu og aðferðir, t.d. var bent á að Kínverjar mundu hafa áhuga á mörgu sem Íslendingar búa að innan heilsugeirans. Fyrsta skrefið gæti verið að fá fjárfestingaraðila og nemendur í viðskiptum, t.d. eru nú MBA-nemendur að vinna ákveðna grunnvinnu við að skapa viðmiðanir um markaðssetningu og árangur. Mikilvægt er að skilgreina og laða að ólíka hópa viðskiptavina, bæði innlenda og erlenda.

### Greina þarf sérstöðu hvers landshluta

Mikilvægt er að virkja vel einstaka landfræðilega kjarna við uppbyggingu heilsugeirans á Íslandi og að kjarnarnir vinni saman í miklu meiri mæli en nú. Hingað til hefur samstarf verið lítið og lykilstofnanir eins og atvinnuþróunarfélög hafa ekki nógu virkan samráðsvettvang sín á milli. Stuðningur sem felst í eflingu samstarfs, sköpun farvegs fyrir nýjar hugmyndir og betri nýtingu þess sem þegar er innan heilsugeirans er mjög mikilvægur. Aðgreina þarf hvern stað á landinu með tilliti til sérstöðu sinnar. Staðbundin þjónusta ætti að byggja á þeim auðlindum, framleiðslu og fólki sem er innan hvers kjarna. Þannig mætti tengja ferðaþjónustu á skýrari hátt við heilsuuppbygginguna. Staðbundin sérstaða í uppbyggingu í heilsugeira þarf um leið að vera í tengslum við skapandi heildarsýn um Ísland sem heilsuland með samnýttri markaðssetningu erlendis.

## Í HNOTSKURN:

Gríðarleg verðmæti felast í heilsugeiranum á Íslandi, í fólki, þekkingu, tækni, tækjakosti og yfirbyggingu. Engu síður er veruleg sóun einnig í kerfinu sem hægt væri að draga úr með því að endurskipuleggja kerfið að hluta til eða í heild. Enn fremur þarf að vera miklu meira samstarf þannig að hægt sé að samnýta þekkingu og tengja við önnur svið svo sem ferðaþjónustu og matvæla- og lyfjaframleiðslu, bæði innanlands og erlendis. Heilsugeirinn byggist bæði á mannauði og náttúruauðlindum og mikilvægt að líta á uppbyggingu hans í ljósi sjálfbærrar þróunar.

**Dr. Eyþór Ívar Jónsson, forstjóri Klaks – nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins og framkvæmdastjóri Sprotaþings, hafði umsjón með samræðu og vinnslu útgangspunkta á vinnuborði um heilsu.**

### Móta þarf heildræna framtíðarsýn

Mikilvægt er að líta á forvarnir, lækningar og endurhæfingu sem eina heild og koma þannig í veg fyrir umtalsverða sóun með því að; a) auka forvarnir, b) auðvelda samvinnu lækningadeilda og endurhæfinga, c) gera forvörnum og endurhæfingu mögulegt að vinna betur saman enda hlýtur ferlið að vera hringrás. Efla þarf meðvitund um og rannsóknir á gildi þverfaglegs samstarfs í heilsugeira. Þróa þarf óhefðbundnar lækningar samhliða öðrum lækningaaðferðum og gera hefðbundnum og óhefðbundum aðferðum mögulegt að þrífast innan heilsugeirans.



### Vitundarvakning um arðbæran heilsugeira

Það er veruleg sóun í kerfinu í formi dýrra stofnana sem geta ekki breyst af því að sokkinn kostnaður er hugsaður sem verðmæti. Vinnuafl er oft óþarflega dýrt og möguleikar eru á að gera þjónustusamninga sem væru mun ódýrari í framkvæmd. Draga þarf úr þessari sóun og nýta frekar sokkinn kostnað með öðrum hætti en hingað til. Mikill hluti af sóuninni í heilbrigðisgeiranum felst í því að fenginn ávinningur af dvöl í heilsuumhverfi er ekki skilgreindur sem verðmæti og því hvorki metinn af verðleikum né settur í verð. Það er þess vegna mikilvægt að gera fólk betur meðvitað um hvaða verðmæti það er að fá og hugsanlega takmarka einhvern veginn aðgengi að þessum verðmætum þannig að fólk beri virðingu fyrir þeim.

Björk Guðmundsdóttir boðaði til vinnufunda 12. og 19. október síðastliðinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og vefinn nattura.info. Um hundrað sérfræðingar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar réðu ráðum sínum og gerðu drög að átta tillögum um úrbætur í jafnmörgum málaflokkum. Fréttablaðið birtir tillögurnar næstu daga. Nánari upplýsingar má finna á nattura.info.




Í ÖRUGGA HÖFN

RÁÐGJÖF
TIL FYRIRTÆKJA

Fyrirtækjaráðgjöf Saga Capital veitir fyrirtækjum, eignarhaldsfélögum og öðrum fjárfestum óháða og faglega ráðgjöf.

- **Fjárhagsleg endurskipulagning**
- **Kaup, sala og sameining**
- **Vöktun kaup- og sölutækifæra**
- **Stöðumat og verðmat**
- **Samningaviðræður og samningsgerð**
- **Umsjón með áreiðanleikakönnunum**

Starfsmenn Fyrirtækjaráðgjafar Saga Capital hafa sjálfir umtalsverða reynslu af stjórnun fyrirtækja og mikla þekkingu á viðskiptum með fyrirtæki.

Saga Capital

FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF SAGA CAPITAL | SKÓGARHLÍÐ 22 | 105 REYKJAVÍK | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS




Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Lindir | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði

TILBOÐ VIKUNNAR




Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
Tilboðið gildir til 17. nóvember
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**Neytendur:** Saga af súkkulaðiköku hjá Café Milanó

# Um hálfar sneiðar og heilar



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Berglind Guðjónsdóttir fór með vinkonu sinni á kaffihúsið Café Milanó í Faxafeni, eins og vinkonur gera. Þær voru ekkert sérlega svangar og ákváðu að ein súkkulaðikökusneið skipt í tvennt myndi duga þeim með kaffinu. *„Verð kökusneiðarinnar er 890 kr,“* skrifar Berglind, *„en þegar við svo ætlum að greiða reikninginn er okkur sagt að hálf sneið sé á 630 kr! Er þá heil sneið komin í 1.240 krónur! Daginn eftir hringdi ég og fékk að tala við yfirmann. Svarið sem ég fékk var að við værum að greiða aukalega þjónustugjald upp á 350 kr., því það þurfti að láta okkur hafa aukadisk og aukaskeið og síðan væri aukauppþvottur! Okkur fannst við hreinlega teknar í bakaríið þarna.“*



Gengilbeina hjá Café Milanó, sem vill ekki láta nafns síns getið, útskýrir málið: *„Hér er einhver misskilningur á ferðinni því að sjálfsögðu rukkum við ekki fyrir að skera köku til helminga,“* segir hún. *„Hjá okkur kostar heil kökusneið 890 kr., en ef fólk hefur ekki lyst á nema hálfri kostar hálf sneið 630 kr. Komi tveir og vilji skipta heilli í tvær hálfar kostar það að sjálfsögðu bara 890 samtals og fólk fær auðvitað tvo diska, tvo gaffla og rjóma á báða diskana ef það vill!“*

Einu sinni hugðist Haraldur Gormsson Danakonungur ráðast á Ísland.

Réð hann göldróttan mann til að kanna aðstæður og hvar best væri fyrir innrásarherinn að komast í land...

Framhald á bls. 16

Dæmdur í 30 daga fangelsi:

## Skoðaði og stal nektarmyndum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vestfjarða dæmdi í gær 26 ára karlmann í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot í gær.

Maðurinn skoðaði og afritaði myndir úr einkatölvu konu án heimildar, en myndirnar sýndu hana ýmist nakta að hluta eða fáklædda. Hann afhenti einnig öðrum manni myndirnar, allt í lostugum tilgangi sem særði blygðunarkennd konunnar, að því er fram kemur í dóminum. - þeb

ÓLYMPÍUSKÁKMÓTIÐ

**Tap og sigur í fyrstu umferð**

Ísland tapaði naumlega fyrir Bandaríkjunum í fyrstu umferð Ólympíuskákmótsins í Dresden, 1½-2½. Í kvennaflokki vann Ísland stórsigur á Japan, 3½-½.



**GRUNNSKÓLABÖRN Í MAT** Hlutverk teymisins er að fylgjast með líðan barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, til að mynda hvort dregur úr nestis- og matarkaupum foreldra grunnskólabarna. Myndin tengist fréttinni ekki með beinum hætti.

# Hlúð að skólabörnum í kreppunni

**Viðbragðsteymi er nú starfandi til að halda utan um börn í borginni í því erfiða ástandi sem er í þjóðfélaginu í dag. Formaður teymisins segir aukna spennu hjá börnum í nýju hverfunum.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við finnum fyrir því að það er aukin spenna hjá ungum börnum, einkum í nýjum hverfum borgarinnar. Þá verðum við vör við að það er meiri óróleiki eftir því sem börnin eru eldri.“

Þetta segir Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík og formaður viðbragðsteymis sem hefur verið sett á stofn til að halda utan um börnin í borginni á krepputímum.

„Í þessum hverfum er fólk með allt sitt undir í húsbyggingum. Hlutirnir eru ekki endilega að ganga samkvæmt áætlun,“ segir Ragnar. „Þá eru innviðir hverfisins ekki komnir í fast form. Við erum þó ekki farin að finna neitt sérstakt erfitt ástand. En vitanlega er spenna hjá fjölskyldum sem eru að missa fjárhæðir og foreldra vinnu. Við kannski búumst við því verra, þannig að við erum í viðbragði.“

Að sögn Ragnars var teymið sett á laggirnar fyrir mánuði að frumkvæði borgarstjóra. Það starfar undir heitinu „Börnin í borginni.“ Hlutverk þess er að standa vaktina og fylgjast með líðan barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, til að mynda hvort dregur úr nestis- og matarkaupum foreldra grunnskólabarna. Jafnframt hvort vanskil aukast þegar kemur að hádegismat og leikskólagjöldum.

„Teymið á að leita leiða til að minnka áhrif vegna álags og streitu sem fylgir þessu ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu,“ útskýrir Ragnar.

Þeir sem eiga sæti í teyminu eru fulltrúar menntasviðs, leikskólasviðs, velferðarsviðs, íþrótta- og tómstundasviðs, mannréttindaskrifstofu og menningar- og ferðamálasviðs. Einnig fulltrúar skólastjóra leik- og grunnskóla, fulltrúar Kennarafélags Reykjavíkur, svo og SAMFOKS.

„Við fundum á hverjum föstudegi og þar berum við saman stöðuna sem þessir fulltrúar koma með úr sínum baklöndum og hvernig við sjáum þessa þróun verða,“ segir Ragnar.

Fari að bera á einkennum hjá börnum sem rekja má til kreppuástands er formlegt viðbragð Reykjavíkurborgar í gegnum velferðarsviðið og þjónustumiðstöðvarnar úti í hverfunum, þar sem fá má ráðgjöf og aðstoð. Þá er teymið í góðum tengslum við Landlæknisembættið og Rauða krossinn.

jss@frettabladid.is



# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel

## fjárfestu í heilsunni

**6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**JÓLATILBOÐ**



**Stór pakki fylgir heilsurúmum frá Svefn og heilsu**

Lök, silkidamask sængurverasett og hlífðardýnur

Verðmæti allt að kr. 55.200



## PROFLEX

**Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.**

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 384.900.
Nú á jólatilboði kr. **327.165** stgr.

## S-CAPE WALLHUGGER



**Sá nýjasti og besti frá Leggett**

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.



**Ein besta heilsudýna heimi**

## IQ-CARE



**Queen rúm kr. 189.900,-**
**King rúm kr. 269.900,-**

**Amerísku heilsudýnurnar frá**

## Chiropractic®

**Queen rúm kr. 209.000,-**
**King rúm kr. 269.000,-**




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is



**BÆNDUR MÓTMÆLA** Franskir sauðfjárbændur tóku með sér kindahjörð til Parísar og stilltu sér upp við Eiffelturninn til að mótmæla lækkandi tekjum bænda í efnahagsþrengingum þjóðarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Annríki í Kvennaathvarfinu eykst í takti við slæmt efnahagsástand:

# Aldrei fleiri í Kvennaathvarfið

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég þrjóskaðist lengi vel við að tengja síaukna aðsókn hjá okkur efnahagsástandinu. En nú er ljóst að við verðum að horfast í augu við að það er tenging þarna á milli,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

Það sem af er ári hafa 115 konur komið í dvöl hjá Kvennaathvarfinu. Það er mikil aukning frá því í fyrra þegar um hundrað konur dvöldu í athvarfinu yfir allt árið.

Viðtölum hefur einnig fjölgað til muna. Tæplega tvö hundruð konur hafa komið í viðtal það sem af er ári. Það eru álíka margar konur og allt árið í fyrra.

Starfsemin er þó enn ekki farin að þrengja að konunum í athvarfinu. Nýverið var aðstaðan stækkuð og betrumbætt. Nýju svefnherbergi hefur verið komið fyrir, bað- og snyrtiaðstaða bætt og eldhúsið stækkað. Þegar þörf krefur er svo stofum og fundarherbergjum breytt í svefnaðstöðu.

Sigþrúður segir engar sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar í athvarfinu til að mæta breyttum efnahagsaðstæðum. Sem fyrr standi starfskonurnar klárar á vaktinni, hvenær sólarhrings sem er. - hhs



**SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR** Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir að almennt megi gera ráð fyrir að ofbeldi á heimilum aukist með verra efnahagsástandi. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Íslensk málnefnd:

# Tillögur afhentar ráðherra

**MENNTUN** Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu verða afhentar menntamálaráðherra á sunnudag, degi íslenskrar tungu.

Í tilkynningu kemur fram að í tillögum nefndarinnar sé lögð megináhersla á að treysta stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu, enda verði framtíð tungunnar best tryggð með því að nota hana á öllum sviðum íslensks samfélags. Meðal annars er lagt til að fundin verði skynsamleg leið til að treysta lagalega stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu. Einnig að hlutdeild móðurmálskennslu í skólakerfinu verði aukin. - kg




Finnlands-Svíar í klandri:

# Í fangelsi fyrir að tala sænsku

**FINNLAND** **Fjórum átján ára Finnlands-Svíum, sem töluðu sænsku sín á milli og við lögregluna, var hent í fangaklefa í Esbo í Finnlandi um helgina án þess að nokkrar skýringar væru gefnar. Ungu mennirnir voru í afmælisveislu þegar lögreglan kom og leysti upp samkvæmið, að sögn Hufvudstadsbladet.**

**Á sektarmiða frá lögreglunni segir að ungu mennirnir hafi ekki hlýtt en sjálfir segjast þeir hafa spurt á sænsku hvað væri í gangi. Einn þeirra er frá Álandseyjum og hefur aldrei lært finnsku. Ungu mennirnir segjast hafa farið að tala sænsku við lögregluna og þá hafi lögreglumenninir þrjóskast við og talað finnsku við Álandseyinginn. Í Finnlandi eru tvö opinber mál með jafnháa réttarstöðu, finnska og sænska.** - ghs

Ríflega milljón eintaka af platútgáfu eins virtasta dagblaðs Bandaríkjanna dreift:

# Góðar fréttir í gerviútgáfu New York Times

**BANDARÍKIN, AP** Íraksstríðinu lýkur með brotthvarfi bandaríska hersins. Sameinuðu þjóðirnar samþykkja allsherjar vopnabann. Condoleezza Rice biðst afsökunar á lygum stjórnarinnar um gjöreyðingarvopn í Írak og George W. Bush ákærður fyrir landráð.

Þetta eru aðeins nokkrar af helstu fréttum dagblaðsins New York Times, sem dreift var ókeypis í 1,2 milljónum eintaka víðs vegar í Bandaríkjunum í gær.

Blaðið er reyndar dagsett 4. júlí árið 2009, og er bara plat. Útgefendurnir segjast vilja leggja sitt af mörkum til að hvetja Barack Obama, nýkjörinn Bandaríkjaforseta, til að standa við loforð sín.

Meðal annarra góðra frétta í blaðinu má nefna hámarkslaun stjórnarformanna stórfyrirtækja og innköllun allra bensínbifreiða. Auk þess verður hafist handa við að byggja upp heilbrigt efnahagslíf.

Þá er í blaðinu einkaviðtal við George W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, sem segist ætla að helga tíma sinn leitinni að Osama bin Laden. Einnig er skýrt frá því að Bandaríkjamenn bjóða tveimur milljónum flóttamanna frá Írak hæli.

Útgáfan er einkaframtak nokkurra blaðamanna, kennara og kvikmyndagerðarmanna, sem öfluðu sér fjár að hluta með frjálsum framlögum á Netinu. - gb




**DAGSETT 4. JÚLÍ ÁRIÐ 2009** Gerviútgáfa dagblaðsins New York Times flytur draumafréttir úr framtíðinni. NORDICPHOTOS/AFP

Flóttamenn í Egyptalandi:

# Skotnir við landamærin

**EGYPTALAND, AP** **Egypsk stjórnvöld sýna flóttafólki, sem laumar sér yfir landamærin frá Ísrael eða Súdan, fulla hörku. Síðan 2007 hafa að minnsta kosti 33 verið skotnir til bana, þar á meðal barnshafandi kona og sjö ára gömul stúlka.**

**Mannréttindasamtökin Human Rights Watch gagnrýna þetta framferði í nýrri skýrslu.**

**Auk hinna látnu hafa fjölmargir flóttamenn særst, en svo virðist sem Egyptar séu með þessu að bregðast við alþjóðlegri gagnrýni um að þeir standi sig ekki í að halda landamærunum lokuðum.** - gb

Píanóleikari og tónlistarstjóri ferðast milli skóla með tónleika og fyrirlestra um sígilda tónlist:

# Upplifa tónlistina á eigin forsendum

**MENNING** „Þetta hefur verið hrikalega skemmtilegt. Við finnum vel fyrir því að samfélagið er mjög opið fyrir erindi okkar þessa dagana. Það á sér stað mikil endurskoðun á ákveðnum gildum, þannig að þetta er góður tími,“ segir Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, sem ásamt Árna Heimi Ingólfssyni, tónlistarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hefur ferðast milli framhalds- og háskóla í vikunni með tónleika og fyrirlestur um sígilda tónlist. Síðusta heimsókn þeirra félaga verður í Háskóla Íslands í dag. Í vikunni komu þeir fram fyrir nemendur og starfsfólk MR, MH, Flensborg og Háskólans í Reykjavík.

Víkingur segir hugmyndina hafa kviknað í sjónvarpsviðtali við Evu Maríu Jónsdóttur í vor. „Í myndverinu var flygill og Eva bað mig um að útskýra fyrir sér hvað tónlist væri fyrir mér og hvers vegna ég væri að þessu. Við þessum einföldu útskýringum og dæmum fékk ég sterk viðbrögð í þjóðfélaginu. Mun sterkari en ég átti von á.“

Víkingur og Árni voru með þeim fyrstu til að hljóta styrk úr tónlistarsjóðnum Kraumi í vor. Var sá styrkur eyrnamerktur því verkefni að flytja og ræða um verk eftir Beethoven, Bach og Chopin í framhalds- og háskólum. „Oft setur fólk sig í sérstakar stellingar þegar það hugsar um klassískar listir. Við reynum að losa þessar stellingar og vekja athygli á því að best sé að upplifa tónlistina á sínum eigin forsendum. Það hefur gengið vel upp og orkan úr salnum er mjög góð,“ segir Víkingur Heiðar. - kg



**SÍGILT STUÐ** Góður rómur var gerður að fyrirlestri og tónleikum þeirra Víkings Heiðars og Árna fyrir nemendur og starfsfólk HR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Stofnanir heilbrigðisráðuneytis:

# Styrkja á gæða- og eftirlitsmál

**STJÓRNMÁL** Verkefni þriggja stofnana heilbrigðisráðuneytisins eru í athugun í ráðuneytinu til að styrkja eftirlits- og gæðahlutverk þeirra.

Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að ráðuneytið hefði til skoðunar verkaskiptingu og jafnvel sameiningu Landlæknisembættisins, Lyfjastofnunar og Lýðheilsustöðvar.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

„Það er mikilvægt að nýta stofnanirnar eins vel og hægt er,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. Við vinnu ráðuneytisins sé lögð áhersla á mikilvægi gæða- og eftirlitsmála auk forvarna. - bþs

VIKA 39

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Algirdas Slapikas:

### Tímamót á vinnustaðnum



„Það var stór dagur hjá okkur í vinnunni á miðvikudaginn var,“ segir Algirdas en hann vinnur hjá Bátasmiðjunni Trefjum í Hafnarfirði. „Við fögnuðum 30 ára afmæli en jafnframt afhentum við fyrsta bátinn úr nýju verksmiðjunni okkar. Það voru náttúrlega mikil hátíðarhöld í tilefni dagsins. Það var boðið upp á léttar veitingar og vín. Ég held að það hafi verið um 150 manns þarna þegar mest var og á meðal þeirra voru Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.“

Algirdas hefur unnið í Trefjum í 10 ár eða síðan hann flutti til Íslands og segist hæstánægður með lífið þar.

Junpehn Sriyoha:

### Fór á árshátíð Fjarðarkaupa



„Síðastliðinn miðvikudag var Loykatong, sem er trúarhátíð okkar Taílendinga,“ segir Junphen en þessi hátíð á rætur sínar að rekja til þakkargjörðar manna til gyðju vatnsins til forna.

„Þá er hefð að búa til eins konar skraut úr bananahýði, setja í það brot af nögl eða mynt og fleygja því síðan í fljót. Trúa menn því að þá hafi hið illa verið kvatt.

Hér munu landar mínir hins vegar láta nægja að koma saman í Búddahofinu okkar í Kópavogi hinn 29. næstkomandi en svo illa vill til að þá er einmitt árshátíð Fjarðarkaupa og ég vil síður missa af henni svo ég tek ekki þátt í hátíðarhöldunum í hofinu þetta árið.“

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Syrgir Miriam Makeba



„Miriam Makeba lést í vikunni og mér þykir það leiðinlegt þar sem ég hef lengi verið mikill aðdáandi hennar,“ segir Charlotte sem bjó um tíma í Afríku. „Ég hef líka verið að lesa mikið um átökin í Kongó sem eru auðvitað mjög alvarleg en vegna fjármálakrísunnar er ekki nóg fjallað um það ástand. Ég heyrði BBC segja frá því að fjármálakreppan færi versnandi vegna neikvæðrar umfjöllunar fjölmiðla. Fólk heldur því að ástandið sé enn verra en það er í raun og veru. Ég reyni því frekar að vera jákvæð og hugsa um jólahátíðina. Ég ætla til dæmis að reyna að spara peninga með því að búa sjálf til jólakort. Svo er ég nýbyrjuð á dansæfingum sem er gott fyrir sálina.“



Njósnarinn brá sér í hvalslíki og lagði af stað.

En er hann kom til landsins sá hann að fjöll öll og hólar voru full af landvættum, sumum stórum en öðrum smærri...

Framhald á bls. 22





RISAMARKAÐUR í Rangárhöllinni Gaddstaðaflötum við Hellu helgina 15. -16. nóv. frá kl. 12:00 - 17:00 (báða dagana)

- föt
- skór
- geisladiskar
- leikföng
- handmáluð kerti
- hreingerningavörur
- prjónavörur
- útsaumur
- náttúruvörur
- ábrestir
- kökubasar
- antikvörur
- uppstoppuð dýr
- glerlistavörur
- skartgripir
- gjafavörumarkaður
- kompudót
- andlitsmálun o.m.fl.

Tónlistaratriði
kl. 13:00,14:00,15:00 og 16:00

Myndlistasýning og kaffisala í anddyri

Dagur íslenskrar tungu á sunnudaginn.
Upplestur úr bókum

Frábær fjölskyldusamkoma

Svartlist - Hellu





Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is


## FRÉTTAVIÐTAL: Framtíð stjórnmálaflokkanna



**DAGUR B. EGGERTSSON** segir pólitíkina mikilvæga sem aldrei fyrr og nauðsynlegt sé að kalla að ákvörðunum alla þá bestu þekkingu sem býr í samfélaginu. Hana þurfi að sækja út fyrir stjórnmálaflokkana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Uppstokkun nauðsynleg

**Auk heiðarlegs uppgjörs á orsökum fjármálahrunsins og nýrri framtíðarsýn fyrir Ísland þarf að ráðast í uppstokkun í stjórnmálunum að mati Dags B. Eggertssonar, oddvita borgarstjórnarflokks Samfylkingarinnar.**

*Hvernig geta stjórnmálaflokkarnir tekist á við framtíðina?*

Fyrst þarf að horfast í augu við að mjög margt hrundi með fjármálakerfinu. Goðsögnin um góða efnahags- og fjármálastjórn Sjálfstæðisflokksins hrundi með braki. Vinnubrögðin og leyndarhyggjan sem voru of ráðandi í íslenskri pólitík hrundu, trúin á lykilstofnunum hrundi sem og trúin á stjórnmálin sem aðferð til að leiða til umbóta og góðra breytinga. Stjórnmálaflokkarnir þurfa að axla ábyrgð og endurreisa þessa trú með því að endurhugsa sig og vinnubrögð sín. Samfylkingin hefur að mínu mati gert merkilegar tilraunir með framtíðarhópi sem kallaði til mjög marga flokksmenn sem og sérfræðinga og hagsmunaaðila og ég held að hægt sé að byggja á þeim grunni. Nú þarf að ganga lengra og flokkarnir þurfa að opna allar gáttir og kalla fólk að borðinu. Þar verður spurt í hverju samfélagi við viljum búa, hverjir eru styrkleikarnir, hverjir eru veikleikarnir, hverju þarf að breyta og hvert ætlum við að stefna. Ef við setjum ekki framtíðina á dagskrá og leggjum fram sannfærandi sýn sem fólk og fyrirtæki fær trú á þá brestur á með flótta sem mér sýnist reyndar að sé þegar hafinn.

*Er trúverðugt og eðlilegt í núverandi ástandi að stjórnmálaflokkarnir fáist við framtíðina?*

Ég hugsaði mikið um þetta áður en ég steig inn í stjórnmálin vegna þess að ég tilheyrði stórum hópi og kannski heilli kynslóð fólks sem hafði mikinn vara á sér gagnvart stjórnmálaflokkum sem stofnunum. Mér fannst þeir trénaðir og standa fyrir hluti sem pössuðu ekki við mína sýn á hvernig samfélagið ætti að virka. En eftir mikla íhugun, og núna nokkra reynslu, hef ég komist að því að stjórnmálaflokkar eru ekki eitthvað eitt og þurfa ekki að vera staðnað fyrirbæri. Í besta falli geta þeir verið mjög uppbyggileg umbótaöfl sem þrýsta á um breytingar og hvort sem okkur líkar það betur eða ver tekur pólitíkin margar mikilvægar ákvarðanir sem er eins gott að verði vel tekið. Margir hafa gengið til liðs við Samfylkinguna, og líklega aðra stjórnmálaflokka, á undanförnum árum ekki vegna þess að þeir hafa fallið fyrir því hvernig stjórnmálaflokkarnir starfa heldur einmitt vegna þess að þeir eru tæki til að vinna að umbótum. Eftir að bankakerfið er meira eða minna í fangi ríkisins og ráða þarf fjölmörgum lykilspurningum til lykta á hinum pólitíska vettvangi eru stjórnmálin mikilvæg sem aldrei fyrr. Því þarf að kalla að ákvörðunum alla þá bestu þekkingu sem býr í samfélaginu og hún er svo sannanlega ekki bara fyrir hendi innan flokkanna.

*Hvaða breytingar telurðu líklegar að verði á stjórnmálaflokkunum og þurfa núverandi forystumenn að rýma sviðið?*

Ég get ekki spáð fyrir um hvernig flokkarnir breytast en það þarf að stokka upp. Nú er ögurstund í samfélaginu og það er ögurstund í lífi ríkisstjórnarinnar. Hún þarf að horfast í augu við að ef hún hefur ekki afl til að setja Evrópu á dagskrá og endurskoða einfalda hluti eins og eftirlaunalögin og gera hreint í Seðlabankanum þá fjarar undan trúnaði hennar gagnvart þjóðinni á örskömmum tíma.

*Evrópa segirðu, er Evrópusambandsaðild forsenda þess að hér birti til á ný?*

Mér finnst það blasa við og er tilbúinn að taka þá rökræðu á hvaða götuhorni eða kaffistofu sem er. Kostnaður okkar af krónunni í núverandi þrengingum er geigvænlegur og við þurfum að hætta að láta umræðuna um Evrópusambandið snúast um sambandið sjálft. Málið snýst um matarkörfuna, húsnæðislánin, vextina, stöðugleika í atvinnu- og efnahagslífi og trúna sem fólk og fyrirtæki þurfa að hafa til að sjá framtíð sína á Íslandi. Og fyrir alla muni þarf að hætta að tala um málið á forsendum þess hvort einstakir stjórnmálaflokkar klofni vegna þess. Það er nánast ekki áhugaverð spurning í þeirri stöðu sem við erum í.

*Með öðrum orðum má þetta ekki snúast um hagsmuni Sjálfstæðisflokksins.*

Nei, það kemur bara ekki til greina. Það er meira í húfi en svo og samfélagið hefur ekki efni á að horfa til innanflokkshagsmuna einstakra flokka.

*Hvernig finnast þér ráðherrar Samfylkingarinnar hafa staðið sig síðustu daga og vikur?*

Þeir hafa staðið sig að mörgu leyti afburðavel í verkefni sem enginn gat búið sig undir. Ég held að það hafi skipt ótrúlega miklu máli á síðustu vikum að Samfylkingin er í ríkisstjórn því annars hefði verið hætta á að gamla helmingaskiptareglan hefði verið dregin upp og atvinnulífinu skipt upp eftir flokkspólitískum línum.

En nú er komið að kaflaskilum. Samhliða því að halda áfram því sem hefur verið kallað björgunarstörf á strandstað þarf að sjá til lands og sjá framtíðina. Þar þurfa ekki bara ráðherrar og þingmenn Samfylkingarinnar að standa á prinsippunum heldur Samfylkingin í heild. Í raun situm við uppi með ábyrgð á að hafa ekki gert Evrópumálin að úrslitaatriði en veruleikinn hefur nú verið sá að við höfum ekki haft samstarfsflokk sem hefur verið tilbúinn að fara í þennan leiðangur með okkur. Hinir flokkarnir verða að horfast í augu við að þeir hafa ekki í langan tíma farið í gegnum nauðsynlega endurskoðun.

*Margir vilja nýjar kosningar sem allra fyrst, sumir segja strax. Væri það rétt að þínu mati?*

Ég óttast að ef við hlaupum beint í kosningar fáum við ekki bara sömu flokka heldur sömu forystumenn og sömu stefnu. Það verður að gefa flokkunum færi á að stokka sig upp og endurskoða afstöðu sína áður en boðað er til kosninga. En krafan um kosningar er bæði skiljanleg og réttlát því vald í pólitík er sótt til fólksins. Og ef sú krafa er vond hugmynd stendur það upp á flokkana að bregðast við henni á annan hátt. Þeir þurfa að leiða þessa krafta inn á sinn vettvang og nýta þá í þágu uppbyggingarinnar.

Þó að ég telji kosningar ótímabærar núna finnst mér blasa við að þær verði á næsta ári. Alla vega fyrr en síðar ef ríkisstjórninni tekst ekki að endurreisa traust og setja fram framtíðarsýn sem ekki bara báðir flokkarnir trúa á heldur sem samfélagið trúir á. Það traust er ekki fyrir hendi núna. Það dugir ekki að Samfylkingin hafi áttað sig heldur þurfa aðrir að sýna á spilin.




FRÉTTAVIÐTAL
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is



# Eftir hverju ert þú að bíða?

**Mótmælum ástandinu**
**Krefjumst aðgerða. Stöndum saman.**

## Mótmælum á Austurvelli á morgun kl. 15

**Breiðfylking gegn ástandinu**

Það verða engar breytingar á Íslandi nema við tökum öll þátt og sýnum samstöðu í verki. Tíminn er núna.

Velunnari breiðfylkingarinnar kostar gerð og birtingu þessarar auglýsingar. Þeir sem vilja leggja lið með vinnu eða fjárframlögum eru hvattir til að gefa sig fram við aðstandendur aðgerðanna.

PS. Þetta er friðsamleg samkoma. Við töpum öll á skrílslátum.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
656 **-0,32%**

**Fjöldi viðskipta:** 73
**Velta:** 197 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIMSKIPAFÉL.** | +1,50% | **BAKKAVÖR** | -6,41% |
| **MAREL** | +1,12% | **FØROYA BANKI** | -2,51% |
| **ICELANDAIR** | +0,90% | **ÖSSUR** | -1,93% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 231,0 -2,94

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,95 +0,00% ... Atorka 0,50 +0,00% ... Bakkavör 3,65 -6,41% ... Eimskipafélagið 1,35 +1,50% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,52 +0,90% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 81,50 +1,12% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 101,50 -1,93%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Milestone ræðir við Glitni

Milestone, fjárfestingarfélag Karls og Steingríms Wernerssona, á í viðræðum við Nýja Glitni um fjárhagslega endurskipulagningu á félaginu. Bankinn er stærsti lánveitandi Milestone.

Félagið segir í tilkynningu fall íslensku bankanna og erfiðleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafa haft umtalsverð áhrif á efnahag Milestone auk þess sem skuldir þess hafi aukist umtalsvert vegna veikingar krónunnar.

Tillögur Milestone miði að því að vernda verðmæti eigna félagsins þannig að hagmunir allra lánardrottna verði sem best tryggðir, segir í tilkynningunni. **- jab**



**STJÓRNENDUR MILESTONE** Karl Wernersson stjórnarformaður og Guðmundur Ólason, forstjóri Milestone, í höfðustöðvum félagsins í ágúst í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Gamla Kaupþing afskráð

Skilanefnd Kaupþings banka hefur óskað eftir því við Kauphöll Íslands að viðskiptum verði hætt með hlutabréf félagsins.

„Til grundvallar beiðninni liggur bréf stjórnar Kaupþings banka hf. til Fjármálaeftirlitsins (FME) dagsett 8. október síðastliðinn þar sem stjórnin segir af sér og óskar eftir því að skilanefnd skipuð af FME taki yfir rekstur bankans“, segir í tilkynningu. **- óká**

# Fall krónu höfuðorsök aukinnar verðbólgu

**Reiknað er með að verðbólga verði allt að 25 prósent í byrjun næsta árs. Mikilvægt er að ná tökum á krónunni og snúa gengisþróuninni við.**



**JÓLAÖS Í KRINGLUNNI** IFS Greining segir útlit fyrir að fall krónunnar skili sér í dýrari jólagjöfum í ár en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við gerum ráð fyrir ívið meiri hækkun á vöruverði en Glitnir vegna falls krónunnar,“ segir Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu.

IFS gerir ráð fyrir 18,1 prósents verðbólgu í þessum mánuði. Greiningardeild Glitnis reiknar með litlu minni verðbólgu í mánuðinum, 17,8 prósentum.

Verðbólgan var 15,9 prósent í síðasta mánuði en mældist 5,2 prósent í nóvember í fyrra.

Í Morgunkorni greiningardeildar Glitnis kemur fram að innfluttar vörur þrýsti neysluverði upp og sé gengisfall krónunnar nánast eina skýringin.

Greiningardeildin bætir við að lækkun á hrávöruverði á heimsmarkaði frá miðju ári mildi höggið töluvert. Á sama tíma hafi húsnæðisverð nánast staðið í stað og útlit fyrir talsverða nafnverðslækkun á komandi misserum. Þá hafi ört vaxandi atvinnuleysi tekið við af yfirspenntum vinnumarkaði og snarlega hægt á launaskriði.

IFS bætir því við að þrátt fyrir minnkandi sölu geri fall krónunnar verslunareigendum erfitt um vik að halda aftur af verðlagshækkunum. Sé því hætt við að jólagjafir í ár verði nokkuð dýrari en í fyrra.

Gengisvísitalan stóð í um 119 stigum um síðustu áramót en hefur fallið um tæp fimmtíu prósent síðan þá. Í fyrradag féll hún um 6,7 prósent, snerti vísitalan 238,88 stig og hafði aldrei verið hærri. Krónan styrktist um 3,4 prósent í gær.

Seðlabankinn reiknar með því að gengið eigi eftir að gefa nokkuð eftir og muni verðbólga fara í 23 prósent á næsta ári. Snorri segir ekki útilokað að hún fari í 25 prósent. Mestu skipti að koma böndum á krónuna. Takist það megi reikna með því að gengisáhrif skili sér fljótt inn í verðlagið og muni draga fljótt úr verðbólgu en spáð er að hún fari niður í fjögur til fimm prósent í lok næsta árs.

Gangi það ekki eftir má reikna með áframhaldandi gengisfalli og hárri verðbólgu til langs tíma. „Slíkt yrði mjög slæmt,“ segir Snorri Jakobsson. **jonab@markadurinn.is**

ÁHORFENDAVERÐLAUN EDDUNNAR 2008

HVER ER UPPÁHALDS SJÓNVARPSMAÐUR ÞINN?

Kjóstu á visir.is

EDDUVERÐLAUNIN verða veitt í beinni útsendingu Sjónvarpsins sunnudagskvöldið 16. nóvember 2008

FRÉTTABLAÐIÐ
EXTON Ljós - Hljóð - Mynd
Hendrikka Waage

Athöfnin fer fram í Háskólabíói
Miðaverð 1000 kr
Húsið opnar kl 18
Verðlaunaafhendingin hefst kl 19

2008 EDDAN
ÍSLENSKU KVIKMYNDA- & SJÓNVARPSVERÐLAUNIN




# Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi

til afgreiðslu af lager

**Eitt hagstæðasta verð á markaðnum**

## Walk-in stærðir

30 x 220 sm
70 x 220 sm
80 x 220 sm
90 x 220 sm
100 x 220 sm
110 x 220 sm
120 x 220 sm

# Walk-in STURTUSKJÓL



8 -10 mm rammalaust öryggisgler

## HURÐIR OG VEGGIR

**GLERVEGGUR með hurð**
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

**GLERENDAVEGGIR**
70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm



## BAÐKARSHLÍFAR

76x130, 89x140, 120x150, 60x150 og 85x150 sm

## STURTUKLEFAR

70x70, 75x75, 80x80 og 90x90 sm





Rúnað



Kanntað

## STURTUHORN

KANTAÐ: 80x80, 90x90 RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm

6 mm rammalaust öryggisgler sem auðveldar þrif

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI** - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11 -15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

ÓDÝRT Í HAGKAUP

# Alltaf




40% afsláttur við kassa

KJÚKLINGABRINGUR FERSKAR
2.039 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-




25% afsláttur við kassa
471 kr/kg
Merkt verð 628.-
**Kjötfars**

40% afsláttur við kassa
599 kr/kg
Merkt verð 998.-
**Svínarifjasteik**

ÓDÝRT Í HAGKAUP
999 kr.
GOTT VERÐ
**Lasagne 1 kg.**
- fyrir 4

ÓDÝRT Í HAGKAUP
999 kr.
GOTT VERÐ
**Kjúklingur + 2 ltr. Coke**




ÓDÝRT Í HAGKAUP

MERRILD KAFFI
468 kr/pk.
GOTT VERÐ

TILDA HRÍSGRJÓN
258 kr/pk.
GOTT VERÐ

ÓDÝRT Í HAGKAUP

FJÖLKORNA BAGUETE
149 kr/stk.
GOTT VERÐ

ÓDÝRT Í HAGKAUP

NÓA KONSUM 200g
276 kr/stk.
GOTT VERÐ

JÓLA PIPARKÖKUR
379 kr/pk.
GOTT VERÐ

STRÁSYKUR 1 KG.
168 kr/pk.
GOTT VERÐ

Gildir til 16. nóvember eða á meðan birgðir endast.


betri kaup!
í einni ferð
OPIÐ til 20 alla daga
40% afsláttur við kassa
RAUÐVÍNSLEGIÐ LAMBALÆRI
1.259 kr/kg.
Merkt verð 2.098.-
25% afsláttur við kassa
2.999 kr/kg
Merkt verð 3.998.-
Nautalundir
- frosnar
35% afsláttur við kassa
1.819 kr/kg
Merkt verð 2.799.-
Kjúklingalundir
30% afsláttur við kassa
2.064 kr/kg
Merkt verð 2.949.-
Piparsteik
- frá Íslandsnauti
25% afsláttur við kassa
1.573 kr/kg
Merkt verð 2.098.-
Lambahelgarsteik
- Grand orange
DORITOS NACHO CHEESE
218 kr/stk.
GOTT VERÐ
MYLLU PYLSUBRAUÐ
117 kr/pk.
GOTT VERÐ
ÓDÝRT Í HAGKAUP
H.P. FLATKÖKUR
88 kr/pk.
GOTT VERÐ
ÓDÝRT Í HAGKAUP
KRISTALL 0.5 LTR.
108 kr/stk.
GOTT VERÐ
APPELSÍNU SAFI 1 LTR.
334 kr/stk.
GOTT VERÐ
CHEERIOS 518 GR.
372 kr/pk.
GOTT VERÐ
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember:

## Íslenska til alls

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Dagur íslenskrar tungu er á sunnudaginn, 16. nóvember. Á Málræktarþingi þann dag verður Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur afhent ritið Íslenska til alls. Það hefur að geyma tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu en það er einmitt eitt af hlutverkum Íslenskrar málnefndar samkvæmt lögum að vinna að slíkum tillögum.

Aðalmarkmið tillagna málnefndarinnar að íslenskri málstefnu er að íslenskan verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Í fljótu bragði kann þetta að virðast sjálfgefið en ef að er gáð kemur í ljós að svo er ekki. Vissulega stendur íslenskan að mörgu leyti vel. Nefna má blómlega bókaútgáfu og bloggið sem hefur orðið til þess að fjöldi fólks tjáir sig nú skriflega daglega eða oft á dag.

Á öðrum sviðum er ljóst að íslenskan á undir högg að sækja. Nefna má að dregið hefur úr íslenskukennslu á öllum skólastigum, þar með talið hjá kennaranemum, og er móðurmálskennsla í íslenskum grunnskólum nú talsvert minni en í grunnskólum á öðrum Norðurlöndum. Einnig má nefna að enskan skipar vaxandi sess í háskólasamfélaginu. Til dæmis færist í vöxt að kennt sé á ensku í íslenskum háskólum, enda þótt kennarinn og yfirgnæfandi meirihluti nemenda hafi íslensku að móðurmáli. Undanfarin ár hafa meira að segja flestar doktorsritgerðir við íslenska háskóla verið á ensku. Sú spurning hlýtur að vakna hvort að því muni koma að íslenska verði beinlínis ónothæf í háskólum á Íslandi.

Stærð málsamfélags skiptir ekki sköpum um framtíðarhorfur tungumáls heldur ráðast þær fremur af stöðu þess innan málsamfélagsins. Staða íslenskrar tungu verður þannig best tryggð ef hún er notuð sem allra víðast í íslensku samfélagi.

Á undanförnum áratug hefur málstefna verið ofarlega á dagskrá málnefnda allra Norðurlanda. Þjóðirnar hafa hver á fætur annarri gert tillögu að opinberri málstefnu, ekki síst vegna vaxandi áhrifa ensku á mörgum sviðum þjóðfélagsins. Finnar hafa, enn sem komið er, einir Norðurlandaþjóða samþykkt lög um tungumálið. Hér á landi hefur undirbúningur að gerð málstefnunnar staðið í tæp tvö ár og er þetta í fyrsta sinn sem sem tilraun er gerð til að setja á blað íslenska málstefnu.

Íslenskan er sameign þjóðarinnar og henni verður ekki viðhaldið eða hún ræktuð nema með sameiginlegri ábyrgð allra þeirra sem eiga hana að móðurmáli. Foreldrar gegna þarna lykilhlutverki með málörvun allt frá fæðingu barns, samræðum við börnin, upplestri og hvatningu til lestrar.

Staða íslenskrar tungu er sterk. Íslendingar verða þó að gæta þess að sofna ekki á verðinum því þá er hætta á að einstök umdæmi tungunnar glatist og hopi fyrir erlendu máli. Reynsla annarra þjóða sýnir að erfitt er að vinna aftur svið sem tapast hafa. Fagna ber þeim tímamótum að íslensk málstefna liggi fyrir í skrifuðum texta sem hægt að að nota og vísa í.

Verkefninu er þó alls ekki lokið. Málstefnan verður að vera í stöðugri umræðu og endurskoðun. Ritið Íslenska til alls er aðeins upphafið að stóru verkefni, verkefni sem við verðum öll að takast á við. Framtíð íslenskrar tungu er aðeins tryggð ef þjóðin tekur afdráttarlausa afstöðu með íslenskunni og notar hana hér eftir sem hingað til á öllum sviðum samfélagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Hann ákvað að synda inn Vopnafjörð og ganga á land.

Þá kom eftir dalnum risavaxinn dreki og fylgdu honum margir ormar, pöddur og eðlur og blésu eitri á hann....

Framhald á bls 28

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tökum málverkin í mótmælaskyni

Fram kom á Vísi í fyrradag að kona ein á Akureyri sem glatað hefði fjármunum í Landsbankanum hefði tekið stól út úr útibúi bankans á Akureyri. Helgi Teitur Helgason útibússtjóri sagði þar um mótmæli að ræða og gerði ekki mikið úr atvikinu. Er þetta ekki ágætishugmynd fyrir fólkið fyrir sunnan sem vill mótmæla með svipuðum hætti í Reykjavík, það mætti til dæmis taka málverk úr útibúinu við Austurstræti í Reykjavík.




### Stillimyndin

Skjáreinn sýndi einungis stillimynd í gærkvöldi frá klukkan 17. Með þeim hætti voru áhorfendur hvattir til að skrifa undir áskorun til menntamálaráðherra og ríkisstjórnar Íslands um að leiðrétta ójafnt samkeppnisumhverfi einkarekinna sjónvarpsstöðva. Einhver gæti talið þetta ágætisaðgerð til að hvetja fólk til að halda stillingu á þessum óvissutímum.



### Innheimtufyrirtækjafjöld

Mörg fyrirtæki nýta sér fjármálaráðstefnu Samtaka sveitarfélaga til að kynna þjónustu sína. Þannig mátti sjá að ýmsar fjármálastofnanir – já þær eru til – voru með bás á Hilton hótel í gær, Skýrr, Rekstrarvörur og fleiri.

Mest áberandi voru þó innheimtufyrirtækin sem voru með bása í röðum og gáfu penna, kaffi, upptakara, nammi, gos og bjór; allt til að kynna háþróaða innheimtustarfsemi sína. Hvort skuldunautar sveitarfélaganna verða illþyrmilega varir við þessa góðu markaðssetningu skal ósagt látið.

jse@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




## Aðgerðir til varnar heimilunum

UMRÆÐAN

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um greiðslubyrði vegna húsnæðislána


JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Ríkisstjórnin hefur að undanförnu skipulagt margvíslegar aðgerðir til að verja heimilin í landinu vegna efnahagsvanda þjóðarinnar. Sumum aðgerðum hefur þegar verið hrint í framkvæmd, aðrar krefjast lagabreytinga sem unnið er að.

Um miðjan október var nýju ríkisbönkunum send tilmæli um að frysta afborganir myntkörfuléna tímabundið væri þess óskað og bjóða viðskiptavinum sínum sem eru í greiðsluvanda vegna húsnæðislána sömu úrræði og Íbúðalánasjóður. Einnig er væntanlegt lagafrumvarp sem miðar að því að koma í veg fyrir misgengi launa og vísitölubundinna lána. Greiðslubyrði vegna húsnæðislána verður mun viðráðanlegri en ella, verði frumvarpið að lögum.

Á Alþingi er nú til umfjöllunar frumvarp til laga meðal annars um að sporna við vaxandi atvinnuleysi sem er ætlað að ýta undir að atvinnurekendur semji um lægra starfshlutfall við starfsfólk sitt í stað þess að grípa til hópuppsagna. Samkvæmt því verður unnt að greiða atvinnuleysisbætur á móti lægra starfshlutfalli í mun lengri tíma en áður og skerðing bóta vegna launagreiðslna fyrir hlutastarf verður felld niður.

Íbúðalánasjóður hefur á síðustu vikum fengið auknar heimildir til að mæta vanda lántakenda í greiðsluerfiðleikum. Sjóðurinn getur nú boðið fólki að greiða ekki af höfuðstól láns heldur einungis vexti og verðbætur vegna þeirra í tiltekinn tíma þyki það líklegt til að leysa úr greiðsluerfiðleikum. Unnt er að fá skuldbreytt til afborganir lána hafi fólk keypt sér húsnæði en ekki tekist að selja eldri íbúð og innheimtuaðgerðir sjóðsins hafa verið mildaðar verulega. Framantaldar heimildir koma til viðbótar eldri úrræðum Íbúðalánasjóðs sem felast í skuldbreytingu vanskila, lengingu lána og frystingu afborgana í allt að þrjú ár.

Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga sem heimilar Íbúðalánasjóði að lengja lán vegna greiðsluerfiðleika verulega. Samkvæmt frumvarpinu fær sjóðurinn einnig heimild til að leigja eða fela öðrum að annast leigumiðlun með íbúðir sem sjóðurinn hefur leyst til sín. Markmiðið er að gera fólki kleift að búa áfram í íbúðunum gegn leigu og koma þannig í veg fyrir að það þurfi að hrekjast af heimilum sínum með litlum fyrirvara.

Frumvarp fjármálaráðherra um tímabundið afnám stimpilgjalda vegna skilmálabreytinga á lánum vegna greiðsluerfiðleika er einnig í meðförum þingsins. Að lokum má nefna að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur verið efld verulega með fjölgun stöðugilda, en mikil og vaxandi eftirspurn er eftir ráðgjöf sem þar er í boði.

Ég hvet fólk til þess að kynna sér tiltæk úrræði sem mögulega geta nýst þeim í greiðsluerfiðleikum og sömuleiðis að fylgjast vel með breytingum vegna nýrra úrræða sem eru í vændum. Fólk getur snúið sér beint til þeirra stofnana sem í hlut eiga en einnig bendi ég sérstaklega á upplýsingasíðu sem sett var á fót vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði á slóðinni: www.felagsmalaraduneyti.is/upplysingar

*Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**AFMÆLISVEISLA Í NONNAHÚSI** verður haldin sunnudaginn 16. nóvember í tilefni þess að Jón Sveinsson, eða Nonni hefði orðið 151 árs þennan dag. Veislan stendur frá klukkan 13 til 16 og lesið verður fyrir börn úr bókum sem Nonni sjálfur las þegar hann bjó í húsinu sem barn.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447






Aðeins ein vika eftir!

Villibráðarhlaðborðinu lýkur 19. nóvember

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 20. nóv.
Tilboð mán.-þri. 6.250 kr. — Verð: 7.250 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is

Hringbrot




Guðrún Möller segir nauðsynlegt að eiga góð áhöld í eldhússkúffunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Leynivopnin í eldhúsinu

**Guðrún Möller gefur lítið fyrir afrek sín í eldhúsinu en segist klóra sig fram úr uppskriftum fái hún undirbúningstíma. Góð áhöld segir hún nauðsynleg við eldamennskuna.**

„Ég er nú enginn snillingur í eldhúsinu, það er alveg vitað mál, en ég veit þó að góðir hnífar eru nauðsynlegir," segir Guðrún Möller, framkvæmdastjóri Snyrtiakademíunnar, þegar hún er innt eftir því hvaða leynivopn hún eigi sér í eldhúsinu.

„Maður þarf að eiga góðan brauðhníf og góðan hníf til að skera kjúklingabringurnar. Svo finnst mér líka, þegar verið er að borða góðan mat, að það verði að nota almennilega steikarhnífa til að komast í gegn."

En ætli Guðrún forðist eldamennskuna fyrst hún gerir svo lítið úr hæfileikum sínum í eldhúsinu?

„Nei, ég elda nú alveg en ég fengi kannski ekki hæstu einkunn fyrir matinn," segir hún hlæjandi. „Ég elda voða mikið venjulegan heimilismat. Við borðum mikinn fisk og svo góða kjúklingarétti. Þeir eru í uppáhaldi hjá fjölskyldunni. Ég er samt ekki dugleg að prófa mikið nýtt og þarf svolítið að fara eftir uppskriftum. Ég get ekki bara sett slettu af þessu og slettu af hinu út í, því miður. En mér finnst gaman að elda þegar ég er komin af stað. Það er skelfilegt að þurfa að ákveða hvað á að vera í matinn en ef einhver sæi um það fyrir mig gæti ég alveg klórað mig fram úr því sem á að gera."

Það verður ekki hjá því komist að spyrja um jólabaksturinn þegar alltaf styttist í jólin og Guðrún segist hafa gaman af því að baka.

„Ég var dugleg að baka og er duglegri í því en við eldamennskuna. Ég baka alltaf brúna lagtertu fyrir jólin og kannski tvær, þrjár smákökutegundir. Þá nota ég uppskriftir sem hafa gengið í minni fjölskyldu síðan ég man eftir mér." Innt eftir uppáhaldsmatnum sínum segist hún ekki eiga neitt uppáhald. „Mamma gerir samt góða aspassúpu og tengdapabbi gerir frábærar fiskibollur."

*heida@frettabladid.is*


Íslensk hrísgrjón!

Við hjá Nings erum afar stolt af því að geta boðið upp á ljúffenga og bráðholla rétti þar sem uppistaðan er íslenskt lífrænt ræktað bygg. Byggið er ræktað af Eymundi bónda í Vallanesi á Héraði og kallar hann byggið ***„hrísgrjón norðursins"***.

Íslenskt bygg með kjúklingi, grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
**Kynningartilboð** lítill 590 kr. | stór 990 kr.

Íslenskt bygg með grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
**Kynningartilboð** lítill 390 kr. | stór 690 kr.

Viðskiptavinum stendur einnig til boða að fá íslenskt bygg í stað hvítra hrísgrjóna í flesta rétti sem Nings býður upp á.



| Næringargildi í 100g af byggi | |
|---|---|
| Orka kkal. | 319 |
| Orka kj. | 1334 |
| Prótein | 11,8 |
| Kolvetni | 65 |
| Fita | 1,9 |
| Trefjar | 12,3 |

www.nings.is

TRANS FITA LO SALT MSG

NINGS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

# ;HELGIN

**SPRENGJUHÖLLIN OG HJALTALÍN** spila í Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar á Eskifirði í kvöld og hefjast tónleikarnir klukkan 20. Annað kvöld, laugardagskvöldið 15. nóvember, leika hljómsveitirnar svo á Hótel Valaskjálfi frá klukkan 23.






**Vetrarstígvél**
Nýkomið úrval af flottum leðurstígvélum fóðruðum með flís.
Margar gerðir.
Litir: svart, brúnt og rautt.
Stærðir: 36 - 42
**Verð frá 16.785.- til 22.895.-**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*

**Amethyst - mjög glæsilegur "push up"**
haldari í BCD skálum
á kr. 6.990,-"



**MISTY** - LAUGAVEGI 178,
105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




Lind Hilmarsdóttir skartgripahönnuður og Bryndís Sigurðardóttir, verslunarstjóri Rammagerðarinnar, hlakka til handverksdagsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


;ALLT HEILSA
Alla fimmtudaga


# Jólin í Rammagerðinni

**Jólin koma oftast snemma í Rammagerðinni þegar jólasveinarnir eru settir út í glugga 1. nóvember. Á laugardaginn verða rifjaðir upp gamlir tímar og boðið upp á íslenskt handverk, kakó og kleinur.**

„Næsta laugardag, 15. nóvember, ætlum við að rifja upp gamla tíma þegar fólk gerði sér ferð í miðbæinn til að sjá jólasveinana og fá sér kakó," segir Bryndís Sigurðardóttir, verslunarstjóri Rammagerðarinnar. Gestum og gangandi verður boðið að kynna sér íslenskt handverk á handverksdegi í Rammagerðinni þar sem færir listamenn sýna verk sín og vinnulag og einnig verður boðið upp á heitt kakó, kleinur og piparkökur.

„Aldís Bára Einarsdóttir, einn færasti leirkerasmiður Íslands, kemur með heilan rennibekk og ætlar að renna og leyfa fólki að prófa. Síðan kemur Örn Sigurðsson, rennismiður og útskurðarmaður, líka með rennibekkinn sinn og hann ætlar að sýna hvernig hann sker út gestabækur auk þess sem hann sýnir fleiri muni. Lind Hilmarsdóttir skartgripasmiður mun einnig sýna handverk úr náttúrulegum steinum og veita ráðleggingar um skartgripasmíði. Svo bættist í hópinn kaffilistamaðurinn Bergur Thorberg sem málar myndir með kaffi. Hér verða líka prjónakonur sem veita ráðleggingar en þær munu prjóna vesti og lopapeysur," segir Bryndís ánægð. Opnað verður klukkan tíu um morguninn og verður dagskrá til sex um kvöldið. „Aldís mætir fyrst manna klukkan tíu en um tvöleytið verða allir hinir komnir á svæðið," segir Bryndís spennt.



Jólasveinarnir í gluggum Rammagerðarinnar mæta á svæðið 1. nóvember ár hvert og hafa gert lengi, mörgum til mikillar gleði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sú hefð hefur lengi verið að setja jólasveina í glugga Rammagerðarinnar 1. nóvember og áður fyrr var Rammagerðin alltaf fyrst með jólin. „Í gamla daga þegar Haukur Gunnarsson var framkvæmdastjóri var Rammagerðin alltaf með svo flotta glugga um jólin og þetta höfum við haldið í. Ein jólin átti eitthvað að fara að breyta og það varð bara eiginlega lögreglumál. Ég var tekin á beinið og spurð hvar jólasveinarnir væru," segir Bryndís og hlær.

Bryndís finnur fyrir miklum áhuga á íslenskri framleiðslu sem og áhuga á að framkvæma. „Þeir Íslendingar sem voru lagstir í leti eru allir risnir upp og vilja fara að gera eitthvað!" segir hún brosandi. „Í öllu baslinu þá höfum við þó haft gott af. Allir eru að vakna til lífsins og vilja bjarga sér og framleiða hér heima."

*hrefna@frettabladid.is*


HANSKADAGAR
30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM RÚSSKINNSHÖNSKUM
3 daga frá fimmtudegi til laugardags



*( 2.800.- kr.)*
**Nú 1.960. kr.**
Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

BÍLKÓ
*Þjónustumiðstöð bílsins*

- Hjólbarðaþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðuþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager
- Bílkó þjónusta

Hjólbarðaþjónusta
HRÖÐ OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
**Opið 10-16 laugardaga**



BRIDGESTONE Sunny Cooper TIRES HERCULES TIRES GOODYEAR

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

# Tónlist til styrktar ADHD

**Fimmtánda árið í röð halda Caritas-samtökin á Íslandi tónleika til styrktar góðgerðamálum. Fyrir marga marka tónleikarnir upphaf aðventunnar og í ár fara þeir fram í Kristskirkju við Landakot.**

Caritas-samtökin á Íslandi standa fyrir styrktartónleikum í þágu ADHD-samtakanna á sunnudaginn. Tónleikarnir fara fram í Kristskirkju við Landakot klukkan 16. Meginmarkmið Caritas-samtakanna er að stuðla að félagslegu réttlæti í heiminum og styðja við bakið á þeim sem minna mega sín.

„Kristján Jóhannsson tenór verður með okkur en hann var svo elskulegur að gefa okkur alla sína vinnu og á hann þakkir skilið. Hann flaug meðasl annars hingað frá Ítalíu með lágfargjaldaflugi til að halda öllum kostnaði niðri,“ segir Sigríður Ingvarsdóttir, formaður Caritas á Íslandi. Sigríður segir hljómburðinn í Kristkirkju með því besta sem þekkist hérlendis. „Það er því tilhlökkunarefni að hlusta á hann syngja þar.“

Þetta er fimmtánda árið í röð sem Caritas-samtökin á Íslandi standa fyrir styrktartónleikum í þágu góðgerðarmála og fjórða skiptið sem þau styðja við ADHD-samtökin. ADHD-samtökin halda utan um börn sem greinst hafa með taugaraskanir sem koma meðal annars fram í ofvirkni, athyglisbresti og hvatvísi.

„Þessi börn eiga oft erfitt uppdráttar í skólakerfinu og sjálfsmat þeirra er lágt. Allur ágóði tónleikanna rennur óskiptur til samtakanna en þau hafa búið við fjárskort og við hjá Caritas viljum leggja þeim lið. Það er ekki síst á þessum erfiðu tímum sem einmitt þessi börn verða út undan.“

Margir helstu listamenn þjóðarinnar leggja málefninu lið. Meðal þeirra sem fram koma auk Kristjáns Jóhannssonar eru Hulda Björk Garðarsdótir sópran, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari og Hulda Jónsdóttir á fiðlu, svo einhverjir séu nefndir. Auk þess koma fram Vox Femine, undir stjórn Margrétar Pálmadóttur og strengjakvartett spilar undir með Kristjáni.

„Þarna verður flutt tónlist allt frá endurreisnartímanum til dagsins í dag. Fyrir marga marka Caritas-tónleikarnir upphafið á aðventunni og margt fólk sem kemur ár eftir ár til að njóta og leggja góðu málefni lið. Tónlistin er nærandi fyrir sálina og mikill friður sem hefur fylgt þessum tónleikum,“ segir Sigríður og lofar gestum mikilli upplifun.

„Ég hlustaði sjálf á Kristján fyrir nokkrum árum í Metropolitan-óperunni, í Grímudansleiknum eftir Verdi, og þar ætlaði allt vitlaust að verða af hrifningu. Í öllum samskiptum við okkur í Caritas samtökunum hefur hann verið yndislegur og er mjög umhugað um málefnið.“

Forsala miða er í Pennanum Eymundsson í Austurstræti og hjá ADHD-samtökunum en einnig verða miðar seldir við innganginn.

*heida@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigríður Ingvarsdóttir, formaður Caritas-samtakanna, segir tónleikana marka byrjun aðventunnar fyrir marga.



„Kristján hefur frábæra rödd, er sviðsvanur og kann öll þau litlu smáatriði sem skipta máli fyrir góðan óperusöngvara,“ segir Sigríður. MYND/ÞÖK


# Handverksmarkaður RAUÐA KROSSINS 15. nóvember

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur handverksmarkað **laugardaginn 15. nóvember kl. 10-18** í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð. Selt verður handverk sjálfboðaliða deildarinnar, sauma- og prjónavörur, kökur og annað föndur. Einnig verður **handverk frá Mósambík** til sölu, skartgripir, box, töskur, batik-myndir og fleira.

**Allur ágóði af markaðnum rennur til að styrkja ungmenni Rauða kross deildar Maputo-héraðs í Mósambík.**

Nemendur MK í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf sjá um markaðinn.

Tilvalið að setja í jólapakkana og styrkja gott málefni í leiðinni

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

ALLT BÍLAR

Alla laugardaga



Dvöl

opið hús alla laugardaga

Markmið með starfsemi Dvalar er að rjúfa félagslega einangrun, auka lífsgæði og efla andlega, líkamlega og félagslega vellíðan.

Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar bjóða gesti velkomna í Dvöl á laugardögum, boðið er upp á léttan hádegisverð.

Hægt er að kynna sér starfsemi Dvalar, spila, máta, slaka á eða tala saman.

Dvöl er samstarfsverkefni Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands, Kópavogsbæjar og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi.

Almenn starfsemi fer fram í húsinu alla virka daga kl. 9-16 (10-16 á fimmtudögum)

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Reynihvammi 43 // Kópavogi // sími 554 1260// dvol@redcross.is // www.redcross.is/dvol

hádegi / kvöld

GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ



ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

DOMO

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“



**FÍNMALAÐ KAFFI** er ágætt að geyma í frystihólfinu. Ef kaffið er geymt of lengi við stofuhita getur nefnilega komið leiðinlegur keimur af því, sérstaklega ef kaffipokinn er opinn.




Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is


# Alúðlegt atlæti og krásir

**Við Austurvöll ræður rómantíkin ríkjum, í skjóli sögulegra bygginga og ekta reykvísks andrúmslofts. Þar hefur nú verið opnað kaffihús sem býður ilmandi krásir, friðsælt athvarf og stimamjúka þjónustu.**

„Mig langaði að opna fallegan stað fyrir þá sem kjósa notalegt andrúmsloft, rólegheit, góðan viðurgjörning og úrvals þjónustu, á þessu sjarmerandi torgi við Austurvöll sem býður útsýn yfir á tignarlega Dómkirkjuna og Alþingishús okkar Íslendinga,“ segir Jón G. Bjarnason veitingamaður á Kaffi Central, sem opnaði í Pósthússtræti 13 í byrjun nóvember. Jón rak áður hinn rómaða veitingastað Café Bleu í Kringlunni um árabil, en seldi hann í vor.

„Þá hafði ég fengið þessa fínu sumarvinnu sem ég vonaði að yrði framhald á, en þegar kreppan skall á varð ekkert meira úr því. Á sama tíma leit út fyrir að margir í fjölskyldunni myndu missa vinnunna svo ég ákvað, þar sem ég átti enn nokkurt fé eftir söluna á Café Bleu, að taka sénsinn og skapa sjálfum mér og fjölskyldunni atvinnu,“ segir Jón og bætir við að mörgum þyki hann djarfur að opna veitinga- og kaffihús á tímum sem þessum, en segist bjartsýnn að eðlisfari og búa yfir ríkulegri sjálfsbjargarviðleitni.



Jón G. Bjarnason, veitingamaður á Kaffi Central, við barborðið á nýopnuðu kaffihúsi sínu við Austurvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það var annaðhvort að hrökkva eða stökkva, því ég hef fyrir fjölskyldu að sjá og það þýðir ekki að leggjast í kör. Öll él styttir upp um síðir, og ef allt um þrýtur hætti ég í það minnsta sem stoltur maður. Ég er ungur og hraustur; á lífið fram undan og undir sjálfum mér komið hvernig til tekst,“ segir Jón brosmildur og víst að gestir hans eiga von á góðu í mat, drykk, andrúmslofti og þjónustu, sé miðað við alkunnar veitingar og atlæti á Café Bleu undir hans stjórn.

„Café Bleu gekk ljómandi vel, en þá var konan í eldhúsinu, börnin í uppvaskinu og ég í slagnum frammi,“ segir Jón, sem einnig var veitingastjóri á Café París í áratug. „Við höfum alltaf lagt áherslu á að vanda okkur og þá láta góðar viðtökur ekki á sér standa. Við leggjum mikið upp úr fegurð og notalegheitum innanstokks, bjóðum blandaða, létta og ódýra rétti og stöndum ávallt vaktina með vandvirkni að vopni.“

Kaffi Central er opið daglega frá 10 til 24, og til 1 um helgar.

*thordis@frettabladid.is*


Jólablað Fréttablaðsins

kemur út þriðjudaginn 25. nóvember

Matur, gjafir, viðtöl, föndur og fleira

Allt um jólaundirbúninginn, jólamatinn og jólastemmninguna í Jólablaði Fréttablaðsins 2008.




Nánari upplýsingar veita:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is & Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 14. nóvember 2008



Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona ferðast um Suðurland, vinnur í París og gefur út sína þriðju plötu í Asíu.

# Á FARALDSFÆTI

## SYNGUR LÖG VILLA VILL

Friðrik Ómar gefur út plötu með upptöku af minningar-tónleikum í Salnum.

## HÉLT FLOTT ÚTGÁFUPARTÍ

Yesmine Olsson gefur út aðra framandi og freistandi matreiðslubók.

## VINSÆLT Í KREPPUNNI

Metravara, krukkur og geymslubox rjúka út úr verslunum í dag.




eitthvað alveg
einstakt



Ásgeir Smári
opnar sýninguna
SJÓNARHORN
laugardaginn
15. nóvember kl.14
Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

# núna

✻ settu disk í spilarann



## ÁRNI RÚNAR HLÖÐVERSSON TÓNLISTARMAÐUR

„Það verður hljómsveitaræfing í dag en eftir mótmælin á morgun klukkan fjögur verðum við í FM Belfast með tónleika á Smiðjustíg. Seinna um kvöldið ætlum við að spila í Laugardalshöllinni á tónleikum sem kallast áfram með lífið. Mér dettur ekkert í hug hvað ég ætla að gera á sunnudaginn. Ég hugsa ekki svo langt.“

helgin MÍN



### Í magadansi á Akureyri

Útvarpskonan Margrét Erla Maack er ekki aðeins að gera það gott í Popplandinu á Rás 2, því hún starfar einnig sem plötusnúður á Thorvaldsen og kennir magadans í Kramhúsinu. Margrét Erla hefur nú verið fengin til Akureyrar til að kenna maga- og Bollywooddansa í líkamsræktarstöðinni Átak um helgina og þrátt fyrir fimm tíma kennslu báða dagana ætlar hún ekki að láta sig vanta á tónleika með 200.000 naglbítum og Lúðrasveit verkalýðsins í íþróttahöllinni.

þetta HELST



### Spila Stolt siglir fleyið mitt

Það eru fleiri að gera það gott úti á landi því hjónin svavar pétur eysteinsson og Berglind Häsler, sem búa á seyðisfirði, hafa gert nýja útgáfu af hinu sígilda lagi Gylfa Ægissonar, Stolt siglir fleyið mitt. Lagið er nú fáanlegt ókeypis á síðunni skakkappopp.is og er dúett þeirra, Létt á bárunni, skráður fyrir gjörningnum. Svavar og Berglind eru einnig forsprakkar hljómsveitarinnar Skakkamanage sem gefur út sína aðra plötu, All over the Face, á næstunni.

Friðrik Ómar gefur út plötu með lögum Vilhjálms Vilhjálmssonar:

# LÖG VILLA VILL ALDREI OF OFT SUNGIN

Margir spurðu mig af hverju ég söng ekki á tónleikunum í Laugardalshöllinni því ég hef sungið lög Vilhjálms í nokkur ár,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari sem gefur út plötu með upptöku af minningartónleikum Vilhjálms Vilhjálmssonar í næstu viku. Tónleikana hélt hann í Salnum á dánardegi Vilhjálms, 28. mars, en upprunalega ætlaði hann að halda minningartónleikana í Laugardalshöllinni. „Ég fékk þessa hugmynd og bókaði höllina haustið 2007. Ég var búinn að borga staðfestingargjald og hafði kynnt hugmyndina fyrir aðstandendum Vilhjálms þegar haft var samband frá Bravo, sem vildi koma að tónleikunum með mér. Við töluðum svo við Magnús Kjartansson um að koma fram sem fyrrum samstarfsmaður Vilhjálms, en hann tjáði okkur að hann ætlaði frekar á móti okkur með aðra tónleika á sama degi,“ útskýrir Friðrik.

„Rétt eftir áramótin fékk ég svo símtal frá Bravo og mér tilkynnt að búið væri að ganga frá samkomulagi við Jón Ólafsson og Magnús Kjartansson um að halda tónleikana, en þá var ég staddur í fríi á Taílandi. Þeir sögðust samt vilja hafa mig með og endurgreiða mér staðfestingargjaldið á höllinni svo ég gaf þeim húsnæðið eftir, en þá hættu þeir við tónleikana á fyrirhuguðum tíma því þeir voru á byrjunarreit hvað varðar skipulagningu,“ segir Friðrik. „Ég vildi ekki standa í neinu veseni. Ætlaði bara að halda flotta tónleika og var meðal annars búinn að sýna Magnúsi og aðstandendum Vilhjálms hugmynd um að stofa minningarsjóð í nafni hans í tengslum við tónleikana,“ bætir hann við. „Tónleikarnir var eitthvað sem mig hafði lengi langað til að gera svo ég ákvað að slá til, pantaði Salinn í Kópavogi og fékk Guðrúnu Gunnarsdóttur, Stefán Hilmarsson og Pálma Gunnarsson til að syngja með mér. Sú ákvörðun varð til þess að minnar nærveru var ekki óskað á tónleikunum í höllinni,“ útskýrir Friðrik.

„Lögin hans Vilhjálms verða aldrei of oft sungin svo við ættum að gleðjast yfir hversu margir fóru á tónleika í ár til að hlýða á þau, hvort sem það var í Salnum eða annars staðar,“ segir Friðrik. *- ag*



**Þjóðareign** „Vilhjálmur er þjóðareign og mér þykir afar vænt um lögin hans,“ segir Friðrik Ómar.




## Árangur fer eftir gæðum
## Hvaða Spirulina ert þú að taka?

**29** vítamín og steinefni · **18** amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Aukið úthald, þrek og betri líðan




**Gott fyrir ræktina og mikið álag.**
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu.
Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni. www.celsus.is


Þuríður Stefánsdóttir gefur út bók:

# Kennir konum réttu handtökin

„Ég er búin að bíða eftir svona bók á íslensku heillengi og finnst hálf skrítið að það var ég sem var fyrst til að gera hana,“ segir Þuríður Stefánsdóttir, höfundar bókarinnar Förðun, þín stund. Í bókinni kennir hún alla helstu grunntækni í förðun fyrir konur á öllum aldri, en Þuríður hefur starfað sem snyrti- og förðunarfræðingur um árabil, hannað eigin förðunarlínu og haldið námskeið. „Þessi bók er íslensk framleiðsla frá a til ö. Yngsta módelið er þrettán ára og það elsta er 83 ára, svo hún er fyrir konur á öllum aldri þó svo að hún líti út fyrir að vera svona ungpíubók,“ bætir hún við og segist sannfærð um að bækur verði vinsælasta jólagjöfin í ár. „Fólk er kannski ekki að gefa demanta og flatskjái þessi jól. Það er til mikið af sjálfshjálparbókum um andlega líðan, en ég lít á þessa bók sem svona sjálfshjálparútlitsbók, því þegar maður lítur vel út líður manni betur,“ segir Þuríður. *- ag*



**Förðun** Í nýrri bók Þuríðar kennir hún konum grunntækni í förðun.

✻ augnablikið



**LITRÍK** Katy Perry hefur víða vakið athygli fyrir klæðaburð sinn og mætti í þessum bláa kjól og gulum skóm á MTV-verðlaunahátíðina í Liverpool á dögunum. Takið líka eftir litla veskinu.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is*
**Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# LAGERSALA!

## 50 - 90% afsláttur!

# LOKADAGAR!






Vönduð garðhúsgögn frá Saccaro, Sun Furniture, Garden Signature og Royal Teak

**Ótrúlegt úrval**
**Ótrúleg verð**

Verðdæmi:



Nú frá aðeins kr.
**4.900,-**

Sólbekkir (þessir tveir gráu í miðjunni á tilboði kr. 4.900,- áður kr. 49.000,-)

Lagersala Signature er einungis að Vesturhrauni 3 í Garðabæ.

**Grípið tækifærið! OPIÐ:**
**Í dag frá kl. 13 - 18**
**Um helgina frá kl. 13 -17**

Sími 565 3399

Signature
••• húsgögn

# núna

✻ Kósí í kreppunni




**NÁTTÚRULEGAR VÖRUR** Yes to Carrots er náttúruleg húð- og hárlína unnin úr gulrótarsafa og -seyðum. Vörurnar eru án rotvarnarefna svo þær eru góðar fyrir allar húðgerðir og ekki spillir fyrir hversu ódýrar þær eru. Yes to Carrots-vörur fást í snyrtivörudeild Pier og eru þrjár á verði tveggja til næsta fimmtudags. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup.

## ✻ algjört möst

**1** **Konungur poppsins klikkar ekki. Skelltu Silfursafninu á fóninn og þú ferð ósjálfrátt að dilla þér.**





**Köflóttar Vivienne-sokkabuxur í Oroblu trendlínunni eru alveg málið í vetur.**

**2**

**3**



**Tvískiptur mineralize-augnskuggi frá Mac gefur rétta lúkkið. Til í mörgum litum.**

**4**



**Vatnsheldur Volume clubbing-maskari frá Bourjois stenst rigningu, rok og djamm fram á rauða nótt.**





**Jarþrúður Karlsdóttir tónlistarmaður**

# GANGANDI ÆVINTÝRI

***Getur þú lýst þínum stíl?*** Hann er mjög óreiðukenndur. Þórdís Elva leikskáld segir að ég sé gangandi ævintýri, ég veit ekki með það. Nema það séu alls konar kynjaverur og afturábak-reykur í ævintýrinu. Þá er ég til.

***Hvað dreymir þig um að eignast í vetur?*** Nýtt píanó og góðan mæk. Hlýja vettlinga, bönd á húfuna mína svo hún hætti að fjúka af mér og góða mótmælakápu. Þó að ég voni að ég þurfi ekki að nota hana í mótmæli í allan vetur.

***Hvað keyptir þú þér síðast?*** Bikiní, loftfimleikarólu og ukulele.

***Uppáhaldsverslun?*** Hljóðfærabúðir toga alltaf meira í mig en fatabúðir. Samt fer plássið í fataskápnum einhverra hluta vegna síminnkandi.

***Uppáhaldsfatamerki?*** Nei.

***Finnst þér merki á fötunum skipta máli?*** Aðallega stærðarmerkingin. Svo man ég stundum eftir að kíkja á þvottamerkingarnar.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Ég er gangandi tískuslys. Sérstaklega þegar ég fer í Kjötborg á morgnana.

***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Rosalega margt.

***Hvaða snið klæðir þig best?*** Gerviskeggið sem Nico bjó til klæðir mig mjög vel.

***Af hvaða líkamsparti ertu stoltust og hvernig undirstrikar þú það með klæðaburði?*** Heilanum, huganum, þessu sem sem fær mig til að virka, hvað sem það nú er. Spurning um að fá mér blikkandi ljósaperuhatt.

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** Ég er skuggaleg. En það er leyndarmál, ekki segja neinum.






1 Snagi sem er eins og hreindýrahaus
2 Hálsmen af ýmsum stærðum og gerðum
3 Þetta er svona kreppumótmælatíska.
4 Þessi rauði kjóll hefur farið á rauða dregilinn í Cannes, ég lánaði Veru vinkonu minni hann.
5 Þægilegustu inniskórnir mínir.






40%
afsláttur
af öllum
húsgögnum
JÓLASVEINAR
690 KR
öðruvísi
jól
í Pier
JOLAKÚLUR 790 KR
JOLAPOKAR 590 KR
FIÐRILDI 790 KR
BOLLI OG DISKUR 1.490 KR
the PIER
nýtt kortatímabil
tilboðin gilda frá
14. til 20. nóvember
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ÞRIÐJA PLATAN Í ASÍU

**Kristjana Stefánsdóttir gaf nýlega út sína fimmtu sólóplötu. Hún fagnaði fertugsafmælinu sínu í vor, er um það bil að fara í tónleikaferðalag um Suðurland og gefa út sína þriðju plötu í Asíu.**

*Viðtal:* Alma Guðmundsdóttir
*Ljósmyndir:* Anton Brink



**Fimm sólóplötur** Tvær plötur Kristjönu hafa komið út í Asíu og á næstu dögum skrifar hún undir útgáfusamning fyrir þá þriðju, Better Days Blues.

Kristjana er fædd og uppalin á Selfossi. Tónlistin hefur alla tíð verið stór hluti af lífi hennar og söngáhuginn kviknaði snemma. „Í skólanum var tónmennt einu sinni í viku, þar fékk ég tækifæri til að syngja sóló og var alltaf tilbúin til þess ef hinir vildu það ekki. Ég byrjaði átta ára í kór og söng sem sólóisti alveg þangað til ég útskrifaðist úr fjölbrautarskóla,“ útskýrir Kristjana og segist alltaf hafa ætlað sér að verða söngkona.

„Þegar ég var sautján ára bauðst mér að syngja með hljómsveitinni Lótus á Selfossi. Mér fannst svolítið eins og ég ætti bara að vera sæt og syngja, en ég hafði skoðanir, gott tóneyra og heyrði alltaf þegar spilaðar voru einhverjar vitleysur. Það pirraði mig rosalega að geta ekki útskýrt hvað það var sem ég heyrði og hætti í hljómsveitinni skömmu seinna, en þá beit ég það í mig að ég skyldi læra meira,“ segir Kristjana. „Ég byrjaði að syngja með Mánum í Inghóli á Selfossi og stofnaði svo upp úr því hljómsveitina Karma með Ólafi Þórarinssyni. Við spiluðum á sveitaböllum í þrjú ár, en þá komu stórbönd eins og Sálin inn á markaðinn og þegar pöbbarnir komu breyttist stemningin. Þá höfðum við verið með þrjú til fimm hundruð manns á balli hverja helgi, öll sumur, allt frá unglingum upp í rígfullorðið fólk,“ segir Kristjana sem vann fyrir sér með söngnum og lagði sitt af mörkum til heimilisins þar sem hún bjó með móður sinni og yngri systur, en foreldrar hennar skildu þegar hún var fjögurra ára.

## DJASSINN HEILLAR

Eftir að Kristjana kláraði stúdentinn lá leiðin í söngnám við Söngskóla Reykjavíkur, en hún segir hönnunarnám einnig hafa togað í sig. „Á tímabili var á vogarskálunum hvort ég færi í tónlistina eða í grafíska hönnun. Ég hef mikla þörf fyrir að skapa, ég bæði teikna, mála og sauma mikið út. Móðuramma og föðuramma mín voru miklar listakonur, stunduðu handavinnu og bókband, pabbi spilaði á selló, mamma á píanó og þau voru bæði fínir söngvarar. Pabbi spilaði mikinn djass og mamma var líka dugleg að fara með okkur systkinin á sinfóníutónleika. Ég var 22 ára þegar ég var heima hjá ömmu og heyrði þátt á Gufunni um Ellu Fitzgerald með Tómasi R. Einarssyni. Þar heyrði ég hina frægu útgáfu Ellu af „How High The Moon“ með átta mínútna skattsólói og ég lamaðist bara. Þegar ég heyrði Tómas svo segja að þátturinn yrði endurtekinn seinna um kvöldið hljóp ég út í kaupfélag og keypti kasettu sem ég tók þáttinn upp á og á hana enn í dag,“ útskýrir Kristjana og hlær, en segir þarna hafi hún fyrst fundið að hana langaði að læra djasssöng.

„Rétt áður en pabbi lést kom hann og hlustaði á mig syngja mitt fyrsta djassgigg á Hótel Örk með Karli heitnum Sighvatssyni, sem var þá organisti í Hveragerði, en pabbi var þá orðinn mjög hjartveikur. Hann hafði aldrei verið hrifinn af þessu hljómsveitabrölti á mér, en var mikill djassáhugamaður og hvatti mig til að læra meira. Viku síðar ákvað ég að hætta í Karma og sömu nóttina og ég spilaði síðasta giggið með þeim lést pabbi,“ útskýrir Kristjana sem hélt til Hollands í djassnám eftir að hún útskrifaðist úr Söngskólanum.

## HEILBRIGÐUR LÍFSSTÍLL

Starfi Kristjönu fylgir óreglulegur vinnutími oft og tíðum, en hún segist kunna því vel og leggur rækt við bæði andlega og líkamlega heilsu dags daglega.

„Ég veit ekki hvort ég gæti unnið á reglulegum tíma að staðaldri, en mig hefur stundum dreymt um að taka mér pásu og vinna í níu til fimm vinnu í smátíma. Ég er samt orðin vön því að eiga kannski frídag á mánudegi í staðinn fyrir helgarnar,“ útskýrir Kristjana sem hugar að heilsunni með reglulegum gönguferðum og hollu mataræði. „Ég er í æðislegum trimmklúbb sem heitir Eins og vindurinn, með nokkrum frábærum listakonum og við hittumst þrisvar í viku. Ég hef tekið svona skorpur á líkamsræktarstöðvum en aldrei fundið mig. Þarna kann ég vel við mig, stunda líka Kundalini-jóga heima hjá mér og svo fer ég reglulega í sund með dóttur minni,“ bætir hún við og segir mataræðið ekki síður mikilvægt. „Ég hef mikinn áhuga á því að elda og eftir því sem maður eldast skynjar maður betur hvað það er sem gerir manni gott. Ég fór til dæmis á sushi-námskeið og súkkulaði sé mesta freistingin. „Ég hef verið miklu duglegri að borða hollan mat undanfarin ár og hef til dæmis tekið allt hveiti og mest allan sykur og salt út úr mataræðinu,“ útskýrir Kristjana, en viðurkennir þó að súkkulaði sé mesta freistingin. „Ég er ekki fanatísk þegar kemur að mat, en ég held að maður verði að breyta mataræðinu á eigin forsendum, ekki af því að allir aðrir eru að gera það.“

## VINSÆL Í ASÍU

Frá því að hún útskrifaðist úr Konunglega Listaháskólanum í Haag í Hollandi árið 2000 hefur Kristjana gefið út fimm plötur. Fyrsta sólóplata hennar, „Kristjana“, kom út í Japan árið 2005 og í fyrra var svo gerð safnplata með völdum lögum Kristjönu og Agnars Más Magnússonar píanóleikara sem gefin var út í Kóreu 2007. Nýjasta plata hennar, Better Days Blues, kom út í haust hér á landi og inniheldur bæði frumsamin lög eftir Kristjönu og önnur vel valin, en platan er sú fyrsta sem hún útsetur alfarið sjálf. Verið er að ganga frá útgáfusamningum ytra en Better Days Blues verður þá þriðja plata hennar sem kemur út í þriðja Asíulandinu á næstu mánuðum. „Það er eitthvað í Austurlöndum sem þeir eru greinilega að fíla, ég veit ekki hvað það er,“ segir Kristjana brosandi.

Auk þess að starfa sem söngkona hefur Kristjana kennt söng við FÍH frá því 2002, tekið leikara í raddþjálfun og leiðbeint keppendum í Idol- og X-factor-sjónvarpsþáttanna. Í vor þreytti hún frumraun sína sem tónlistarstjóri í sýningunni Dauðasyndunum í Borgarleikhúsinu og hefur í kjölfarið verið fengin í annað verkefni í París í desember. „Rafael Bianciotto, leikstjóri Dauðasyndanna, er að fara að setja upp Birting eftir Voltaire í Frakklandi. Við unnum mjög vel saman svo hann bauð mér að vinna með leikhópnum sínum. Ég fer því til Parísar í tíu daga í desember og vinn við raddþjálfun og útsetningar í sýningunni,“ útskýrir Kristjana, en á morgun heldur hún í tónleikaferðalag um Suðurland. Hún hefur leikinn á Café Rósenberg annað kvöld, en í kjölfarið mun hún troða upp á Hellu, Þorlákshöfn og á Selfossi.

## TÍMI BREYTINGA

Aðspurð segist Kristjana svo sannarlega hafa fundið fyrir breyttum aðstæðum í kjölfar kreppunnar, en segist engu síður hafa verið lánsöm að hafa nóg að gera í tónlistinni.

„Ég er búin að heyra af fólki sem er að koma skelfilega út úr þessu og finnst það mjög sorglegt. Kannski er það listamannseðlið í manni, en ég hef aldrei tekið þátt í þessu kjaftæði og á hvorki sjálfvirka kaffikönnu, uppþvottavél né flatskjá. Það eina sem ég daðraði við var hvort ég ætti að henda gamla bílnum mínum eða kaupa mér nýjan í vor, en þá ákvað ég frekar að eyða tugum þúsunda í að láta gera við gamla bílinn því ég á hann. Í dag er ég svo fegin að hafa ekki tekið lán fyrir nýjum bíl að ég klappa honum á hverjum degi,“ segir Kristjana og hlær.

„Ég held að tónlistarsenan eigi eftir að breytast, fólk bíði ekki lengur eftir símtali um stór bankagigg heldur eigi sköpunarkrafturinn eftir að aukast og mikið af spennandi hlutum að gerast. Annaðhvort getur maður lagst í kör og orðið þunglyndur yfir ástandinu eða litið á það sem stórkostlegt tækifæri.“ segir Kristjana að lokum.

## ✻ bak við tjöldin





**Stjörnumerki:** Tvíburi.

**Besti tími dagsins:** Morgunstund gefur gull í mund.

**Geisladiskurinn í spilaranum:** Nýi diskurinn með Kings of Leon og Better Days Blues þar sem ég er að fara að túra um Suðurland.

**Uppáhaldsverslunin:** Góði hirðirinn í Fellsmúla og Mál og menning á Laugaveginum.

**Uppáhaldsmaturinn:** Sushi, ekki spurning.



**Ég lít mest upp til:** Lóu, dóttur minnar.

**Áhrifavaldurinn?** Amma Sjana og Ella Fitzgerald.

**Draumafríið?** Nokkrar vikur í New York með nægan pening til að fara út að borða og droppa í leikhús, tónleika og söfn. Liggja svo á einhverjum flottum snyrti- og spa-stofum í „onduleringu og afslappelsi,“ þess á milli. Býður einhver betur?

**Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?** Bílnum og sjónvarpinu.






Michelle Obama þykir minna á Jackie Kennedy

# Öruggur sigurvegari tískukosninganna



Michelle Obama, eiginkona Baracks og verðandi forsetafrú Bandaríkjanna, stóð sig með mikilli prýði í nýafstaðinni kosningabaráttu og að mati bandaríska vikuritsins Newsweek var hún best klædda konan í baráttunni, og sló þar þeim Söruh Palin og Cindy McCain við án mikillar fyrirhafnar.

Michelle Obama var reyndar þegar farin að vekja athygli fyrir glæsilegan stíl, sem þykir minna dálítið á fyrrum forsetafrú og tískuíkonið Jackie Kennedy, áður en kosningabaráttan hófst fyrir alvöru. Bandaríska tímaritið Vanity Fair valdi hana til dæmis eina tíu best klæddu konum heims sumarið 2007. Í sumar var hún aftur á þessum lista, og þá voru augu heimsins fyrir alvöru farin að beinast að henni.

Obama gengur gjarnan í sterkum litum og þykir farast vel úr hendi að velja þá. Hún er mjög oft á lágum mjóum hælum eins og var mjög vinsælt á sjöunda áratugnum. Fylgihlutir hennar hafa líka vakið athygli, perlur í eyrum og falleg belti.

Amerískir hönnuðir eru í uppáhaldi hjá henni, Calvin Klein, Oscar de la Renta og Donna Ricco kemst þar líka á blað. Hún hefur líka sést í fötum frá H&M sem íslenskar konur þekkja afar vel.

Heimurinn er fullur aðdáunar á Michelle Obama, stíl hennar og fasi. Ekki er nú verra að konan er ljóngáfuð, var bæði í Princeton og Harvard og á glæsilegan starfsferil að baki. 21. aldar kona fyrir Hvíta hús 21. aldarinnar eins og þeir segja.

Systur opna nýja fataverslun:

# Einvera flytur

„Við teljum að þetta sé góður tími til að opna búðina þar sem við leggjum áherslu á íslenska hönnun og framleiðslu," segir Rebekka Rafnsdóttir sem opnar verslunina Einveru á Laugavegi föstudaginn 21. nóvember, ásamt systur sinni, Katrínu Öldu Rafnsdóttur. Þær systur opnuðu búðina upphaflega heima hjá sér á Ægisíðunni í byrjun júlí, en munu nú flytja sig niður á Laugaveg 35.

„Við ætlum að reyna að halda í þessa persónulegu og notalegu stemningu sem var á Ægisíðunni. Við seljum vel valin second handstykki sem við höfum handvalið sjálfar frá London, Berlín, Kanada og New York, í bland við íslensku framleiðsluna," útskýrir Rebekka, en Katrín Alda framleiðir kvenfatnað undir merkinu Kalda sem hún mun selja í versluninni, auk þess sem vörur hennar munu fást í völdum verslunum í London, Berlín og New York innan skamms.



**Flytja** Rebekka og Katrín Alda flytja verslunina Einveru heiman frá sér niður á Laugaveg 35.

„Katrín hefur fengið mjög góð viðbrögð við hönnun sinni og við vonumst til að sjá sem flesta við opnunina næsta föstudag," segir Rebekka. *- ag*

## ALKEMISTINN

**Lára Ómarsdóttir**



ÁHRIFAvaldurinn

„Bókin Alkemistinn eftir Paulo Coelho er frábær bók sem mér finnst að allir eigi að lesa," segir Lára Ómarsdóttir spurð um áhrifavald í lífin sína. „Boðskapurinn í henni er svo góður en hann er meðal annars að öll tækifæri hafa sinn tíma og þolinmæði þrautir vinnur allar. Þetta er frábær saga enda held ég að ég sé svona Alkemisti í mér."

Lára nefnir einnig aðra bók til sögunnar sem áhrifavald í lífi sínu en það er bók Halldórs Laxness Sjálfstætt fólk. „Hana las ég þegar ég var 25 ára og mér fannst hún frábær, hún er frábært bókmenntaverk," segir Lára sem þó tekur skýrt fram að hún hafi ekki viljað líkjast söguhetjunni Bjarti í Sumarhúsum, eiginlega þvert á móti.




„En að lokum verð ég að segja Jesú Krist, hans boðskap og það sem hann stendur fyrir, það þarf ekki að útskýra það nánar," segir Lára.




© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

# heima

✻ fylltu frystikistuna



**KERTI ERU KÓSÍ** Nú þegar skammdegið er skollið á af fullum þunga jafnast fátt á við kertaljós til að skapa notalega stemningu heima fyrir. Það kostar ekki mikið að kaupa nokkur kerti, koma þeim fallega fyrir, kveikja og sjá, heimilið tekur stakkaskiptum.



**Lokkandi lamba-„tagine“ frá Marokkó er kósí í skammdeginu.**

Eldað um helgina...

## MAROKKÓSKT LAMBA-„TAGINE“

Seiðandi krydd frá Norður-Afríku eiga sérstaklega vel við á þessum árstíma. Kanelstangir og negulnaglar gæða mat frá Marokkó mjúkum og næstum jólalegum keim og hefðbundnar „tagine“-kássur eru einmitt tilvalinn matur á köldum nóvemberkvöldum. Uppistaðan í slíkum rétti er oftast lambakjöt eða kjúklingur ásamt grænmeti og kryddi sem borið er fram með couscous-grjónum. Eftirfarandi réttur er stórsniðugur að því leyti að hann getur mallað í stórum potti allan daginn á meðan maður tekur til eða tekur sig til. *- amb*

800 grömm lambakjöt skorið í teninga
Ein og hálf matskeið ólífuolía
1 stór laukur, niðurskorinn
2 stór hvítlauksrif
1 tsk. kanill
1 og hálf teskeið cumin
1 teskeið engifer
Saffran á hnífsoddi
Ein dós af kjúklingabaunum
Ein dós af niðursoðnum tómötum
200 grömm couscous
450 ml lambakjötskraftur
Handfylli af kóríander
Handfylli af myntu
Einn kúrbítur
Salt og pipar.

Brúnið lambið á háum hita í olíunni og setjið það svo til hliðar. Brúnið laukinn og bætið svo kryddinu við (ekki þeim fersku). Setjið kjötið ofan í pottinn ásamt grænmetinu og soðinu. Látið suðuna koma upp en látið svo malla á vægum hita í klukkustund. Bætið svo við fersku kryddjurtunum, salti og pipar. Berið fram með couscous. Einnig er gott að bragðbæta réttinn með döðlum.



**Skemmtilegt væri að bjóða upp á myntute eftir matinn að marokkóskum sið.**


# ÆVISAGA DAGS SIGURÐARSONAR

Berorð og krassandi ævisaga eins umdeildasta listamanns Íslendinga á 20. öld.

Dagur var lengstum utan garðs. Kjaftfor, drykkfelldur alþýðusinni og bóhem sem gaf stjórnvöldum jafnan langt nef.

*Gott á pakkið* er mögnuð ævisaga um mann sem svo sannarlega batt bagga sína öðrum hnútum en flestir aðrir.




# ÖRLAGASÖGUR ÍSLENSKRA KVENNA




Opinskáar og einlægar frásagnir átján kvenna þar sem þær segja frá örlagaríkum atburðum og upplifunum sem í mörgum tilvikum hafa reynst vendipunktur í lífi þeirra.

*Óður til steinsins* er áleitin og áhrifamikil bók þar sem dregnar eru upp sterkar og oft átakanlegar myndir úr lífi íslenskra kvenna.

**Ógleymanleg bók.**

NÝJAR BÆKUR GAMALT VERÐ!

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is




Hvað selst í kreppunni?

## *Kökuform* og *krukkur* rjúka út

Pottar, pönnur, geymslubox, krukkur, bökunarform og ýmis eldhúsáhöld er á meðal þess sem rýkur út um þessar mundir í Ikea. Svanborg Kjartansdóttir í smávörudeildinni þar segir nóg að gera og líkt og að fólk hamist við að baka og hamstra í frystikistuna ef marka má kaupin í deildinni. „Svo seljum við metravöru í miklu meira mæli en fyrr,“ segir Svanborg sem telur það vísbendingu um að Íslendingar sitji nú og saumi jólagjafir enda ekki seinna vænna en að fara að huga að jólagjöfum eigi þær að vera heimatilbúnar eins og verður örugglega vinsælt í ár.





**JÓLI KAUPIR INN**

Jólasveinninn hefur hafið innkaup að því er verslunarmenn Tiger herma. Það sem mest selst í búðinni, sem státar af því að flestar vörur kosta nokkra hundrað kalla, eru hlutir sem henta vel fyrir jólasveina að setja í skóinn. Starfsmenn búðarinnar segja mikið að gera og lítill samdráttur enda kannski mikið leitað í ódýrustu búðirnar þegar þrengir að hjá fólki.




# Meistaranám í stað- og fjarnámi

Nú er rétti tíminn til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaranám í stað- og fjarnámi. Námið hefst í janúar og rennur umsóknarfrestur út þann 10.desember. Bifröst er stærsta háskólaþorp landsins („campus“ ) og býður upp á notalegt og fjölskylduvænt umhverfi og virk tengsl nemenda við erlenda háskóla og við atvinnulíf, enda felst stór þáttur námsins í raunverulegum og hagnýtum verkefnum. Metnaður skólans hefur ætíð verið að útskrifa afburðafólk sem tekur sér forystu í samfélaginu og hafa nemendur frá Bifröst verið eftirsóttir starfskraftar.

Kynntu þér starfsemi Háskólans á Bifröst nánar á bifrost.is, sendu fyrirspurn á netfangið bifrost@ bifrost.is, sláðu á þráðinn í síma 433 3000 eða kíktu í heimsókn!

**STAÐNÁM:**

**MS International Business**
Management of Global Marketing and Innovation

**MA í Evrópufræðum**

**MA í menningarstjórnun**

**ML í lögfræði**

**FJARNÁM:**

**MA í skattarétti**

**MS í stjórnun heilbrigðis-þjónustu**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SIA / NM35823

# tíðin

✻ prófaðu eitthvað nýtt

**KONUR EIGA ORÐIÐ ALLAN ÁRSINS HRING** Ástin í ýmsum myndum, frelsi, jafnrétti og umhverfisvernd eru efniviður hugleiðinga íslenskra kvenna sem birtar eru í bókinni Konur eiga orðið allan ársins hring. Um er að ræða dagatalsbók Sölku sem er myndskreytt af listakonunni Myrru leifsdóttur. Hliðstæð bók kom út í fyrra og seldist upp á mettíma og því vissara að tryggja sér eintak af bókinni hið fyrsta.




## Á DAGSKRÁNNI *um helgina..*



### *Bubbi í Laugardalshöll*

Tónleikarnir „Áfram með lífið“ verða á dagskrá á laugardaginn og hefjast þeir klukkan átta. Það er frítt inn á tónleikana á meðan húsrúm leyfir en hægt er að nálgast miða frá klukkan 12:00 samdægurs í Laugardalshöll. Fjöldi listamanna kemur fram á tónleikunum en þar á meðal eru Baggalútur, HAM, Lay Low, Ný dönsk, Sálin hans Jóns míns og Bubbi Morthens.

### *Frítt í Húsdýragarðinn*



Svo verður alveg upplagt að fara með smáfólkið í Húsdýragarðinn á laugardaginn en sætar kusur og svín ættu að kæta smáfólkið. Svo er líka frítt inn í tilefni dagsins!

### *Egg og stemning*

Aðalstemningin um þessar mundir er svo víst að mótmæla en það mætti kalla Alþingishúsið hinn nýja samkomustað bæjarbúa. Ekki vitlaust að skella sér niður í bæ með skilti og vera hress, en forðast fljúgandi egg.

### *Kreppubjór fyrir kreppudjammara*



Kaffibarinn heldur upp á 15 ára afmæli sitt um þessar mundir og kallar sig „Fullan í fimmtán ár“. Af þessu tilefni verður boðið upp á bjór á 15 ára gömlu verði sem kemur sér vel á þessum síðustu og verstu.

### *List fyrir unga sem aldna í Hafnarhúsinu*



Á sunnudaginn verður „Spennandi sunnudagur“ í Hafnarhúsinu. Þar verður meðal annars leiðangur um sýninguna ÚT/INN í Hafnarhúsinu og miðbænum fyrir börn og fullorðna klukkan tvö en tilgangur hans er að skoða listaverk úr eigu Listasafns Reykjavíkur sem eru uppi hjá verslunum og þjónustuaðilum í miðborginni. Klukkan þrjú verður listamannaspjall Katrínar Ólínu Pétursdóttur en hún talar um Ugluspegil í ID-LAB-sýningunni en þar eiga fjölmargir listamenn verk, meðal annars Gjörningaklúbburinn, Hrafnhildur Arnardóttir, Huginn Þór Arason og Jón Sæmundur Auðarson. Hönnuðurinn Katrín Ólína Pétursdóttir er einn listamannanna sem eiga verk á sýningunni ID LAB. Katrín Ólína hefur starfað á alþjóðlegum vettvangi og fjallað hefur verið um verk hennar í fjölmörgum alþjóðlegum tímaritum og bókum. Ugluspegill, innsetning Katrínar Ólínu, er ævintýraheimur sem er fullur af auðlesnum en um leið margslungnum vísunum og táknum. Áhorfandinn stígur inn í verkið sem umlykur hann og býður honum að halda í ferðalag í óræðri náttúru.











Ljósmyndarinn Yesmine Olsson með Áslaugu Snorradóttur ljósmyndara, en hún tók allar glæsilegu myndirnar sem prýða bókina.



**Glæsilegar** Elín Reynisdóttir förðunarmeistari, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir tóku sig vel út.



**Leist vel á** Rúnari Gíslasyni og Hákoni Örvarssyni kokkum leist vel á nýjustu bók Yesmine.



**Flott til fara** Friðrika Geirsdóttir og Ármann Skæringsson voru flott til fara.

Yesmine Olsson gefur út aðra matreiðslubók:

# Hélt „framandi og freistandi“ **útgáfupartí**

Þetta var æðislegt kvöld,“ segir Yesmine Olsson sem hélt glæsilegt partí á Hilton hóteli síðastliðinn fimmtudag í tilefni útgáfu matreiðslubókarinnar Framandi og freistandi, indversk og arabísk matreiðsla. „Ég einfaldaði flóknar uppskriftir svo þær taka ekki langan tíma og passaði að allt hráefnið sé auðfáanlegt úti í matvörubúð,“ segir Yesmine sem fór meðal annars til Dubai og Suður-Indlands á meðan hún skrifaði bókina og hannaði uppskriftirnar. Um 150 manns mættu í útgáfuteitið og fengu forskot á sæluna þar sem boðið var upp á gómsætar veitingar úr bókinni, svo sem engifer- og möndlukjúkling, litlar kebab-bollur og chili saffron-súkkulaðitrufflur svo eitthvað sé nefnt. Bókin er sjálfstætt framhald af fyrstu bók hennar, Létt og litrík matreiðsla, sem kom út árið 2006 og hefur selst í rúmlega 6.000 eintökum. Útgáfan er í höndum Yesmine sjálfrar og eiginmanns hennar, Arngríms Fannars Haraldssonar, sem eiga bókaútgáfuna Brekku.



**Afraksturinn** Yesmine með nýjustu matreiðslubók sína, indversk og arabísk matreiðsla.

**Útgefendurnir** Yesmine ásamt eiginmanni sínum, Arngrími Fannari Haraldssyni, betur þekktum sem Addi Fannar úr Skítamóral.







TOMMY HILFIGER
PRINGLE OF SCOTLAND
DKNY JEANS
GUESS

Couture
konur og menn
Laugavegi 86-94 101 Reykjavík Sími 511 1060



## KLINGENBERG SPÁIR

**Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona**



Hera Björk er fædd 29.03.1972 sem gerir 33 og útkoman úr því er 6. Að hafa spekitöluna 33 í kortinu sínu gefur manni extra kraft. 33 er sann-kölluð masterstala. Hún bæði segir það að manneskjan verði mikil listaspíra, frumkvöðull og muni skara fram úr á óvenjulegustu sviðum. Oft eru þeir sem eru með þessa tölu í kortinu sínu einnig mjög næmir og skynja fólk betur en aðrir. Þar af leiðandi dregst fólk að Heru Björk. Allir vilja vinna með henni og hvert einasta atriði sem henni dettur í hug gengur upp.

Hera Björk er á árstölunni 6 sem táknar að hún er á ári ástarinnar. Hún þarf að líta betur í kringum sig því mér sýnist að einhver alvöru maður með fallegar hendur og framsýn augu eigi eftir að nálgast hana á næstunni. Þá á Hera bara að segja „já, komdu elskan“. Hún á að taka á móti ástinni glöð í bragði því ferðalag ástarinnar jafnast ekki á við neitt annað ferðalag. Hera á eftir að dvelja erlendis töluvert á þessum tíma og væri ég ekki hissa ef maðurinn hennar yrði af erlendu bergi brotinn. Hera á eftir að breiða út boðskap sinn í nokkuð mörgum löndum og verða mjög þekkt bæði sem söngkona og kennari. Hún mun hafa búsetu í tveimur löndum, meira og minna næstu árin. Hennar tími fer blómstrandi, en hún þarf að passa að láta fólkið í kringum sig ekki draga sig niður á lægra plan. Ég er ekki viss um að Hera eigi eftir að eignast mörg börn í viðbót, en hún á eftir að skrá nafn sitt á spjöld sögu Íslands sem ein merkasta kona sem landið hefur alið.

*www.klingenberg.is*



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Guðrún Gunnarsdóttir söngkona**



1 Byrja daginn á því að sofa út, fast og vel, helst fá djúp koddaför á kinnina.



2 Rússneskt Earl Gray-te í hádeginu með góðu hunangi, ristað brauð með osti og blöðin, enn þá á sloppnum.



3 Fara á James Bond með fjölskylduna um miðjan dag, popp og kók.



4 Út að borða með eiginmanninum á Austur-Indíafjelagið um kvöldið, taka einn rúnt um bæinn á eftir.



5 Hitta góða vini síðkvölds, hlæja, spjalla og spila Trivial! Fullkominn fríföstudagur.



Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

Undurverktaki getur bætt við sig verkefnum t.d. Gipsveggir, gipsloft, innihurðir, sólpallar ofl. S. 864 3162, Ingvar.

## Önnur þjónusta

WE ARE FIXING HOUSES, FLATS. BIG END LITTLE JOBS. EXPERIANCE - GOOD PRICE. S. 892 6958.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Kreppuútsala!!!**
Sendum um allt land! Frábært verð á gamla genginu. Takmarkað magn. Rafhjól á 13.990 kr. Rafbíll á 15.000 kr. Lampi 3500.-kr Pantanir á póstverslun netlagerinn.is og í s. 865 4015. Er m/ lager í Hafnafirði.



**stubbahus.is**
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!



JS
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34, 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

Til sölu lítið notaðir matarbakkar ásamt fleiru. Uppl. í s. 892 2602.

Pund til sölu. Uppl. í s. 892 0287.

Evrur til sölu. Uppl. í s. 898 7026.

Er með ársgömul rúm og sófa til sölu. Uppl. í s. 895 9300.

Þvottavélar, ísskápar og sjónvörp á hagstæðu verði. Uppl. í s. 895 9300.

Til sölu góð eimingartæki, ennfremur þráðlaus hlustunarbúnaður. S. 616 7853.

Evrur til sölu bæði hér og erlendis. 200 kr evran. Uppl. í S. 841 8311.

100.000,- dk. kr. seljast hæstbjóðanda. Sendið tilboð á: siggavinther@gmail.com

Evrur og dollarar til sölu, mikið magn til afhendingar hérlendis og erlendis. Uppl. í S. 618 7001

## Óskast keypt

Vantar þig pening? Kaupi notað dót, skartgripi, (borga vel fyrir gull), styttur, lampa ofl. S. 694 5751. Geymdu auglýsinguna.

Er að leita eftir notuðu trimmformtæki litlu eða stóru. Vantar 1-2. S. 896 0082.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/2 stærð kr.8.900 3/4 stærð kr. 9.900 Full stærð kr. 10.900 Pakkatilboð kr. 16.900 Trommusett kr. 59.900 með stól og diskum. Rafmagnsgítarpakki kr. 24.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. Harmonikkukennsla. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Til byggingar

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

„...fyrst á visir.is“
visir.is
...ég sá það á visir.is

## Verslun

Öflugur litalaserprentari
Fyrir dreyfibréf og bæklinga
Hraðvirkur
Fjölhæfur
Hagkvæmur
Afagsbólinn



79.900 kr. m. vsk.
OPTIMA
Vinlandsleið 6-8 - S: 588 9000
www.optima.is

Öflugur litalaserprentari, fyrir dreyfibréf og bæklinga.

PIRATES 2



WWW.TANTRA.IS
TANTRA
EROTISK VERSLUN

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 590,-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Öruggleg besta rakgelið!
Tökum að okkur heimakynningar
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

HERBALIFE VERFERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Bowen - dáleiðsla - heilun**
www.lifoglikami.is - Brynjólfur Einarsson Bowen tæknir - S. 866 0007.

Whole body massage Telepone 846 4768.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

## Snyrting

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.
Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Rúm frá Rumgott.is nýtt 130x200 cm. Nýverð kr. 65.000 selst á kr.30.000 Ikea nýjar bókahillur( billy) Eik 80x202cm Nýverð kr.13.950 selst á kr. 6000 og 40x201 cm. Nýverð kr. 6.450 og selst á kr. 3000 Upplýsingar í síma 822 0567.

**Dýnur í rafmagnsrúm**
Tvær vandaðar, ónotaðar pokafjaðradýnur með yfirdýnu til sölu. Stærð 80x200 cm. Extra stífar. Seljast á verði einnar. Uppl. í s. 897 3710.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is
Sími 566 8417 bjóðum visa/ euro raðgreiðslur.



Til sölu ættbókafærðar Ungverskar Vizslur. Frábærir veiðihundar og yndislegir fjölskylduhundar. Eru tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 898 1779.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. TILBOÐ leiga á dag 10þ. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

## Byssur

RJÚPNASKOT



INTERSPORT
VEIÐIDEILD - OPIÐ ALLA DAGA
Bíldshöfða s: 585 7239, Skeggeifnd 2 s: 585 7262

## Fyrir veiðimenn

www.reynisvatn.is Frábærar jólagjafir. Kast- og flugveiðistangir, veiðihjól og fl. Markaður opinn 10-18.

## Safnarinn

Kaupum íslensk frímerkjasöfn og lagera. Sími 561 1409 info@icestamps.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
Herb. til leigu. Eldh. bað. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.
Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4530.

**www.heimkynni.is**
Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.
Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Ert þú skilvís og reglusamur leigjandi? Glæsileg 2 herbergja 65fm íbúð á Baldursgötu bíður þín. Sérinngangur er inn í eignina. Leiguverð 110.000.-kr. S. 868-5001

Ágæt 2 herb. íbúð á jarðhæð í 3býli í 108. V. 85þ. á mán. Langtímaleiga. Trygging er skilyrði sem samsvarar 3 mán. leigu í formi bankaáb. S. 660 4545, Sveinn.

Mjög góð 2.herb. íbúð á Háaleitisbraut. Með geymslu, ísskápur og þvottavél fylgja. Leiga 103 þús. og 1.mánuð fyrirfram. Uppl í s. 897 1675 & 896 7026.

**Til leigu í Hveragerði**
3-4 herb. íbúð 110 fm. Leiga 85 þús. m/hita pr. mánuð. Einn mán í tryggingu. Laus strax. Uppl. í s. 897 2681.

4 herb. glæný íbúð í Kórahv. Kóp. Sanngjarnt verð. S. 899 2123.

Herbergi til leigu með aðg. að eldh. og baðherb. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu 2 og 3 herb. íbúðir á sv. 101 og 111 með sérinng. Uppl. í s. 867 9403.

Vel skipulögð íbúð nálægt Hlemm til leigu. 3 herbergja. Hægt er að semja um að fá húsgögn með. Leigist á 130/mán. bjarnim@gmail.com

Herbergi til leigu/room for rent. Stórt og bjart herbergi til leigu á sv. 105. Uppl. í s. 695 1918.

Rúmgott, rólegt og private herb. í 105 til leigu. Sér símalína og dyrasími. Göngufæri í miðbæ og kringlu. S. 861 2122.

4 herb. 95m2, Grafavogur „Spönginn“, frá 1.12., ~ 130.000. Sími 849 7522.

Herb. til leigu í 108 Rvk. m. húsg., baðherb. og internet. 35 per. mán. + trygg. S. 690 8793.

Room for rent. 6 fm herbergi til leigu í miðbæ Hafnarfjarðar. Leiga 29 þ. S. 862 9787.

Snyrtilegt herbergi m/aðgang að öllu og útsýni í íbúð á Laugarnesvegi. 55 þús. TV, Internet, þvottavél og húsgögn, aðeins karlkyn. S. 663 7686.

Glæsileg 100fm 3 herb íbúð til leigu á 120.000 á mán. í Hfj. Geymsla í kjallara fylgir. Uppl. í síma 893 6197.

Mjög gott 177 fm. 5-6 herbergja hús til leigu í Hafnarfirði. Arinn, sólstofa og stór pallur. 160 þús. með hita og rafmagni. Laus strax. S. 893 3063.

Björt og falleg sérhæð með útsýni í 112. Langtímaleiga. Reykl. Er laus. hrabbas@mi.is

4 herb íbúð við Njálsgötuna http://picasaweb.google.com/bergmagn/Njalsgata59# s. 862 8431.

2ja herbergja íbúð á Laugavegi 40 með 15 fm svölum og heitum potti. Lyfta í húsi. Verð 120 þús. + rafm. og hiti á mán. Laus. Uppl. í s. 844 1744.

Herbergi á 101 RVK innifalið: internet, þvottavél, þurrkari, WC, ekdhús, rafmagn og hiti, laus stax. Leiga samkomulag. S. 698 9608.

90 fm íbúð í 112 laus til leigu. Sanngjarnt verð fyrir rétta fólkið. S. 862 2286.

Meðleigjandi óskast í 100fm íbúð í Grafarvogi. Uppl. í s. 618 2324 Allan.

Tvö mjög góð herbergi í Tranavogi með aðgang að öllu. Verð 45.000 per. mán. Uppl. í s. 690 5838.

Til leigu eftirfarandi íbúðir:2ja herb íbúð 57fm 105 Karlagata. 2ja herb 72 fm fm íbúð Hraunbæ. laus2 ja herb. 70fm íbúð nýstandsett m/ án húsg. Við Miklubraut laus.Einbýlishús 115 fm við Helgubraut 200 Kóp. laus. Uppl. kort@internet.is S. 892 2506.

Nýleg 3ja herb.íbúð í Hraunbæ Rvk. til leigu. Langtímaleiga. Laus. S. 898 3420.

5 herb. einbýlishús til leigu á Álftanesi. Uppl. í s. 864 7919.

40-45fm stúdíóíbúðir til leigu í skemmri eða lengri tíma. 59þ. pr. mán. mínus húsaleigubætur. Uppl. í s. 867 1848 & 568 1848.

Ný og glæsileg 3ja herb. íbúð í Sjálandi Garðabæ laus til langtímaleigu. 118 fm auk 11 fm geymslu og stæði í bílgeymslu. Árni s. 860 2240.

Ný og glæsileg 4ja herb. íbúð við Norðurbakka í Hafnarfirði er laus til langtímaleigu. 110 fm auk 10 fm geymslu og stæði í bílakjallara. Sjávarútsýni. Páll s. 696 4464.

165m², 4 svh. á 2 hæðum, 201 Kóp., útsýni, 2 svalir. Laus. Yppl. í s. 898 8237 & mundi@hive.is

2 herb. 52 fm íbúð til leigu í 101. 115 þ. á mán. Laus strax. Uppl. í s. 770 7654.

Til leigu falleg 40fm íbúð á 1. hæð með sérinngangi á Öldugötu, Rvk. Leiga 95 þús. Laus 1. des. Áhugasamir hafið samband við Hannes í s. 699 5008.

Available rooms for a long term rent, 108 Reykjavik. Pokoje do wynajecia na terenie Reykjavik'u 108, tanio i dostepne od zaraz. Tel: 894 1949

2 herb. ibuð i 107 hverfi. leiga 90 þús. 2 man, fyrirfr. Sif 8488577

3.herb. 85fm íbúð á 2. hæð í 110R til leigu á 110þ á mánuði með hússjóð án rafm. Leigist með/án húsg. Sími 8983078.

4 herb. íbúð í 200 Kóp. til leigu. Mjög stutt í skóla og leikskóla. Sanngjörn leiga. Uppl. í s. 895 6105 eða 554 1216.

## Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is
FLESHLIGHT.IS



## Húsnæði óskast

Reglumsöm kvk. vantar litla íbúð í Hfj. með þvottav., ísskáp og fatakáp. Helst ekki í kjallara. S. 891 6313.

Reglusamt par með óvenju prúðan Chihuahua voffa, óskar 2-3 herb. íb. í Rvk./nágr. Greiðslug. 70-80þ. S 770 4077.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð með aðg. að öllu S. 694 7682.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Greiðslug. 80þ. á mán. S. 845 3073.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að taka á leigu iðnaðarhúsnæði á Rvk. svæðinu, ca 200 fm með góðu útisvæði. Uppl. í s. 898 6565.

Hluti af iðnaðarhúsnæði til leigu. Stærð 30fm. Hurð 3,0x4,2. Laust. Uppl. í s. 891 9900.

Iðnaðarhúsnæði með stórum innkeyrsludyrum, skrifstofurými og stórt geymslusvæði utandyra er laust strax. Uppl. í s.821 5880 Ólafur

Gott/góð skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla 31, 3h. Sími 894 1949

Bolholt 4 2.h. 125 m2 atvinnuhúsnæði. 200.000 kr/mán. Laust 1. des. s. 825 3901

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S: 660-1060

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

## Geymsluhúsnæði

Húsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og fleirra til leigu í Reykjavík. Verð 3500per/fm fyrir tímabilið. Lágmarksverð 20þúsund, staðgreitt. Nánari upplýsingar í síma 824 8468, Pétur.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Pizza Hut

**Hefur þú metnað og áhuga til að veita góða þjónustu?**
Pizza Hut getur bætt við sig nokkrum starfsmönnum í hlutastarf. Starfsmenn Pizza Hut fá alþjóðlega þjálfun sem byggir á þjónustugleði, gæðum og áreiðanleika. Vilt þú koma í Pizza Hut liðið? Lágmarksaldur er 18 ára, Góð tök á íslensku er skilyrði. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is .

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
**Bjóðum verðandi matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**Uppl. veitir Hrefna (694 3854) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum.**
**Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

**Lítil grasrót óskar eftir manneskju til bréfaskrifta.**
**Þarf að vera vel með máli farin og hafa brennandi áhuga á borgarmálum.**
**Góður húmor kostur.**
**Áhugasamir sendið tölvupóst á netfangið hildur@vinnufatabudin.is**

**Skemmtilegt og skapandi !**
**Starfsfólk óskast strax í versluninа Litir og Föndur Kópavogi. þarf að vera stundvís, áræðanlegur röskur,framtakssamur og hafa góða þjónustulund.**
**Umsóknir með mynd berist til gudfinnaanna@simnet.is**

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

KENNARI ÓSKAST. Ég óska eftir kvenkennara til að kenna mér efni úr NÁT 123, um er að ræða 3 klst. á dag í eina viku. 80 þús. í boði. Helga, uppl. s. 691 5760.

**Atvinnuleit í öðru landi**
Hefur þú skoðað heimasíðu Íslandssetursins í Danmörku. Það er aldrei að vita hvaða framtíð og möguleikar bíða þín. Í lífinu eru engin landamæri. Íslandssetrið í Danmörku www.izland.dk

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

Járnalögn/gipsvinna! Alvanur járnamaður getur bætt við sig verkum, einnig vanur gipsvinnu. Talar góða ensku. Uppl. í s. 690 9876.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.



**Fullt af nýjum sokkum.**
**Skoðið úrvalið á Myspace.com/glamur**
**Glamúr Laugavegi 41**

NFMH ATH! Verð erlendis næstu viku, bendi á að leita til stjórnar ef vandamál koma upp. Kv.Kiddi Lár

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Á þriðjudaginn 11. nóvember síðastliðinn töpuðust þrjá gleraugnaumgjarðir á leiðinni frá Akranesi til Reykjavíkur. Umgjarðirnar voru í hvítum poka og í pokanum var einnig gleraugna"resept" merkt með nafni og heimilisfangi. Finnandi er vinsamlegast beðinn um að hafa samband í síma 847 0308.

## Ýmislegt

GEFÐU ÞÉR TÍMA
EKRON
STARFSÞJÁLFUN OG ENDURHÆFING
www.ekron.is

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Föndur



**Verð með kynningu í Föndru,**
**Dalsvegi 18, 201 Kóp,**
**14. Nóvember kl. 14-18.**

Þar verður hægt að sjá ýmislegt af því sem ég er að gera, t.d merkt handklæði, merkt sængurver, sérsaum og fleira.

**10%** kynningarafsláttur þennan dag.

**Björg Valgeirsdóttir – bjorg@merkinet.is**
**Merkinet.is**

## Fasteignir

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Pétur Þ. Sigurðsson hrl. löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Fást á yfirtöku á láni ásamt 3 milljónum í reiðufé**
**Parhúsalóðir við Leirvogstungu í Mosfellsbæ**



**Parhúsalóðir við Kvíslartungu 31 og 33 í Leirvogstunguhverfi í Mosfellsbæ.**
Jarðvegspúði er kominn. Allar teikningar fylgja; Arkitektateikningar, Verkfræðiteikningar og Raflagnateikningar. Byggingarleyfisgjöld eru fullgreidd. Hægt er að hefja framkvæmdir strax. Lóðirnar fást á yfirtöku á áhvílandi láni ásamt reiðufé, eftirstöðvar 14.9 milljónir á hvorri lóð. Möguleiki er á að yfirtaka bara aðra lóðina. Skipti koma einnig til greina
**Allar upplýsingar á skrifstofu Fjárfestingar í síma 562-4250 eða 896-8750.**

## Tilkynningar

**AFLHÚS**

**Tökum að okkur alhliða smíðavinnu**
Stór og smá verkefni. Nýsmíði og viðhald. Tilboð eða tímavinna. Vönduð vinna.

**Upplýsingar í síma 899 9799 Baldur.**

HÁTEIGSSKÓLI
S: 530 4300
BS: 530 4301
VIÐ HÁTEIGSVEG
105 REYKJAVÍK

**Háteigsskóli 40 ára**
SAMVERA – SAMSTARF - MINNINGAR

Laugardaginn 15. nóvember næstkomandi mun Háteigsskóli vera með opið hús frá kl. 12:00 til 15:00 í tilefni af afmæli sínu. Skólinn og verkefni nemenda verða til sýnis og fjögur kaffihús verða starfrækt, þar af tvö sem verða sérstaklega tileinkuð fyrri starfsmönnum og útskrifuðum nemendum.

Allir velunnarar skólans velkomnir.

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**
**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

- **Efnistaka úr farvegi árinnar Jóku og Múlaár vegna lagningar Hringvegar milli Litla-Sandfells og Haugaár á Fljótsdalshéraði.**
- **Jarðstrengur milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar í Ísafjarðarbæ**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **15. desember 2008.**

**Skipulagsstofnun**

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

Allt að
30%
afsláttur

B&L kynnir:

# Sýningarbílar
## á góðum kjörum




### Bílar í boði

*1 bíll af hverri gerð í boði

| | | | |
|---|---|---|---|
| BMW 116i* | 30% afsláttur | Hyundai SANTA FE II* | SELDUR % afsláttur |
| BMW 318i* | 25% afsláttur | Hyundai Tucson* | 25% afsláttur |
| BMW 530XI* | SELDUR % afsláttur | Land Rover Freelander* | 30% afsláttur |
| BMW X5* | 20% afsláttur | Renault Clio* | 30% afsláttur |
| Hyundai i30* | 30% afsláttur | Renault Megane II* | 25% afsláttur |

Erum með opið 10-18 alla virka daga og frá 12-16 á laugardögum. Vertu fyrstur að krækja þér í einn af þessum fínu bílum sem í boði eru. Hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 575-1200 og við gerum þér freistandi tilboð.

B&L | Með bílinn handa þér

Grjótháls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is

# Hver er ábyrgð ríkisins?

**UMRÆÐAN**
Helgi Áss Grétarsson skrifar um Icesave-málið


HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Því hefur verið haldið fram af virtum lögfræðingum (sjá m.a. grein Stefáns Más Stefánssonar og Lárusar Blöndals í Morgunblaðinu 15. október 2008) að íslenska ríkinu beri ekki lagalegar skyldur til að greiða kröfur breskra og hollenskra yfirvalda vegna hagsmuna innlánseigenda í Icesave-reikningum Landsbanka Íslands hf. Vel kann að vera að þessi niðurstaða sé rétt en í þessari grein verða öndverð sjónarmið reifuð.

### Tilgangur innlánatryggingakerfa

Árið 1994 var samþykkt tilskipun Evrópusambandsins um innlánatryggingakerfi, sbr. tilskipun 94/19/EB. Tilgangurinn með slíku kerfi er m.a. að veita eigendum innlána í bönkum og sparisjóðum lágmarksvernd þannig að ef fjármálastofnun verði gjaldþrota geti innlánseigendur fengið greidda lágmarkstrygginguna svo fljótt sem auðið er. Staða þessara kröfuhafa gagnvart gjaldþrota innlánsstofnun á því að vera að nokkru leyti tryggari en staða annarra kröfuhafa. Aðildarríkjum ESB er skylt að útfæra tryggingakerfi af þessu tagi svo að það samrýmist tilgangi og efni tilskipunarinnar og það sama á við um íslenska ríkið vegna aðildar þess að EES–samningnum.

### Jafnræðisrökin

Jafnræði er grundvallarregla í EES-rétti og er því m.a. bannað að mismuna þegnum EES-ríkjanna á grundvelli þjóðernis. Fjórfrelsið innan EES-svæðisins er ein birtingarmynd jafnræðisins og er það m.a. útfært þannig að fyrirtæki sem hefur höfuðstöðvar í einu aðildarríki getur stofnað útibú í öðru aðildarríki. Þannig gat Landsbanki Íslands hf. sett á stofn útibú í Bretlandi og Hollandi í krafti starfsleyfis sem bankinn hafði fengið frá íslenska Fjármálaeftirlitinu. Í grundvallaratriðum var enginn lagalegur munur á útibúi bankans í Bretlandi og Hollandi annars vegar og á Akureyri og á Ísafirði hins vegar. Í kjölfar ógjaldfærni Landsbanka Íslands hf. hlýtur það að vekja margar augljósar spurningar hvort það sé í samræmi við lagaleg jafnræðisrök að íslenska ríkisvaldið grípi til róttækra aðgerða til að bjarga hagsmunum innlánseigenda í útibúum bankans á Íslandi en ekki í útibúum bankans í öðrum ríkjum innan EES-svæðisins.

### Lágmarkstryggingin skv. tilskipun ESB

Í 1. mgr. 7. gr. áðurnefndrar tilskipunar ESB er mælt fyrir um að innlánatryggingakerfi skuli áskilja að samanlögð innlán hvers innstæðueiganda sé tryggð upp að 20.000 evrum (fjárhæðin nemur nú 20.887 evrum). Í 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að fullnægja megi þessari lágmarkstryggingu með því að miða inngreiðslur í innlánatryggingakerfi við tiltekið prósentuhlutfall af heildarinnlánum. Sé þessi leið hins vegar farin verður að tryggja að a.m.k. 90% af heildarupphæðinni samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sé til staðar í innlánatryggingakerfinu

Þetta kann að virðast flókið en má skýra með einföldu dæmi: Heildarinnlán eins banka eru 100 milljarðar evra. Til að tryggja lágmarksvernd innstæðueigenda bankans skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar þurfa að vera samtals til fimm milljarða evra í innlánatryggingakerfinu. Ef greiðslur í kerfið miða við tiltekið hlutfall af heildarinnlánum þá þarf að tryggja að 4,5 milljarðar evra séu að lágmarki til reiðu í kerfinu (90% af 5 milljörðum).

### Var íslenska útfærslan fullnægjandi?

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 skal heildareign innstæðudeildar íslenska innlánatryggingakerfisins nema að lágmarki 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Það er óumdeilt að sú fjárhæð sem er nú í íslenska innlánatryggingakerfinu samsvarar ekki 90% af lágmarkstryggingunni samkvæmt 1. mgr. 7. gr. tilskipunar ESB. Engin íslensk lagaregla kvað á um að Landsbanka Íslands hf. væri skylt að greiða svo háa fjárhæð til kerfisins.

> *Í grundvallaratriðum var enginn lagalegur munur á útibúi bankans í Bretlandi og Hollandi annars vegar og á Akureyri og á Ísafirði hins vegar.*

Þetta eitt og sér getur hugsanlega leitt til þess að íslenska ríkið sé skaðabótaskylt samkvæmt reglum EES-réttar. Slíkt grundvallast á að íslenska ríkið sá ekki til þess að innlendar reglur samrýmdust í reynd skýrum efnisreglum tilskipunar Evrópusambandsins um innlánatryggingakerfi og af því hefur hlotist fjárhagslegt tjón fyrir innlánseigendur Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi.

### Ályktanir

Hér að framan hafa verið tíunduð rök sem hníga í þá veru að íslenska ríkið sé bótaskylt gagnvart einstökum Ice-Save sparifjáreigendum sem nemur lágmarkstryggingunni samkvæmt tilskipun ESB. Andstæð rök í málinu, sem firrir íslenska ríkið bótaábyrgð, kunna að vega þyngra ef til dómsmáls kemur. Taka verður þó fram að það eru vart forsendur fyrir hendi til að mynda sér endanlega skoðun á málinu að svo stöddu og stafar það fyrst og fremst af því að staðfestar upplýsingar um heildarkröfur Breta og Hollendinga liggja ekki fyrir. Jafnframt skortir upplýsingar á hverju Bretar og Hollendingar byggja sitt mál sem og á hvaða forsendum varnir íslenskra stjórnvalda eru reistar. Þetta verður að teljast óheppilegt miðað við alvarleika málsins fyrir íslenskt samfélag.

*Höfundur er sérfræðingur við Lagastofnun við Háskóla Íslands.*




# *Hvenær biðjast þeir afsökunar?*

**UMRÆÐAN**
Atli Gíslason skrifar um pólitíska ábyrgð


ATLI GÍSLASON

Þegar Davíð Oddsson myndaði fyrstu ríkisstjórn sína með Alþýðuflokknum árið 1991 var megininntakið í efnahags- og peningamálum nýrrar stjórnar einfalt: óheft og eftirlitslítil markaðs- og einkavæðing sem fór stigvaxandi með ári hverju. Davíð tók skýrt fram að ríkisstjórnir hans myndu alls ekki styrkja hinar dreifðu byggðir landsins sem leiddi til þeirrar öfgafullu byggðaröskunar sem við höfum upplifað sl. rúm 17 ár.

Þessari stefnu og frjálsu ESB-flæði fjármagns o.fl. hafa ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokksins með Framsóknarflokknum og Samfylkingunni fylgt eftir eins og öfgatrúarbrögðum. Allt var einkavætt sem unnt var að einkavæða og útrásin tilbeðin eins og skurðgoð. Öll aðvörunarorð um umsvif bankanna, skuldsetningu þjóðarinnar, takmarkaðan gjaldeyrisforða og eyðslu fjórðungi meira en við öfluðum voru virt að vettugi. Nú er komið í ljós að ríkisstjórnin, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið höfðu fullvissu um það í síðasta lagi í ársbyrjun 2008 að það stefndi í það hrun sem nú er raunin. Ekkert var aðhafst og þjóðinni ýmist sagt ósatt eða þagað yfir óþægilegum staðreyndum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra, yfirmaður Seðlabankans, sagði í maí að botninum væri náð. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði í júlí breskan sérfræðing sem spáði hruninu þurfa fara í endurmenntun. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, yfirmaður Fjármálaeftirlitsins, sagði ríkisstjórn Breta í byrjun september að Landsbanki Íslands og Icesave-reikningarnir væru öruggir. Þvert á móti voru innlánsreikningar Landsbankans í Bretlandi hreinlega glæpsamlegir eftir að tveir breskir sérfræðingar vöruðu eindregið við þeim í skýrslu til bankans í apríl.

Bankarnir vissu eða máttu vita haustið 2007 að í óefni stefndi. Þá byrjuðu þeir að hamstra gjaldeyri og tóku sem fyrr fjandsamlega stöðu gagnvart íslensku krónunni, sem Samfylkingin kennir nú um allt sem miður fer. Samfylkingin er reyndar alveg kapítuli út af fyrir sig. Þeir eru í ríkisstjórn á daginn en í stjórnarandstöðu á kvöldin og um helgar ruglandi um evru og ESB sem engu breytir í dag um bráðaúrræði gagnvart efnahagshruninu og ömurlegu atvinnuleysi. Bankarnir voru búnir að koma sér í „rétta“ stöðu gagnvart krónunni í lok febrúar og þá hófst gengishrunið. Því ber einnig að halda til haga að í vonlítilli lausafjárstöðu allt frá árinu 2007 hlunnfóru bankarnir vitandi vits og með rangri ráðgjöf og upplýsingum tugþúsundir einstaklinga, líknarfélög, sveitarfélög og fleiri til að ná peningum í fjárhættuspil fyrir sjálfa sig og stærstu eigendur þeirra. Reykjanesbær virðist hafa tapað um 300 milljónum, Reykjavíkurborg yfir 2 milljörðum, Árborg um 100 milljónum og svo mætti lengi telja. Öllum var talin trú um að peningamarkaðsreikningar bankanna væru jafntryggir og ríkisskuldabréf.

Sveitarfélagið Árborg sýndi þá skynsemi að borga upp öll yfirdráttarlán og önnur lán sem hagstætt og heimilt var að greiða upp með andvirði af sölu hlutabréfa í Hitaveitu Suðurnesja en geymdi afganginn tímabundið á peningamarkaðsreikningum til framkvæmda við sundhöll og íþróttasvæði sem hefja átti á árinu. Það var allt gert með fullri vitneskju og án athugasemda fulltrúa minnihluta sjálfstæðismanna í sveitarstjórn. Stígur þá ekki fram á sviðið forystumaður sjálfstæðismanna í Árborg og kennir meirihlutanum um tap sveitarfélagsins og beitir öllum sínum fjölmiðlatengslum til að slá glórulausar pólitískar keilur. Á sama tíma hafa kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar í öllum öðrum sveitarfélögum snúið bökum saman til að taka á þeim óhugnanlega vanda sem ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokksins hafa leitt yfir heimili og fyrirtæki í landinu. Árásir þessa forystumanns sjálfstæðismanna í Árborg eru veruleikafirrtar. Þær eru um leið árásir á meirihluta sjálfstæðismanna í Reykjavík og Reykjanesbæ, almenning, líknarfélög og fleiri og misráðin tilraun til að kenna öðrum um efnahagshrun og gríðarlegt tjón þjóðarinnar sem hans eigin flokkur ber höfuðábyrgð á.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Nýjan gjaldmiðil strax

**UMRÆÐAN**
Ægir Páll Friðbertsson, Guðmundur Kristjánsson og Eiríkur Tómasson skrifa um gjaldmiðilsmál

Trúverðugleiki íslensku krónunnar er í dag enginn. Gengi hennar hefur fallið yfir 100% á einu ári. Vextir eru hvergi hærri í vestrænum heimi en hér. Almenningur og fyrirtæki stefna í gjaldþrot verði ekkert aðhafst.

Við undirritaðir leggjum til að stjórnvöld ráði nú þegar hagfræðingana Daniel Gros og Manuel Hinds til þess að stýra skoðun á upptöku nýs gjaldmiðils strax. Fyrir þá sem vilja kynna sér þessa hugmyndafræði frekar vísum við til greinar eftir þá Ársæl Valfells og Heiðar Má Guðjónsson í Fréttablaðinu laugardaginn 8. nóvember sl. undir yfirskriftinni „Valmöguleikar eru fyrir hendi í gengismálum“.

Í okkar huga er lífsnauðsynlegt að skoða að taka upp nýjan gjaldmiðil á Íslandi og það strax! Hvort við með þeirri aðgerð eigum betri möguleika en ella á að vinna okkur fyrr út úr núverandi efnahagsþrengingum. Upptaka nýs gjaldmiðils myndi leiða til skynsamlegrar umræðu um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu.

Umræða um jafn afgerandi mál og aðild að ESB verður ekki afgreidd í einni svipan. Við verðum að gefa okkur tíma til að vega og meta af skynsemi hvað aðild að ESB felur í sér fyrir íslenskt samfélag. Á meðan getum við ekki leyft okkur að horfa upp á fyrirtæki og almenning blæða út vegna myntar sem ber vexti sem þjóðin rís ekki undir.

*Höfundar eru forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækjanna Ísfélags Vestmannaeyja hf., Brims hf. og Þorbjarnar hf.*



BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT GÆÐAKJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI!
EINIBERJAKRYDDAÐ LÚXUS LAMBALÆRI
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.455 kr./kg.
MERKT VERÐ 2.425 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
Einiberjakryddað Lúxus Lambalæri
ÁLEGG Í BRÉFUM
FRÁ KJARNAFÆÐI
Merkt verð kr./kg.
HANGIÁLEGG 2.799 3.999
SKINKA 1. FL. 1.776 2.537
ROAST BEEF 3.378 4.825
SPÆGIPYLSA 2.038 2.912
LAMBARÚLLUPYLSA 1.523 2.176
LÚXUS BEIKON 1.908 2.725
LÉTTR. BRAUÐSKINKA 1.211 1.730
PEPPERONI 2.169 3.098
STERKT PEPPERONI 2.169 3.098
HAMBORGARHRYGGUR 2.313 3.304
KJÚKLINGAÁLEGG 1.815 2.593
LÉTTR. KJÚKL.ÁLEGG 1.959 2.798
30% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
PARÍSARSNITSEL M/RASPI
FRÁ KJARNAFÆÐI
10% afsláttur.
MERKT VERÐ 887 KR./KG.
NÝTT!
799
KJARNAFÆÐI
BÓNUS - KOFAREYKTUR
HANGIFRAMPARTUR,
ÚRBEINAÐUR
1.838 kr./kg.
MERKT VERÐ 2.298 KR./PK.
HIÐ EINA SANNA
KOFAREYKTA
HANGIKJÖT!
KOFAREYKT HANGIKJÖT
BÓNUS
HANGIFRAMPARTUR ÚRB.
20% AFSLÁTTUR
SALTAÐ HROSSAKJÖT,
ÚRBEINAÐ
FRÁ KJARNAFÆÐI
465 kr./kg.
MERKT VERÐ 664 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**CONDOLEEZZA RICE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1954.**

*„Refsum Frökkum, hundsum Þjóðverja og fyrirgefum Rússum.“*

***Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, mælti þessi orð þegar hin ofantöldu ríki lýstu sig andvíg innrásinni í Írak. Condoleezza Rice lætur af embætti í byrjun næsta árs.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. NÓVEMBER 1716

## *Stærðfræðingurinn Leibniz deyr*



Gottfried Wilhelm Leibniz var þýskur stærðfræðingur, heimspekingur, eðlisfræðingur, bókasafnsfræðingur og lögfræðingur. Hann fæddist í Leipzig og hóf nám í háskólanum þar fimmtán ára. Hann lauk gráðu í heimspeki sautján ára og doktorsprófi í lögfræði tvítugur. Þá fyrst fór hann að leggja stund á stærðfræði.

Leibniz smíðaði fyrstu vélrænu reiknivélina sem gat framkvæmt margföldun og deilingu. Hann varð ásamt Newton upphafsmaður deildunar- og heildunarreiknings (diffur- og tegurreikningur) og hann fann upp ýmis tákn sem notuð eru í stærðfræðinni í dag. Leibniz taldi reyndar að hægt væri að búa til táknkerfi yfir alla hugsun mannsins en ekki tókst honum að klára að búa það kerfi til.

Kærumál kom upp milli Newtons og Leibniz um hvor hefði orðið á undan að finna upp deildunarreikninginn og stóð það mál í mörg ár. Niðurstaðan var, réttilega, að Newton hefði verið á undan en einnig var gefið í skyn að Leibniz hefði stolið hugmyndinni af Newton. Leibniz var settur út í kuldann við þetta og þegar hann lést nokkrum árum síðar fylgdi enginn af kollegum hans honum til grafar nema einkaritari hans.

Í dag er talið að Newton og Leibniz hafi fundið upp deildunarreikninginn hvor í sínu lagi, án þess að hafa vitað af uppgötvun hins.

## MERKISATBURÐIR

**1417** Vopnahléssamningur er gerður í Slésvík milli Kalmarsambandsins og greifanna í Holtsetalandi.

**1894** Sjómannafélagið Báran er stofnað í Reykjavík. Það er fyrsta hreinræktaða verkalýðsfélagið á Íslandi.

**1930** Hitaveita Reykjavíkur er tekin í notkun, fyrsta hitaveita á Íslandi.

**1963** Surtseyjargosið hefst um klukkan sjö að morgni á Íslandi.

**1990** Sameinað Þýskaland og Pólland staðfesta Oder-Neisse-línuna sem landamæri milli Þýskalands og Póllands.

**2001** Norðurbandalagið nær Kabúl, höfuðborg Afganistans, á sitt vald.

## AFMÆLI



**KARL BRETAPRINS** er sextugur.



**LOGI ÓLAFSSON,** knattspyrnuþjálfari KR, er 54 ára.

**HÁTEIGSSKÓLI:** HELDUR AFMÆLISVEISLU Í TILEFNI AF 40 ÁRA AFMÆLI SKÓLANS

# Sjálfsmat hefur reynst styrkur

Háteigsskóli fagnar fjörtíu ára afmæli á morgun en skólinn tók til starfa hinn 15. nóvember árið 1968. Að því tilefni verður skólinn opinn milli 12 og 15 og gefst gestum og gangandi kostur á að virða fyrir sér sýningar um sögu skólans og dreypa á kaffi og með því á fjórum kaffihúsum sem verða starfrækt á víð og dreif um skólabygginguna. Þar á meðal er eitt ætlað fyrrverandi starfsmönnum en annað fyrrverandi nemendum skólans.

„Þetta er kærkomið tækifæri til að hittast og skrafa um gamla tíma,“ segir skólastjórinn Ásgeir Beinteinsson en hann hefur gengt starfi skólastjóra frá árinu 1997 en var áður aðstoðarskólastjóri.

Hann segir skólastarfið í upphafi hafa mótast af því að skólin var sérstakur æfinga- og tilraunaskóli meðfram því að vera skyldunámsskóli. „Hér var því hópur æfingakennara sem bjó yfir mikilli fræðilegri sérhæfingu á sínum sviðum.“

Við yfirtöku sveitarfélaganna á rekstri grunnskólanna árið 1996 var skólinn gerður að almennum grunnskóla en gert tímabundið samkomulag um hlutverk hans sem æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands. Þeirri starfsemi var alfarið hætt haustið 1998 og síðan þá hefur skólinn gegnt sambærilegu hlutverki og aðrir grunnskólar landsins. Eftir breytinguna var efnt til samkeppni um nýtt nafn og fékk skólinn nafnið Háteigsskóli. Hann er nú einn af þeim grunnskólum landsins sem sinna æfingakennslu á öllum stigum.



Í tilefni afmælisins verða fjögur kaffihús starfrækt í skólanum á morgun en auk þess verður veglegt afmælisrit gefið út. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við höfum þó alltaf verið í nánum tengslum við Kennaraháskólann og erum nú búin að gera sérstakt samkomulag við Menntasvið um að vera heimaskóli æfingakennslu svo við erum í raun ganga í endurnýjun þessa gamla hlutverks,“ segir Ásgeir.

Hann segir skólann í sífelldri mótun og nefnir ýmsar breytingar á síðustu árum. „Við höfum verið að efla sjálfsmat í skólanum og höfum síðastliðin níu ár skoðað viðhorf foreldra og líðan nemenda. Við söfnum þessum upplýsingum kerfisbundið saman sem hefur reynst mikill styrkur. Þannig getum við gert samanburð og sjáum hvar við þurfum að bæta okkur,“ segir Ásgeir. „Þá hefur leiklistarstarf í skólanum eflst til muna en árið 2003 var skólinn gerður að móðurskóla í leikrænni tjáningu.

Fréttabréfið Háteigur hefur verið gefið út mánaðarlega í skólanum frá því árið 2001 en í tilefni afmælisins kemur út veglegt tuttugu síðna afmælisrit. Fulltrú skólastjóra ritstýrir fréttabréfinu en þar er að jafnaði að finna sögur, ljóð og myndir eftir nemendur ásamt upplýsingum um helstu viðburði í skólanum. Í afmælisritinu verða greinar eftir bæði nemendur og kennara ásamt ávarpi skólastjóra. **vera@frettabladid.is**




*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Karlsson**

málarameistari
Hátúni 12,

andaðist þriðjudaginn 11. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 17. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á MS-félag Íslands.

**Ásthildur Þ. Guðmundsdóttir** **Jón Friðriksson**
**Stefán Guðmundsson** **Guðrún Ólöf Hrafnsdóttir**
**Karl Ágúst Guðmundsson** **Agnes Ástvaldsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásrún Erla Valdimarsdóttir**

Melgerði 27, Kópavogi,

lést föstudaginn 7. nóvember í Sunnuhlíð. Jarðsungið verður frá Fossvogskapellu mánudaginn 17. nóvember kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Hörður Hjaltason**
**Valdimar Harðarson** **Jóhanna Elín Stefánsdóttir**
**Þorsteinn Valdimarsson**
**Olgeir Guðbergur Valdimarsson**
**Stefán Georgsson og fjölskylda**
**Guðrún Jóhanna Georgsdóttir og fjölskylda.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Helgi Magnússon**

Hjöllum 13, Patreksfirði,

lést þriðjudaginn 4. nóvember sl. Jarðarförin fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 15. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Bent er á að laugardaginn 15. nóvember fer ferjan Baldur frá Stykkishólmi klukkan 9.30 og frá Brjánslæk sama dag klukkan 18.00.

**Bára M. Pálsdóttir**
**Sigurrós H. Ólafsdóttir** **Bjarki Pálsson**
**Þórdís S. Ólafsdóttir** **Ralf Sommer**
**Ólafur K. Ólafsson**
**Ingunn Ó. Ólafsdóttir** **Ulrik Overgaard**
**Kári Ólafsson** **Halldóra Þorsteinsdóttir**
**Auður A. Ólafsdóttir**
**Davíð P. Bredesen** **Gerður B. Sveinsdóttir**
**Gunnar S. Eggertsson** **Lilja Sigurðardóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Eiginmaður og sonur,*

**Erlingur Þór Gissurarson**

véltæknifræðingur, Åkerstigen 6, 1553-35 Järna, Svíþjóð,

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Erla Hilmarsdóttir** **Gissur Ó. Erlingsson**



*Okkar ástkæra*

**Elín Þórðardóttir**

frá Miðhrauni, Reykjavíkurvegi 31, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum miðvikudaginn 12. nóvember. Jarðarför auglýst síðar.

**Vandamenn.**



*Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,*

**Gunnlaugur Magnússon**

Fellaskjóli, Grundarfirði,

lést 8. nóvember. Hann verður jarðsunginn frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 15. nóvember kl. 14.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Fellaskjól.

**Þuríður Jóna Gunnlaugsdóttir**
**Finnbogi Gunnlaugsson** **Helle Martensen**
**Valur N. Gunnlaugsson** **Sigurbjörg Hoffrits**
**Jónína Gunnlaugsdóttir**
**Magnús Árni Gunnlaugsson** **Sigríður Halldórsdóttir**
**Benjamín S. Gunnlaugsson** **Þóra Soffía Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Sveinsson**

Vallarbraut 6, Njarðvík,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut þann 8. nóvember síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram, að ósk hins látna. Starfsfólki Landspítalans er þökkuð hlý og góð aðhlynning.

**Þóra Björnsdóttir**
**Svala Sveinsdóttir** **Hilmar Hafsteinsson**
**Anna Þórunn Sveinsdóttir** **Albert Guðmundsson**
**Björn Sveinsson** **Guðmunda Benediktsdóttir**
**Sveinn Finnur Sveinsson** **Jónína Þóra Sigurjónsdóttir**
**Guðfinna Emma Sveinsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

# Uppáhalds jólalögin þín




**KR. 2.999**

## Safnplatan „100 erlend jólalög“
### inniheldur öll uppáhalds jólalögin þín á 5 geislaplötum

**1**

**1. John Lennon & Yoko Ono** Happy Xmas (War Is Over) **2. Paul McCartney** Wonderful Christmas Time **3. Dean Martin** Winter Wonderland **4. Boney M.** Little Drummer Boy **5. Chris Rea** Driving Home For Christmas **6. Chuck Berry** Run Rudolph Run **7. Dolly Parton** Jingle Bells **8. Doris Day** I'll Be Home For Christmas **9. Diana Ross & The Supremes** Joy To The World **10. Cliff Adam Singers** Do You Hear What I Hear? **11. Albert King** Santa Claus Wants Some Lovin' **12. Cyndi Lauper** Early Christmas Morning **13. Andy Williams** Happy Holiday/The Holiday Season **14. Backstreet Boys** Christmas Time **15. Billy Eckstine** Christmas Eve **16. Booker T. & The MG's** We Wish You A Merry Christmas **17. Diana Krall** Have Yourself A Merry Little Christmas **18. Cliff Richard** Mistletoe And Wine **19. Art Garfunkel** O' Come All Ye Faithful **20. Aled Jones** Walking In The Air

**2**

**1. Bing Crosby** White Christmas **2. Dean Martin** Let It Snow! Let It Snow! Let It Snow **3. The Jackson 5** I Saw Mommy Kissing Santa Claus **4. The Beach Boys** Little Saint Nick **5. Boney M.** Mary's Boy Child **6. Brenda Lee** Rockin' Around The Christmas Tree **7. Britney Spears** My Only Wish (This Year) **8. Kate Bush** Home For Christmas **9. Burl Ives** A Holly Jolly Christmas **10. Chris De Burgh** A Spaceman Came Travelling **11. The Darkness** Christmas Time (Don't Let The Bells End) **12. Stevie Wonder** What Christmas Means To Me **13. Four Tops** 'Taws The Night Before Christmas **14. The Temptations** Give Love On Christmas Day **15. David Essex** A Winter's Tale **16. Booker T. & The MG's** Jingle Bells **17. Ella Fitzgerald** God Rest Ye Merry Gentlemen **18. Glen Campbell** It Must Be Getting Close To Christmas **19. Sissel Kirkjebø** Glade Jul (Silent Night) **20. Il Divo** The Lord's Prayer

**3**

**1. Band Aid** Do They Know It's Christmas? **2. Bing Crosby** It's Beginning To Look A Lot Like Christmas **3. The Beach Boys** Frosty The Snowman **4. The Jackson 5** Rudolph The Red-Noised Reindeer **5. Stevie Wonder** Someday At Christmas **6. Abba** Happy New Year **7. Johnny Cash** Hark! The Herald Angels Sing **8. Julie London** I'd Like You For Christmas **9. Kylie Minogue** Santa Baby **10. Linda Ronstadt** When You Wish Upon A Star **11. Diana Ross & The Supremes** Little Bright Star **12. Smokey Robinson & The Miracles** Christmas Everyday **13. Marvin Gaye** Purple Snowflakes **14. Dean Martin** Baby, It's Cold Outside **15. Lou Rawls** Merry Christmas Baby **16. Mario Lanza** O Christmas Tree **17. Mud** Lonely This Christmas **18. Judy Collins** Amazing Grace **19. Jim Reeves** Silver Bells **20. Sinéad O'Connor** Silent Night

**4**

**1. Elvis Presley** Blue Christmas **2. The Jackson 5** Santa Claus Is Coming To Town **3. Johnny Mathis** When A Child Is Born **4. Michael Jackson** Little Christmas Tree **5. Paul McCartney & The Frog Chorus** We All Stand Together **6. Shakin' Stevens** Merry Christmas Everyone **7. *NSYNC** I Don't Wanna Spend One More Christmas Without You **8. Roger Whittaker** Hallelujah It's Christmas **9. Diana Ross & The Supremes** My Favorite Things **10. Stevie Wonder** A Warm Little Home On A Hill **11. Smokey Robinson** Noel **12. The Temptations** This Christmas **13. Ronan Keating & Maire Brennan** Fairy Tale Of New York **14. Samantha Mumba** All I Want For Christmas Is You **15. Isaac Hayes** The Mistletone And Me **16. Jethro Tull** Ring Out Solstice Bells **17. Air Supply** Sleigh Ride **18. Toni Braxton** Holiday Celebrate **19. Sissel Kirkjebø** Julepotpurri **20. Il Divo** O Holy Night

**5**

**1. Wham!** Last Christmas **2. Stevie Wonder** The Christmas Song (Merry Chistmas To You) **3. Willie Nelson** O' Little Town Of Betlehem **4. Wizzard** I Wish It Could Be Christmas Everyday **5. Band Aid 20** Do They Know It's Christmas? **6. Elton John** Step Into Christmas **7. Gloria Estefan** Christmas Through Your Eyes **8. Marvin Gaye** I Want To Come Home For Christmas **9. Smokey Robinson & The Miracles** Deck The Halls/Bring A Torch, Jeanette, Isabella **10. Diana Ross & The Supremes** Twinkle Twinkle Little Me **11. The Temptations** My Christmas Tree **12. Bing Crosby** What Child Is This?/The Holly And The Ivy **13. Dean Martin** The Christmas Blues **14. Dickie Valentine** Christmas Alphabet **15. Johnny Cash** The Christmas Spirit **16. Booker T. & The MG's** Winter Wonderland **17. Andy Williams** It's The Most Wonderful Time Of The Year **18. The Beach Boys** We Three Kings Of Orient Are **19. Vera Lynn** A Christmas Wish (From Me To You) **20. Luciano Pavarotti** Ave Maria




**Einnig fáanleg 100 íslensk jólalög**

**KR. 2.699**

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



Njósnarinn hélt því á brott og fór og norður fyrir land og inn eftir Eyjafirði.

Þar fór móti honum fugl svo mikill að vængirnir tóku út fjöllin beggja vegna og með honum fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir…

Framhald neðar á síðunni



TEPPI Á STIGAGANGINN



Stepp

GÓLFEFNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA

Grafíka 2008

Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is





Njósnarinn sneri því við og hélt hringferðinni áfram.

Er hann stefndi inn Breiðafjörð fór móti honum griðungur mikill sem óð út á sæinn og tók að baula ógurlega. Fjöldi landvætta fylgdi honum…

Framhald á bls. 36











NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Sá vægir sem vitið hefur meira

Einu sinni bjó leigubílstjóri í litlum, köldum bæ. Leigubílstjórinn passaði vel upp á að halda litla leigubílnum sínum alltaf hreinum. Broddborgurum bæjarins þótti gaman að spjalla við leigubílstjórann um heima og geima meðan á ökuferðum stóð. Leigubílstjórinn tók starf sitt alvarlega og lagði sig fram um að geðjast herrunum háu. Allt gekk sinn vanagang í litla bænum.

Snemma um haust hreiðruðu bræður um sig í bænum. Annar var risi og hinn var dvergur. Dvergurinn keyrði leigubíl, en sá var fjólublár og ljótur. Dvergurinn vildi bara spjalla um grænar baunir við farþega sína. Íbúar bæjarins þorðu ekki öðru en nýta sér leigubílaþjónustu dvergsins. Þeir voru nefnilega hræddir við risann bróður hans. Risinn átti það til að skvetta náttúrulegum lækningasmyrslum á vegfarendur. Leigubílstjórinn á litla leigubílnum var dapur yfir stöðu mála.



Hann gekk því á fund bræðranna og stakk upp á málamyndun. Dvergurinn myndi horfa á mynd með Cuba Gooding Jr. og í staðinn fengi risinn óheftan aðgang að sundstöðum bæjarins. Allir voru sáttir við þessa lausn.

Við fyrstu sýn virðist þessi litla dæmisaga ekki eiga mikið erindi í dag. En getur verið að ákveðin viska leynist í henni við nánari skoðun?

Svarið er nei. Þessi saga á ekki erindi við neinn, nokkurn tíma. En til að forðast að vera minni maður en flestir aðrir pistlahöfundar þjóðarinnar þessa dagana er bráðnauðsynlegt að rigga upp einhverju sem hljómar eins og hnyttin myndlíking fyrir ástandið. Góðar stundir.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Áritanir
í Skífunni!
SKÍFAN
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
Páll Óskar áritar og tekur lagið
kl. 15:00 í Skífunni Kringlunni
BUBBI
Bubbi áritar og tekur lagið
kl. 17:00 í Skífunni Kringlunni
BUFF
100
FM BELFAST
Jeff Who?
NÝJASTA NÝTT BAGGALÚTUR
Bestu kveðjur
HANG ON
MOTION BOYS
Human Comfort
Gilligill
STAFA-KARLARNIR
Steinn Steinarr
Aldarminning

! **Kl. 16**
*Sýningin Minningar verður opnuð í menningarmiðstöðinni Gerðubergi kl. 16 í dag, en á henni má sjá olíumálverk Halldórs Viðars Garðarssonar af landslagi, uppstillingum og minningum sínum. Á opnuninni koma fram Gerðubergskórinn undir stjórn Kára Friðrikssonar og Táknmálskórinn undir stjórn Eyrúnar Ólafsdóttur. Sýningin stendur til 11. janúar næstkomandi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Atli Heimir og Jónas heiðraðir



**ATLI HEIMIR SVEINSSON TÓNSKÁLD** Verður heiðraður á tvennum tónleikum Fífilbrekkuhópsins og barnakóra nú um helgina.

Tónskáldið Atli Heimir Sveinsson varð sjötugur nú í haust og hafa íslenskir tónlistarmenn keppst við að heiðra hann á þeim tímamótum. Nú um helgina mun Fífilbrekkuhópurinn, ásamt Skólakór Varmárskóla og Gradualekór Langholtskirkju, flytja vinsæl lög Atla, en tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíð sem haldin er í vetur í tilefni af afmæli hans.

Fífilbrekkuhópinn skipa söngvararnir Hulda Björk Garðarsdóttir sópran og Eyjólfur Eyjólfsson tenór, ásamt þeim Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleikara, Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara, Hávarði Tryggvasyni kontrabassaleikara og Sigurði Ingva Snorrasyni klarínettuleikara.

Tónleikar Fífilbrekkuhópsins um helgina verða tveir, þeir fyrri fara fram á morgun kl. 16 í Hátíðarsal Varmárskóla í Mosfellsbæ. Þar kemur fram með hópnum Skólakór Varmárskóla undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar. Miðaverð er 1.000 kr. og fer miðasala fram við innganginn. Seinni tónleikarnir fara fram á sunnudag kl. 13 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar kemur fram með hópnum Gradualekór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og öllum opinn.

Með tónleikunum heiðrar Fífilbrekkuhópurinn þó ekki aðeins Atla Heimi sjötugan, heldur minnist einnig afmælis Jónasar Hallgrímssonar hinn 16. nóvember. Á efnisskrá tónleikanna verða þannig meðal annars nokkur Jónasarlög Atla Heimis. **- vþ**

### > Ekki missa af …

sýningunni „Ekvador að fornu og nýju" í Gerðarsafni, en henni lýkur nú um helgina. Á sýningunni má sjá listmuni og málverk frá Ekvador; elstu munirnir eru rúmlega fimm þúsund ára gamlir en þeir yngstu tilheyra nútímanum. Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna á sunnudag kl. 15. Aðgangseyrir er 600 kr., en 12 ára og yngri fá frítt inn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 14. nóvember**

### ➜ Tónleikar



**20.00 Sprengjuhöllin og Hjaltalín** verða með tónleika í Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar á Eskifirði.

**22.00 Þjóðlagapönkhljómsveitin Croisztans** verður með tónleika ásamt Dýrðinni á Grand Rokk, Smiðjustíg 6. Aðgangur ókeypis.

**22.00 Þórir Baldursson, Jón Páll Bjarnason, Ingvi Rafn Ingvason og Geir Ólafsson**, spila djass og swingtónlist á Græna hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri.

### ➜ Síðustu forvöð

**Kyrrð í kreppunni** Sýningu Didda í Hinu húsinu lýkur á laugardaginn. Opið föst. kl. 9-17 og lau. 14-18.

**Vera Sörensen og Árni Björnsson** sýna verk á Tangarhöfða 6, II hæð. Sýningu lýkur á sunnudaginn. Opið kl. 12-20.

**Sýningu á verkum Tamy Ben-Tor** í 101 Gallery lýkur á sunnudaginn. Opið fös.-sun. kl. 14-17, 101 Gallery, Hverfisgötu 18a.

**New Beginning** Rannveig Helgadóttir sýnir verk í Jónas Viðar Gallery í Listagilinu á Akureyri, Kaupvangsstræti 12. Opið fös.-sun. kl. 13-18. Sýningu lýkur á sunnudaginn.

### ➜ Listahátíð

**Unglist – Listahátíð ungs fólks stendur yfir 7.-15. nóv. Ókeypis er á alla viðburði. Nánari upplýsingar á www.unglist.is.**

**20.00 Bít og blástur.** Tónleikar tileinkaðir djass og spunatónlist í Norræna Húsinu, Sturlugötu 5.

**20.00 Framhaldshópur Lindyravers** æfir swing-rútínu fyrir opnum tjöldum í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5.

### ➜ Sýningar

**Náttúra – manngert umhverfi** Í Te og kaffi í verslun Eymundssonar við Austurstræti eru til sýnis ljósmyndir af verkefnum unglinga frá Íslandi, Danmörku og Finnlandi. Opið virka daga 9-22 og um helgar 10-22.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# INNBLÁSINN AF HAFINU

**Tvær áhugaverðar sýningar verða opnaðar í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, á morgun kl. 15. Í báðum tilfellum er listamaðurinn Sveinn Björnsson í aðalhlutverki, en annars er nálgun sýninganna heldur ólík.**



**FAGUR FISKUR ÚR SJÓ** Eitt af verkum Sveins Björnssonar sem sjá má á sýningunum í Hafnarborg. MYND/HAFNARBORG

Á sýningunni „Sjórinn og sjávarplássið" eru valin málverk Sveins Björnssonar sem sýna vel hve nátengdur hann var sjónum og sjávarútvegi í listsköpun sinni. Sveinn hóf starfsævi sína sem sjómaður, en hætti síðar til sjós og gerði myndlist að meginviðfangsefni ævi sinnar.

Elsta verkið á sýningunni vann hann veturinn 1948-49 af ísjökum á Halamiðum og er það jafnframt fyrsta verkið sem hann málaði innblásinn af fegurð og ógnum hafsins.

Einnig verður opnuð sýningin „Charlottenborgarárin 1961-1968 – tækifæri og örlög". Á henni er leitast við að setja verk Sveins í samhengi við verk eftir lítinn hóp málara sem lagði stund á nám við Listaakademíuna í Kaupmannahöfn á sama tíma og sýndi saman í Charlottenborg á árunum 1961-1968.

Undirtitill sýningarinnar dregur fram að þó að tækifæri gefist til að helga sig listinni verður ekki vikist undan örlögunum sem oft hafa annað í huga. Þetta á við um alla þá listamenn sem eiga verk á sýningunni, en þeir eru auk Sveins þeir Henrik Vagn Jensen, Niels Vagn Jensen, Per Henrik Friis og Ib Thorup.

Verkin á sýningunni eru öll frá náms- og mótununarárum listamannanna; teikningar og málverk sem sýna einkenni hvers og eins.

Sýningarnar standa báðar til 4. janúar og eru liður í 100 ára afmælisdagskrá Hafnarfjarðarbæjar. Sveinssafn hefur átt veg og vanda að undirbúningi þeirra ásamt listamanninum Henrik Vagn Jensen sem verður viðstaddur opnunina, en hann er sá eini þeirra Charlottenborgarfélaga sem enn er á lífi.

Auk rits um Charlottenborgarárin gefur Sveinssafn út rit um sýninguna Sjórinn og sjávarplássið þar sem lesa má grein eftir Erlend Sveinsson, forstöðumann safnsins.

**vigdis@frettabladid.is**


Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
fös. 14/11 uppselt, lau 15/11 uppselt
**Aukasýningar komnar í sölu**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
fös. 14/11 uppselt, lau. 15/11 uppselt
**Örfá sæti laus í nóvember**

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Er hægt að vera of fallegur? ★★★★ EB, FBL
fös. 14/11, örfá sæti laus, lau. 15/11 uppselt
**Örfá sæti laus í nóvember**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 16/11, örfá sæti laus
**Sýningum að ljúka**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
sun. 16/11 örfá sæti laus
**Síðasta sýningarhelgi**



Kardemommubærinn
Leitin að jólunum
Sýningar komnar í sölu.
Tryggðu þér sæti á frábærar fjölskyldusýningar!

www.leikhusid.is








„Framúrskarandi glæpasagnahöfundur“
– Mystery Scene

**2. sæti**
Metsölulisti Eymundssonar og BMM 5.-11. nóv.
(skáldverk innbundin)

# ENN SLÆR YRSA Í GEGN!



Ekkert samband næst við tvo Íslendinga í einangruðum rannsóknarbúðum á Norðaustur Grænlandi. Þóra Guðmundsdóttir lögmaður, sem lesendur þekkja úr fyrri bókum Yrsu Sigurðardóttur, tekur þátt í leiðangri sem gerður er til að kanna aðstæður. Hvaða óhugnanlegu atburðir hafa átt sér stað þarna úti í auðninni?

**Mögnuð glæpasaga** eftir **Yrsu Sigurðardóttur** en bækur hennar koma nú út á **meira en 30 tungumálum í yfir 100 löndum.**

Veröld
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

**> HÆTTIR AÐ LEIKA FYRIR BÖRNIN**

Angelina Jolie stefnir að því að hætta að leika í kvikmyndum til að sinna fjölskyldu sinni betur. Jolie á sem kunnugt er sex börn með leikaranum Brad Pitt. „Mig langar að gera nokkra hluti til viðbótar en láta mig svo smám saman hverfa og búa mig undir að verða amma í framtíðinni,“ segir hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Björk gæti verið óperusöngvari

Björk Guðmundsdóttir er í sextugasta sæti yfir bestu söngvara allra tíma á heimasíðu bandaríska tímaritsins Rolling Stone. Í efsta sæti er Aretha Franklin, Ray Charles er í öðru og Elvis Presley í því þriðja.

Þekktar manneskjur úr tónlistarlífinu tjá sig um marga söngvara á síðunni og er Chris Martin, söngvari Coldplay, með Björk á sinni könnu. „Þegar þú lendir á Íslandi líður þér eins og þú sért kominn á töfrandi stað. Kannski er það eldfjallavirknin eða harðfiskurinn en það er alltént eitthvað í loftinu: Allir sem þú hittir eru ótrúlega fallegir og allir virðast geta sungið. Söngvararnir í landinu eru mun framar öllum öðrum, sérstaklega Björk,“ segir Martin. „Röddin hennar er virkilega sérstök og frumleg. Núna þegar hún er búin að vera í bransanum í tuttugu ár virðast allir gleyma því hversu ótrúleg hún er. Ef hún myndi syngja stefið úr Sesame Street myndi það hljóma allt öðruvísi en aðrir myndu syngja það, en samt myndi það hljóma æðislega.“



**BJÖRK** Björk er í sextugasta sæti yfir bestu söngvara allra tíma á heimasíðu Rolling Stone.

Martin segist fyrst hafa hrifist af Björk í myndbandinu við lagið Big Time Sensuality og síðar sökkti hann sér í plötu hennar, Homogenic. Bætir hann við að ótrúlegt raddsvið hennar heyrist best í laginu It´s Oh So Quiet.

„Hún gæti verið óperusöngvari eða poppsöngvari. Hún getur gert allt. Í hljóðverinu okkar eru myndir af uppáhaldstónlistarmönnunum okkar, þar á meðal Mozart, Jay-Z, Gershwin, PJ Harvey og Björk.“

Fyrir neðan Björk á lista Rolling Stone eru stjörnur á borð við Axl Rose, Thom Yorke, Dolly Parton, Mariah Carey, Morrissey og Mary J. Blige.

# Uppbyggileg byltingarreiði

Þjóðlagapönkhljómsveitin Croisztans er komin til landsins frá Kaupmannahöfn og ætlar að styðja þjóðina á veginum til byltingar. Sveitin spilar í kvöld á Grand rokk ásamt Dýrðinni. „Við viljum vekja upp uppbyggilega byltingarreiði,“ segir Sigurður Óli Pálmason, hinn dimmraddaði söngvari sveitarinnar. Hljómsveitin hefur verið starfandi síðan 1997 og sérhæft sig í byltingar- og uppreisnarsöngvum í austurevrópskum stíl. Í bandinu eru fimm Íslendingar búsettir í Danmörku og tveir Danir. „Það hefur verið þokkalegt rennirí á okkur í neðanjarðarsenunni í Köben og við eigum okkar „krád“. “

Sigurður hefur búið í Danmörku í sjö ár og kann því ágætlega. „Það er voða fínt og flatt og allt svo þægilegt. Danska samfélagið er dálítið eins og landslagið, auðvelt og engar hindranir.“

Tónleikarnir hefjast í kvöld kl. 22 og það er ókeypis inn.


GÖMUL OG NÝ
PRAKKARASTRIK

Giljagaur fremstur í fjósið rann
því froðu af mjólkinni þráði hann.
Hann óttaðist menn og alls kyns dýr
– nema auðvitað góðar mjólkurkýr.

(Kaffihúsin nú karlinn þræddi,
keypti sér latté og málin ræddi.)

Fjörugar vísur um jólasveinana
í takt við nýja tíma.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI




**SPRENGJUHÖLLIN** Strákarnir í Sprengjuhöllinni spiluðu lög af sinni nýjustu plötu, Bestu kveðjur, á útgáfutónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sprengjuhöllin fagnaði í Óperunni

**Sprengjuhöllin hélt útgáfutónleika í Íslensku óperunni á þriðjudagskvöld til að fagna útkomu sinnar annarrar plötu, Bestu kveðjur.**

Hljómsveitin spilaði lög af nýju plötunni í bland við eldra efni við mjög góðar undirtektir. Kynnir kvöldsins var Árni Vilhjálmsson, söngvari í FM Belfast, og sá hljómsveitin Motion Boys um upphitun.



Þær Valgerður og Ástrós hlustuðu á Sprengjuhöllina spila lög af nýjustu plötu sinni.



Elísabet og Anna Rós brostu breitt á útgáfutónleikum Sprengjuhallarinnar.



Kristinn H. Þorsteinsson, Auður Jónsdóttir og Ólafur Viðarsson létu sig ekki vanta á tónleikana.


ARINELDSTÆÐI Á DÚNDURTILBOÐI
sérstakt tilboðsverð á meðan birgðir endast



50% AFSLÁTTUR
PARIS
69.900
VERÐ ÁÐUR 150.000



50% AFSLÁTTUR
SOLO
49.900
VERÐ ÁÐUR 99.900

Rúm Gott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · 200 Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## EINSTÆÐ SAGA

# BARÁTTUKONU




### *Ég skal vera Grýla –*

***Margrét Pála Ólafsdóttir í lífsspjalli***

Hún ólst upp á Víðirhóli á Hólsfjöllum, einum afskekktasta bæ landsins.
Nú þekkir hana hvert mannsbarn á Íslandi fyrir störf að uppeldis- og jafnréttismálum og mannréttindabaráttu samkynhneigðra.

MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR þekkir bæði nornaveiðar og vegtyllur, hún kann á stríð en líka frið – og hún hefur aldrei verið hrædd við að vera Grýla. Saga kraftaverkakonunnar og ofurfóstrunnar snertir okkur öll.

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR skráði.

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5, 7.30 og 10 - POWER | 12 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| MAMMA MIA - ATH 500kr. | kl. 4, 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| HOW TO LOSE.. | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4 - 6 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:30 - 5 - 6 - 8:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 3:40 síð. sýn. | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 3:40 - 5:50 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:50 - 6 DIGITAL | L |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 síð. sýn. | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO LOSE FRIENDS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 6 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 8 | L |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40 | L |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 | 14 |
| BABYLON A.D. | kl. 10:20 | 16 |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 5.30 - 6.30 - 8 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 9 - 10.30 - 11.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

Aukakrónur 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
650 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 7 -8.30 -10 -11.30 | 1 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |

Aukakrónur 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8 - 9 -10.10* | 12 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 6 | L |
| *KRAFTSÝNING | | |

Aukakrónur 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Upptökur hafnar í London

Söngkonan Elíza Geirsdóttir Newman er þessa dagana stödd í London að taka upp lög sem líklega verða á næstu sólóplötu hennar. „Þetta er eiginlega tilraun. Ég er að vinna með strákunum í Half Tiger. Mér fannst þeir voða sniðugir og þeir buðu mér að koma og prófa,“ segir Elíza.

Half Tiger er skipuð tveimur Íslendingum, Gísla Kristjánssyni og Sigga Sadjei, sem var áður í Skyttunum. Gísli rekur hljóðver í London sem nefnist Good Beating, þar sem upptökur Elízu fara fram.



**ELÍZA** Söngkonan Elíza er að undirbúa sína aðra sólóplötu í hljóðveri í London. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hún hélt fyrir skömmu óraf magnaða tónleika á staðnum Slaughtered Lamb í London við góðar undirtektir. Dísa kom þar einnig fram. „Það var fullt hús og það gekk rosalega vel,“ segir Elíza. Hún segist ekki hafa orðið vör við nein leiðindi í garð Íslendinga af hálfu Breta. „Það er meira að fólki finnist þetta sorglegt og leiðinlegt að það skuli vera komið svona fyrir okkur.“

Sjálf segir hún það inni í myndinni að yfirgefa Ísland ef efnahagsástandið fer ekki að lagast. „Ég vil vera á Íslandi ef ég get. En ef ástandið verður mjög slæmt verður maður að skoða aðra möguleika. Stefnan er að halda áfram að gera tónlist og sjá hvert hún leiðir.“ **- fb**

# Partípopp og Bítlabuff

**TÓNLIST**




**Nýjasta nýtt**
Baggalútur
★★★★



**Buff**
Buff
★★★★

Eftir ýmsar tilraunir, sumar máttlausar, með kántrí og suðureyjamúsik hittir Baggalútur loksins í mark á nýju plötunni. Piparsveinageimaldarpartípopp með kokteilpinna- og diskóívafi svífur yfir vötnum en Baggar búa svo um hnútana að allt er leyfilegt. Franskt hvíslpopp a la Gainsbourg skýtur þannig upp kolli í æsandi lokalaginu og frægasta lag Pulp er greinilega haft til hliðsjónar í titillaginu. Fjölbreytnin er mikil, en heildarmyndin samt klár: stórskemmtilegt stuðpopp sem fagmenn hafa nostrað við.

Bragi Valdimar Skúlason semur meirihluta laga og texta. Ég kemst ekki yfir það hvað hann er sniðugur og duglegur, hann semur jú allt á barnaplötuna Gilligill líka. Í textunum hér vakna karlpungar til lífsins, á leiðinni á rall, setjandi á sig spíra, vongóðir fyrir nóttina. Sumir eru álappalegir eins og félagarnir í hinu misskilda „Þjóðhátíð ´93“, aðrir of vissir um sig eins og sá í „Laugardagskvöldi“. Í því lagi er uppáhaldslínan mín á allri plötunni: „Það var sagt mér að það væri partí hérna, sem vantar bara mig í sig“ – algjör snilld!

Karlpungur á leið á rall-mótífið er þó oft brotið upp. Horfið góðæri birtist í titillaginu, nostalgíutaugar aðdáendahóps Baggalúts eru nuddaðar í „Gamalt og gott“ og krúttin fá enn eina umfjöllunina í „Krútt“. Það er fyrsta lagið sem Bragi syngur á Baggalúts-plötu, sem er óþarfa hógværð því hann hefur ágætis rödd.

Nýjasta nýtt er tvímælalaust besta plata Baggalúts. Hún er líka mjög neytendavæn því auk klukkutímaskammts af eðalpoppi fylgir stórskemmtilegt partíspil í pakkanum.

Þótt Baggalútur og Buff séu vissulega ólík bönd eru þau lík á þann hátt að bæði eru skipuð miklum fagmönnum að spila íslenskt popp. Bæði höfða því sterkt til „venjulegra“ Íslendinga. Líkt og Baggalútur byggði Buffið upp eftirvæntingu fyrir plötu sína með því að setja smelli í spilun með löngum fyrirvara. Fimm stórgóð lög með Buffinu höfðu heyrst, og mörg þeirra notið vinsælda, áður en platan var loksins gefin út. Þetta er þriðja plata bandsins en sú fyrsta sem vekur athygli, enda tekur Buffið sig nú loksins alvarlega sem skapandi band, ekki „bara“ kóverband.

Buffið hefur líklega úr besta söngvaravali íslenskra hljómsveita að moða. Snilli Péturs Arnar þekkja flestir, en Hannes trommari og Stefán Örn bæta við gríðarflottum bakröddum sem renna saman í unaðssætan samhljóm. Hljóðfæraleikur er svo eðlilega frábær enda fá bönd sem spila jafn mikið.

Áðurnefndur Stefán Örn er nýjasti meðlimur bandsins. Hann leggur til mörg frábær lög en Pétur hefur hingað til samið flest lög Buffsins. Bítlarnir eru sterkasta kryddið á plötunni. Sums staðar æpa áhrifin á mann, annað minnir á ELO og hið frábæra „Enginn nema þú“, sem Stefán syngur gullfallega, hljómar eins og KK sé að spila með Spilverkinu.

Buff er frábært poppband en það er helst að þeim bregðist bogalistin þegar á að rokka hressilega, eins og í Pelican-lega laginu „Svaka stuð í bænum“. Strákarnir eru þó fullsæmdir af þessari fínu plötu og ættu endilega að setja stefnuna á að toppa hana. Það eru allir nauðsynlegir hæfileikar innanborðs í bandinu til að þeim takist það. **Dr. Gunni**





ÖLLU GRÍNI FYLGIR ALVARA ...

Spannáll Aukablaðsins 2003–2008 með drepfyndnar og hárbeittar fréttaskýringar í máli og myndum!




„Þetta er bók fyrir alla sem vilja skilja samtíma sinn.“
SNORRI STURLUSON

„Þunglyndislyf ársins.“
DAVID PROZAC

„Ég efast um að ég hefði komist til valda ef Aukablaðið hefði komið út á þeim tíma.“
ADOLF HITLER

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**JÓHANN JÓHANNSSON** Fær 6,7 í einkunn fyrir sína nýjustu plötu, Fordlândia.

# Jóhann fær góða dóma

**Tónskáldið Jóhann Jóhannsson fær 6,7 í einkunn af tíu mögulegum á bandarísku tónlistarsíðunni Pitchforkmedia.com fyrir sína nýjustu plötu, Fordlândia.**

**„Platan hljómar kunnuglega fyrir aðdáendur Jóhannssonar. Hún er uppfull af fallegum strengjum sem eru studdir af flottri raftónlist," segir gagnrýnandinn og bætir við að Fordlândia sé dramatískasta verk Jóhanns til þessa. Hann segir að platan sé mjög góð og vel samin en einum of fáguð. Jóhann hefur jafnan fengið góða dóma á Pitchforkmedia fyrir plötur sínar og er þessi engin undantekning. - fb**



**TÓNLEIKARNIR GEFNIR ÚT** Þursaflokkurinn og Caput-hópurinn spiluðu í Laugardalshöll 23. febrúar við góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þursarnir í rauðu boxi

Vel heppnaðir tónleikar Þursaflokksins og Caput-hópsins, sem voru haldnir í Laugardalshöll 23. febrúar, eru komnir út á geisladiski og mynddiski í einum veigamiklum pakka.

Á plötunni eru sextán lög frá tónleikunum, þar á meðal Brúðkaupsvísur, Pínulítill karl, Nútíminn og Gegnum holt og hæðir. Mynddiskurinn inniheldur síðan tónleikana í heild sinni.

Í tilefni tónleikanna var gefinn út kassi með heildarsafni Þursanna og var honum einkar vel tekið, bæði af gagnrýnendum sem og aðdáendum Þursanna. Öll hönnun nýja pakkans kallast á við svarta kassann en í þetta sinn eru umbúðirnar rauðar á litinn. - fb







## > Valsmenn safna Fjölnismönnum

Það eru engin kreppumerki á knattspyrnudeild Vals en félagið gekk í gær frá samningum við tvo leikmenn Fjölnis. Það eru þeir Ólafur Páll Snorrason og Pétur Georg Markan sem hafa ákveðið að söðla um og ganga í raðir Hlíðarendaliðsins en báðir voru í lykilhlutverkum hjá Fjölni síðasta sumar. Valsmenn eru því sem fyrr eina félagið á Íslandi sem er virkt á leikmannamarkaðnum en áður hafði félagið gengið frá samningum við Reyni Leósson, Ian Jeffs og svo er Kristján Hauksson kominn til félagsins á ný en hann var í láni hjá Fjölni síðasta sumar.



# sport

sport@frettabladid.is

**JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON:** LÉK MEÐ BURNLEY Í SIGRI Á CHELSEA Í 16 LIÐA ÚRSLITUM DEILDARBIKARSINS

## *Vill fá United á Old Trafford í átta liða úrslitum*

Jóhannes Karl Guðjónsson og félagar hans í Burnley stálu senunni í 16 liða úrslitum enska deildarbikarsins í fyrrakvöld með því að slá stórlið Chelsea úr keppni eftir vítaspyrnukeppni og bráðabana og það á hinum alræmda Stamford Bridge-leikvangi.

„Þetta var alveg ótrúlegt, en við höfðum samt mikla trú á því að við gætum slegið þá úr keppni. Knattspyrnustjórinn okkar sagði á liðsfundi fyrir leikinn að það væri alveg hægt að vinna Chelsea á Stamford Bridge og að Liverpool hefði sýnt það um daginn, en tók svo reyndar strax fram að tæplega níutíu félögum í röð þar á undan hefði mistekist að sigra þar. Menn náttúrlega sprungu bara úr hlátri fyrst en síðan hélt hann áfram að telja okkur trú um þetta og menn fóru í leikinn með miklu sjálfstrausti, við spiluðum okkar leik og uppskárum eins og við sáðum,“ segir Jóhannes Karl sigurreifur.



Jóhannes Karl var í byrjunarliði Burnley en þurfti að yfirgefa völlinn í upphafi framlengingar vegna meiðsla og gat því ekki tekið þátt í vítaspyrnukeppninni, þar sem Burnley vann 5-4 í bráðabana.

„Ég hefði elskað að fá tækifæri til þess að taka víti en ég fékk högg á kálfann og var orðinn það haltur að ég varð að fara af velli. En ég verð vonandi orðinn klár í slaginn gegn QPR í Championship-deildinni á morgun,“ segir Jóhannes Karl.

Á morgun verður einnig dregið í átta liða úrslit deildarbikarsins og þar er Burnley í pottinum ásamt stórliðum Arsenal og Manchester United.

„Það væri náttúrlega best að fá heimaleik en eftir að hafa slegið Chelsea út þá skiptir í raun engu hverjir mótherjarnir verða ef við förum með sama hugarfari í þann leik og gegn Chelsea. Ég væri alveg til í að fara á Old Trafford og reyna að slá United úr leik,“ segir púlarinn Jóhannes Karl og hlær stríðnislega.



**RAKEL DÖGG** Er í leikmannahópi Júlíusar sem fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kvennalandsliðið:

## Júlíus velur 20 manna hóp

**HANDBOLTI** Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari kvenna, hefur valið æfingahóp til undirbúnings fyrir undankeppni HM sem fer fram í lok mánaðarins. Leikið er í Póllandi.

Ísland er í riðli með Póllandi, Lettlandi, Slóvakíu og Sviss og fer efsta lið riðilsins á HM. - hbg

### LANDSLIÐSHÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Berglind Íris Hansdóttir | Valur |
| Guðrún Maríasdóttir | Fylkir |
| Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir | HK |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Arna Sif Pálsdóttir | HK |
| Ágústa Edda Björnsdóttir | Valur |
| Ásta Birna Gunnarsdóttir | Fram |
| Dagný Skúladóttir | Valur |
| Elísabet Gunnarsdóttir | Stjarnan |
| Hanna G. Stefánsdóttir | Haukar |
| Hildigunnur Einarsdóttir | Valur |
| Hildur Þorgeirsdóttir | FH |
| Hrafnhildur Skúladóttir | Valur |
| Íris Ásta Pétursdóttir | Valur |
| Jóna S. Halldórsdóttir | HK |
| Ragnhildur Guðmundsdóttir | FH |
| Rakel Dögg Bragadóttir | Kolding |
| Rut Jónsdóttir | Team Tvis Holstebro |
| Sigurbjörg Jóhannsdóttir | Fram |
| Stella Sigurðardóttir | Fram |
| Sunna María Einarsdóttir | Fylkir |

# VIÐ ERUM SVO BILAÐIR

**Stemningslið Akureyrar situr eitt á toppi N1-deildar karla eftir seiglusigur á FH í gær, 32-34. Árni Þór Sigtryggsson þakkar stemningunni í liðinu árangurinn.**

**HANDBOLTI** Akureyri náði loksins að leggja FH í þriðju rimmu liðanna í vetur. Í fyrstu tveim leikjunum kom FH til baka og vann en nú snérist taflið við því Akureyri átti frábæra endurkomu og tryggði sér verulega sætan tveggja marka sigur, 32-34.

„Við erum svo bilaðir enda erum við frá Akureyri,“ sagði brosmildur Árni Þór Sigtryggsson eftir leik aðspurður um stemninguna í Akureyrarliðinu og leikgleðina sem skín úr andlitum leikmanna.

Akureyringar faðmast innilega í upphitun, fagna hver öðrum í kynningu og syngja söngva eftir sigurleiki. Stemningin í liðinu dylst engum og hún virðist fleyta liðinu langt. „Þetta eru allt strákar frá Akureyri og við náum bara vel saman og förum langt á gleðinni,“ sagði Árni sem átti frábæran leik og þá sérstaklega í síðari hálfleik.

Það var fátt sem benti til þess framan af leik að Akureyri myndi hafa sigur. Sprækir FH-ingar komust í 5-0 og virtust ætla að keyra yfir þunga Akureyringa. Vörn Akureyrar datt síðan í gang og í raun hélt liðinu inni í leiknum í hálfleik þegar FH leiddi með þrem mörkum, 17-14.

Það hefur hingað til hentað FH betur að sækja sigur en verja forskot og það sýndi sig í gær. Liðið virkaði á köflum taugaveiklað í síðari hálfleik og þegar Aron var tekinn úr umferð var lítið að gerast og munaði mikið um að hinn magnaði Ólafur Guðmundsson fann sig engan veginn.

Hinir þungu Akureyringar voru allt í einu orðnir sprækara liðið í seinni hálfleik, keyrðu hraðar sóknir og þegar Hörður Flóki varði nokkra bolta komust þeir yfir í fyrsta skipti, 27-28, þegar sjö mínútur lifðu leiks. FH-ingar áttu ekkert svar og stemningsstrákarnir að norðan sungu í leikslok áður en þeir hlupu út úr húsi í búningunum sínum því þeir voru að missa af fluginu norður.

„Ég held við höfum ekkert verið stressaðir heldur var reynsluleysið kannski frekar að há okkur,“ sagði Aron Pálmarsson sem skoraði 11 frábær mörk en sóknarleikur FH hrundi þegar hann var tekinn úr umferð.

„Þetta er annað tapið í vetur og það aftur á heimavelli. Það er alveg skelfilegt því hér ætluðum við ekki að tapa,“ sagði Aron ákveðinn að lokum.

henry@frettabladid.is



**ILLVIÐRÁÐANLEGUR** Árni Þór Sigtryggsson fór fyrir liði norðanmanna í Krikanum í gær og skoraði ellefu mörk í 32-34 sigri gegn FH í slag toppliðanna í N1-deild karla í handbolta. FRÉTTABLADID/ARNÞÓR

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla í handbolta*

**FH-Akureyri 32-34 (17-14)**

**Mörk FH (skot):** Aron Pálmarsson 11 (15), Ásbjörn Friðriksson 5 (10), Ólafur Guðmundsson 5 (15), Halldór Guðjónsson 4 (4), Guðmundur Pedersen 4 (6), Sigursteinn Arndal 2 (2), Sigurður Ágústsson 1 (2).

**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 21/1 (54/4) 39%.

**Hraðaupphlaup:** 8 (Ásbjörn 3, Halldór 2, Ólafur, Ásbjörn, Aron).

**Fiskuð víti:** 0.

**Utan vallar:** 8 mín.

**Mörk Akureyrar (skot):** Árni Þór Sigtryggsson 11/3 (19/4), Hörður Fannar Sigþórsson 5 (5), Andri Snær Stefánsson 5 (9), Jónatan Magnússon 4/2 (11/2), Oddur Grétarsson 3 (6), Anton Rúnarsson 3 (9), Gústaf Kristjánsson 1 (1).

**Varin skot:** Hörður Flóki Ólafsson 8 (23) 35%, Hafþór Einarsson 4 (22) 18%.

**Hraðaupphlaup:** 1 (Árni).

**Utan vallar:** 6 mín.

**Dómarar:** Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson voru mjög góðir.

**Fram-HK 29-29 (13-13)**

**Markahæstir hjá Fram:** Rúnar Kárason 9, Haraldur Þorvarðarson 6, Guðjón Drengsson 5, Andri Berg Haraldsson 4.

**Markahæstir hjá HK:** Valdimar Þórsson 12, Gunnar Steinn Jónsson 4, Ragnar Hjaltested 4.

**Valur-Víkingur 31-22 (17-9)**

**Markahæstir hjá Val:** Baldvin Þorsteinsson 7, Arnór Gunnarsson 5, Heimir Örn Árnason 4, Sigurður Eggertsson 4.

**Markahæstir hjá Víkingi:** Sverrir Hermannsson 7, Sveinn Þorgeirsson 4, Davíð Ágústsson 4.

### *Iceland Express-deild karla*

**Grindavík-Keflavík 80-79 (39-36)**

**Stig Grindavíkur:** Brenton Joe Birmingham 19 (13 frák. hitti úr 6 af 7 3ja stiga), Páll Kristinsson 17 (10 frák.), Páll Axel Vilbergsson 17, Arnar Freyr Jónsson 13, Þorleifur Ólafsson 11 (6 frák., 6 stoðs., 4 stolnir), Davíð Páll Hermannsson 3.

**Stig Keflavíkur:** Sigurður Gunnar Þorsteinsson 21 (8 frák.), Sverrir Þór Sverrisson 19 (7 stoðs.), Gunnar Stefánsson 17, Vilhjálmur Steinarsson 6, Elvar Þór Sigurjónsson 6, Jón Norðdal Hafsteinsson 5 (11 frák.), Hörður Axel Vilhjálmsson 3, Eldur Ólafsson 2.

**FSu-Breiðablik 93-70 (45-42)**

**Stig FSu:** Sævar Sigurmundsson 23, Björgvin Valentínusson 22, Vésteinn Sveinsson 18, Árni Ragnarsson 11 (8 fráköst), Thomas Viglianco 9, Tyler Dunaway 5, Nicholas Mabbutt 5.

**Stig Breiðabliks:** Nemanja Sovic 20 (10 fráköst), Kristján Sigurðsson 10, Daníel Guðmundsson 10, Halldór Halldórsson 10, H. Vilhjálmsson 5, Rúnar Erlingsson 5, Emil Jóhannsson 5, Loftur Einarsson 3, Rúnar Pálmarsson 2.

**Stjarnan-KR 81-90 (49-44)**




Njósnarinn ákvað því að fara suður um Reykjanes og reyndi hann ganga upp á Víkarsskeiði.

Þar kom í móti honum bergrisi og hafði járnstaf í hendi og bar höfuðið hærra en fjöllin og margir aðrir jötnar með honum...


Framhald á bls. 42

Grindvíkingar komust aftur á sigurbraut með naumum sigri á Keflavík í gær:

# Vorum stálheppnir að vinna

**KÖRFUBOLTI** „Við spiluðum mjög vel fyrstu mínúturnar í leiknum en þá er það bara upptalið. Menn töldu þá greinilega að þetta yrði eitthvað létt, fóru niður á hælana og komust aldrei af þeim. Þetta eru tvö stig en þetta var ekki ásættanleg frammistaða,“ sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir 80-79 sigur Grindavíkur á Keflavík í gær. Grindavík komst í 16-2 og 23-4 en Keflvíkingar unnu sig inn í leikinn með góðum öðrum leikhluta og voru síðan nálægt því að vinna leikinn í lokin.

„Ég vil hrósa Keflvíkingunum. Þeir spiluðu gríðarlega vel að mínu mati miðað við að það vantaði lykilmenn í þeirra lið,“ sagði Friðrik en Keflavík lék án þeirra Gunnars Einarssonar og Þrastar Leó Jóhannssonar í gær.

Friðrik var langt frá því að vera sáttur en játti því að þeir Brenton Birmingham og Páls Kristinsson hafi dregið vagninn í þessum leik.

„Við vorum langt frá okkar besta og mig grunar að fyrstu mínúturnar hafi gefi tilefni til vanmats. Við komust aldrei aftur í takt við leikinn og vorum stálheppnir að vinna,“ sagði Friðrik.

Brenton Birmingham tók af skarið hjá Grindavík í seinni hálfleik og skoraði þá 13 af 19 stigum sínum. Hann var besti maður liðsins ásamt Páli Kristinssyni sem barðist út um allan völl. Það hefur mikið verið talað um breiddina hjá Grindavík en bekkur Keflavíkur skoraði 31 stig gegn aðeins 3 hjá Grindavík í gær.

Sverrir Þór Sverrisson átti mjög góðan leik í liði Keflavíkur og það var sérstaklega aðdáunarvert að sjá hann koma Keflavík aftur inn í leikinn í öðrum leikhluta þar sem hann var með 11 stig og 3 stoðsendingar. Sverrir átti síðasta skot leiksins en þurfti að taka það frá miðju og hitti ekki. Gunnar Stefánsson átti líka góða innkomu af bekknum og Sigurður Gunnar Þorsteinsson er orðinn mjög öflugur undir körfunum bæði í vörn og sókn. - óój



**SÆTUR SIGUR** Arnar Freyr Jónsson skoraði 13 stig fyrir Grindavík gegn sínum gömlu félögum í Keflavík. FRÉTTABLADID/STEFÁN

# TROÐFULL BÚÐ RAFTÆKJA

## VÖNDUÐ VARA Á GÓÐU VERÐI



**Dantax R40**
Lítið og nett FM FERÐAÚTVARP með innbyggðu loftneti. Gengur fyrir rafhlöðum eða 230V. Dönsk framleiðsla.

VERÐ 3.490
FRÁBÆRT VERÐ

**Philips CD1501**
Þráðlaus DECT sími með 50 númer í minni, 12 tíma hleðsla í notkun og 6 dagar í bið. Endurval í síðustu 5 númer.



VERÐ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ

**Sandisk Clip2GB**
Agnarsmár MP3 SPILARI með 2GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.

Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm



VERÐ 9.990
FRÁBÆRT VERÐ

## FERÐATÆKI · SÍMTÆKI · MP3 SPILARAR



**Toshiba SD180**
DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi ofl.

VERÐ 10.990
FRÁBÆRT VERÐ



7.1 MILLJÓN PUNKTA

LEICA DC LENS

**Panasonic DMCLS70**
Digital MYNDAVÉL með 7,0 mp upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hreyfimyndatöku. Tekur SD/SDHC kort.

VERÐ 17.990
FRÁBÆRT VERÐ

INNBYGGÐ **KYRRMYNDAVÉL**



**JVC GRD740**
Digital DV TÖKUVÉL me› 2,7" LCD skjá me› 1/6 CCD upptökuflögu me› 800.000 dílum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 34x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ

## DVD SPILARAR · MYNDAVÉLAR · HLJÓMTÆKI



**MÁ HENGJA Á VEGG**

**Philips MCD288**
Míkró DVD DivX HLJÓMTÆKI með 100w RD-klassa MS magnara, fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital, 2 hát. og bassaboxi, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvam., Scart, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal og USB tengi, Aux inn ofl.

VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ




**Toshiba 20W300PG**
20" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, 20w Nicam Stereó, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ



**AMBIENT SURROUND**

**Philips HTS6600**
500w RMS HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara og Progressive Scan, Ambisound Surround - alvöru heimabíóhljómur úr 2 hát., Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Video Upscaling í 720p/1080i DoubleBASS, útvarpi með stöðvam., 2 hátölurum, bassaboxi ofl.

VERÐ 99.990
FRÁBÆRT VERÐ

## TÖKUVÉLAR · SJÓNVÖRP · HEIMABÍÓ

PHILIPS · JVC · Panasonic · GRUNDIG · Dantax · UNITED · enox. · JBL
KENWOOD · Nikon · OLYMPUS · CASIO · harman/kardon · Infinity · MONSTER

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT Á GÓÐU VERÐI
499
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 499 kr./kg.
698
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.
ALI FERSKT GRÍSAKJÖT 40% AFSLÁTTUR
mjöll frigg
Maraþon þvottaduft MILT
100 ÞVOTTAR
MILT FYRIR BARNIÐ
1398
MJÖLL FRIGG ÞVOTTAEFNI
MARAÞON & MILT FYRIR BARNIÐ
100 skammtar 1398 kr.
Grísakjöt
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSANN
40% AFSLÁTTUR
GRÍSAHAKK
530 kr./kg. MERKT VERÐ 884 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSAGÚLLAS
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSASNITSEL
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
1079 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
Gómsætt og safaríkt
40% AFSLÁTTUR
GRÍSASTEIK PORK ROAST
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
Ýsubitar
798
BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
798 kr./kg.
HEIMILIS BRAUÐ
159
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g 159 kr.
959
BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
959 kr./kg. MERKT VERÐ 1198 KR./KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ

## NÝTT KORTATÍMABIL




1554

**BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**
1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG.




659

**ALI FERSKUR HEILL KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR**
40% AFSLÁTTUR 659 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.




KJARNAFÆÐI

1455

**KF EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**
40% AFSLÁTTUR 1455 kr./kg. MERKT VERÐ 2425 KR./KG.



1155

KS

**KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**
1155 kr./kg. MERKT VERÐ 1359 KR./KG.




89

**SVALI EPLA & APPELSÍNU**
3 pk. 89 kr.




98

**BRAZZI EPLA & APPELSÍNU**
1 ltr. 98 kr.




98

**PEPSI CLASSIC** 2 ltr. 98 kr
**PEPSI MAX** 2 ltr. 98 kr.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30



**> Holly Marie Combs**

„Foreldrar mínir voru ungir þegar ég fæddist og frekar villtir. Mamma var í pönkhljómsveit og fannst ég vera með uppreisn þegar ég vildi fá að læra á píanó.“ Combs leikur heillanornina Piper Halliwell í þættinum Charmed sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON **HORFIR Á GOTT KVÖLD**

## *Minna fliss frá Ragnhildi Steinunni*

Undanfarin laugardagskvöld hefur sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn tekið á móti helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar og átt við þá létt spjall. Ásamt því hefur hún fengið hina og þessa samferðarmenn þeirra til að deila sögum af þeim og leyft sjónvarpsáhorfendum svo loks að njóta tónlistar þeirra. Íslendingar eru ákaflega ríkir af tónlistarmönnum og íslenska þjóðin á eflaust eitthvert metið þar á bæ sé miðað við höfðatölu.

Gott kvöld er þannig séð frekar notaleg hugmynd: Sígild íslensk lög í nýjum útsendingum, gömul myndskeið af helstu góðkunningjum þjóðarinnar og svo þeir í eigin persónu inni í stofu.

Það er engin þörf á því að fela spyril sem Ragnhildi Steinunni fyrir áhorfendum, hún sómir sér vel á skjánum og hefur viðmótsþýða nærveru. Það getur þó varla talist þættinum til framdráttar að Ragnhildur Steinunn detti í ham sem Gísli Marteinn gat dottið í og hoppi upp úr stólnum af hlátri í hvert skipti sem viðmælandi hennar opnar munninn. Að vísu rak Gísli upp rokur af engu tilefni en Ragnhildur heldur sig við létt fliss og hlátur. Jafnvel þegar Sigtryggur Baldursson sagði bara „ha?“ síðasta laugardagskvöld var hlegið. Spyrill á ekki að vera viðhlæjandi og af slíku fengum við nóg á laugardagskvöldunum hans Gísla. Minna fliss takk.



**Í FÓTSPOR GÍSLA MARTEINS** Ragnhildur Steinunn þarf ekki að flissa og hlæja þegar viðmælendurnir segja „ha?“.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55 Logi í beinni** STÖÐ 2



▶ **20.00 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Hollywoodland** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00 Law & Order** SKJÁREINN



▶ **22.50 Rebus – Hnútar og krossar** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Káta maskínan** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (59:65)

**17.47 Músahús Mikka** (30:55)

**18.10 Ljóta Betty** (28:41) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Útsvar** Í þessum þætti eigast við lið Akraness og Kópavogs. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.15 Samhljómar** (Perfect Harmony) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1991. Kórstjóri í einkaskóla í Suðurríkjunum reynir að stemma stigu við kynþáttafordómum meðal nemenda. Aðalhlutverk: Peter Scolari, Darren McGavin, Catherine Mary Stewart, Moses Gunn og Justin Whalin.

▶**22.50 Rebus – Hnútar og krossar** (Rebus: Knots and Crosses) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ian Rankin um John Rebus rannsóknarlögreglumann í Edinborg. Aðalhlutverk: Ken Stott, Claire Price og Jennifer Black.

**00.00 Blóðugt starf** (Blood Work) Bandarísk spennumynd frá 2002. Fyrrverandi FBI-maður sem er nýkominn úr hjartaígræðslu rannsakar lát konunnar sem hann þáði hjartað úr. Leikstjóri er Clint Eastwood og meðal leikenda eru Clint Eastwood, Jeff Daniels og Anjelica Huston. (e)

**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Field of Dreams**

**10.00 Honey, I Shrunk the Kids**

**12.00 The Pink Panther**

**14.00 Field of Dreams**

**16.00 Honey, I Shrunk the Kids**

**18.00 The Pink Panther**

▶**20.00 Hollywoodland** Glæpasaga sem á sér stað árið 1959 þegar sjónvarpsleikarinn George Reeves, sem þekktur er fyrir leik sinn sem Superman, fellur sviplega frá.

**22.05 Country of My Skull**

**00.00 Fallen: The Beginning**

**02.00 De-Lovely**

**04.05 Country of My Skull**

**06.00 King Kong**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (192:300)

**10.35 America's Got Talent** (1:15)

**12.00 Grey's Anatomy** (10:25)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Forboðin fegurð** (71:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (72:114)

**14.40 Meistarinn** (7:15)

**15.45 Bestu Strákarnir** (17:50)

**16.10 A.T.O.M.**

**16.35 Bratz**

**16.58 Nornafélagið**

**17.18 Hlaupin**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (17:20)

▶**19.55 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur. Þátturinn er í beinni útsendingu.

**20.35 Wipeout** (2:11)

**21.20 The Truth About Love** Rómantísk gamanmynd með Jennifer Love Hewitt í aðalhlutverki. Alice ákveður í gríni að senda eiginmanni sínum nafnlaust ástarbréf en kemst að því að það er hættulegt að leika sér að eldinum.

**22.50 About Last Night** Mynd um ástarsamband tveggja ungmenna og hvernig það hefur áhrif á fjölskylduna og vinina. Með aðalhlutverk fara Rob Lowe, James Belushi, Demi Moore og Elisabeth Perkins.

**00.40 Carlito's Way** Bandarísk spennumynd sem gerist á sjöunda áratugnum og fjallar um eiturlyfjabaróninn Carlito og hvernig hann náði að söðla undir sig eiturlyfjamarkaðinn í Harlem.

**02.10 Sleeping with The Enemy**

**03.45 The Red Phone**

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.10 Utan vallar** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**19.00 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**19.30 NFL-deildin** Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**20.00 Spænski boltinn** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.

**21.00 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.

**21.45 UFC Unleashed** Bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**22.30 World Series of Poker 2008**

**23.25 NBA – Bestu leikirnir** Boston Celtics og Chicago Bulls mættust í úrslitakeppni Austurdeildarinnar árið 1986. Í liði Bulls var 21 árs strákur sem átti eftir að verða ein skærasta stjarnan í sögu NBA. Leikmaðurinn er auðvitað Michael Jordan en í þessum leik skoraði hann 63 stig sem var nýtt met í úrslitakeppninni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og Portsmouth.

**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Everton.

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið er yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.50 PL Classic Matches** Blackburn - Sheffield, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Bradford - Watford, 1999.

**22.50 Premier League Preview**

**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Wigan og Stoke.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Game tíví** (10:15) (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**19.20 Friday Night Lights** (9:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur ruðningsliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. (e)

**20.10 Charmed** (9:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. Heillanornirnar leita að djöfli sem slapp úr haldi yfirvalda og þurfa að berjast við vírus sem er að dreifa sér meðal þeirra göldróttu.

**21.00 Singing Bee** (9:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög.

▶**22.00 Law & Order** (8:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.

**22.50 In Plain Sight** (8:12) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. (e)

**23.40 The Real World Movie** Sjónvarpsmynd frá árinu 2002 um eldheitan aðdáanda þáttanna The Real World sem er ávallt hafnað í áheyrnarprufunum. Hann grípur til þess ráðs að ræna unglingunum og koma þeim fyrir í sínu eigin húsnæði þar sem myndavélar fylgjast með hverri hreyfingu. (e)

**01.10 Jay Leno** (e)

**02.00 Jay Leno** (e)

**02.50 Vörutorg**

**03.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn**

Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35
### Wipeout



Næstu 24 keppendurnir í þessum hörkuspennandi og bráðskemmtilega raunveruleikaþætti, berjast hver við annan og klukkuna til að vera fyrstir til að komast í gegnum erfiðar þrautir og í fjögurra manna úrslit. Þrautirnar sem keppendurnir þurfa að sigrast á þessa vikuna eru, m.a. sleipur stigi, brimbretti í froðu, risaboltar og margar fleiri stórskemmtilegar hindranir. Þeir fjórir bestu mætast svo í undanúrslitum þar sem þeir keppast um að vinna 50 þús. dollara.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Singing Bee
### Skjáreinn kl. 21.00

Fjörið heldur áfram í Singing Bee í kvöld þegar starfsfólk olíufélaganna Olís og N1 mætast í spennandi keppni. Keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að þekkja textann við vinsæl lög. Kynnir þáttarins er Jónsi og hljómsveitin Buff sér um tónlistina. Singing Bee er skemmtilegur fjölskylduþáttur sem allir heima í stofu geta tekið þátt í og haft gaman af.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (59:260)
**16.30 Hollyoaks** (60:260)
**17.00 Ally McBeal** (21:23)
**17.45 ET Weekend**
**18.30 Happy Hour** (1:13)
**19.00 Hollyoaks** (59:260)
**19.30 Hollyoaks** (60:260)

▶**20.00 Ally McBeal** (21:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

**20.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

**21.30 Happy Hour** (1:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.

**22.00 Prison Break** (7:22) Fjórða serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Michael Scofield braust út úr skelfilegu fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök. Til þess njóta þeir aðstoðar fyrrverandi samfanga sinna Sucres, Bellicks og Mahones.

**22.45 My Bare Lady** (2:4)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skíf-**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkona er Ásdís Olsen.

**21.00 Í kalfæri** Umsjón: Jón Kristinn Snæhólm Ísland í neyð – fulltrúar Indefence mæta í þáttinn

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Hvor er vi landet? **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Min funky familie **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Niels Hausgaard Show 2008 **20.00** TV Avisen **20.30** Reimers **21.10** Rush hour **22.45** Girl, Interrupted

## NRK 1

**11.30** Sesongåpning Beitostølen **14.00** NRK nyheter **14.03** Megafon **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fragglene **17.25** Jack og Pedro **17.35** Pip **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Kodenavn Hunter **22.10** Kveldsnytt **22.25** Si at du elsker meg **23.15** Céline Dion - live i Los Angeles **00.00** Korte grøss . Redningen **00.25** Kulturnytt

## SVT 1

**11.50** Mitt i naturen **12.40** Carin 21.30 **13.10** Svensson, Svensson **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Avalon Heights **15.30** Djursjukhuset **16.00** Disneydags **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Robins **20.30** Open Range **22.45** Morgonsoffan **23.15** Kulturnyheterna **23.30** Star 80 **01.10** Sändningar från SVT24




ÚTGÁFUFAGNAÐUR Í VINABÆ, SKIPHOLTI 33 (ÁÐUR TÓNABÍÓ) LAUGARDAGINN 15.11. KL. 14.30

LÉTT OG SKEMMTILEG FRÁSÖGN!

MEISTARI ÆVINTÝRSINS

– bókin um Björgvin Magnússon er komin út!

Björgvin Magnússon, fyrrum skólastjóri á Jaðri og að Úlfljótsvatni, guðfræðinemi á lúterska vísu, kaþólskur djákni, skáti, söngmaður, stælgæi, snyrtimenni og gleðimaður segir frá lífshlaupi sínu.

Hann er hugsjónamaður í anda skáta – en ekki síst hugmyndaríkur húmoristi: *Sannkallaður meistari ævintýrsins!*

Ekki er að undra að dóttir hans, Edda, og dóttursonur, Björgvin Franz Gíslason, geti leikið, spaugað og sprellað.

Þorgrímur Gestsson rithöfundur skráði skemmtilega sögu.

**Velunnarar eru boðnir velkomnir í Vinabæ á laugardaginn. Þar verður bókin seld með góðum afslætti – og Björgvin áritar ef óskað er.**

Lesum fyrir börnin og með börnunum




Um prinsinn og prinsessuna – og óheppna riddarann og trygga hestinn hans sem fá **þrjár óskir**... Í sama flokki eru *Kossinn sem hvarf* og *Góða nótt, sofðu rótt.* ***Metsölubækur.***

Það er **annasamur dagur á Hunangshæð**. Börn dýranna eru ýmislegt að bjástra: Óskar, Jakob, Lára, Kata og Olla. – ***Gluggar og flipar.***




HÖRÐ SPJÖLD

FLIPAR OG MJÚK SPJÖLD







Hugnæm saga um **ljónsunga** sem vill kanna heiminn upp á eigin spýtur. Hætta liggur víða í leyni. ***Michele Coxon er þekkt fyrir einstakar dýramyndir sínar.***

Fyrsta bókin í geysivinsælum flokki um **Halla og risaeðlurnar hans**. Cheffield-barnabókaverðlaunin. Sjónvarpsþættir sýndir hér. „Sannarlega sigurvegari." *School Librarian.*

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

## MORGUNMATURINN



*„Ég var vanur að teyga ananassafa en núna er það heil skál af vínberjum. Það er smá nýtt hjá mér að taka vínberin og hvíla ananassafann.“*

Arnviður Snorrason plötusnúður.

# Jólagjöfin í ár tekur mið af kreppunni

Í dag verður tilkynnt hver verður jólagjöfin í ár. Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst hefur staðið fyrir þessu undanfarin þrjú ár og hefur dómnefndin setið sveitt við að rýna í sölutölur og tíðarandann.

Að sögn Emils B. Karlssonar, forstöðumanns setursins, er þetta ágætisvísbending um hvernig tíðarandinn verður þessi jól; sem verða eflaust hálf-skrýtinn í ljósi alls þess sem á undan er gengið. „Þetta er náttúrulega mest til gamans gert. En þetta segir okkur líka sitthvað um hvernig ástandið er þjóðfélaginu,“ segir Emil.

Svíar hafa líka haft þennan háttinn á undanfarin ár og þeir eru búnir að velja sína jólagjöf. „Þeir kusu „oplevelse“ sem jólagjöfina í ár,“ segir Emil og viðurkennir að það sé svolítið óræð jólagjöf. Getur þýtt ansi margt.

„Í mínum huga gæti jólagjöf Svíanna alveg eins verið DVD-diskur eða bara næturgisting á hóteli.“ Emil þvertók ekki fyrir að jólagjöf Íslendinga í ár væri eitthvað í svipuðum dúr. „Ekki kannski alveg eins, en jú, eitthvað á þessum nótum.“

Og það kæmi engum á óvart ef Íslendingar fetuðu í fótspor Svía þetta árið. Í fyrra völdu þjóðirnar sömu jólagjöf; GPS-tæki. Árið þar á undan, eða 2006, voru það ávaxta- og grænmetispressur og 2005 var lófatölvan valin jólagjöf ársins. Hins vegar mætti ætla, miðað við fréttaflutning síðustu daga, að jólagjöf ársins 2008 yrði hin sígilda blanda: kerti og spil. - fgg



**JÓLIN 2005** Lófatölvur á borð við PSP frá Playstation voru sagðar eiga að rata í jólapakka landsmanna fyrir þremur árum.



**SAFAPRESSUR** Árið 2006 voru nefndarmenn þess handvissir að ávaxta- og grænmetispressur yrðu efstar á gjafalistanum. Þær gætu hugsanlega orðið Soda Stream-tæki góðærisins þegar fram líða stundir.



**ENGIN TÝNIST** GPS-tækin komu sterk inn í fyrra og voru valin jólagjöf ársins. Ekki liggur þó fyrir hvernig þau seldust það ár.



**LÁRÉTT**
**2.** jurt, **6.** bókstafur, **8.** stykki, **9.** loga, **11.** hætta, **12.** hluti, **14.** dá, **16.** frú, **17.** kvk nafn, **18.** umfram, **20.** tveir eins, **21.** túttа.

**LÓÐRÉTT**
**1.** aða, **3.** í röð, **4.** stafs, **5.** hallandi, **7.** áritun, **10.** inngangur, **13.** þvottur, **15.** drulla, **16.** framkoma, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gras, **6.** ká, **8.** stk, **9.** eld, **11.** vá, **12.** leyti, **14.** trans, **16.** fr, **17.** una, **18.** auk, **20.** uu, **21.** snuð.

**LÓÐRÉTT: 1.** skel, **3.** rs, **4.** atvinnu, **5.** ská, **7.** áletrun, **10.** dyr, **13.** tau, **15.** saur, **16.** fas, **19.** ku.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÓSKAR BERGSSON: REYKJAVÍKURBORG STYRKIR EKKI ÚTGÁFUTÓNLEIKA

# Bubbi Morthens og formaður borgarráðs í hár saman

„Það má vera að þessi ágæti einfari sjái hlutina svona í sínum eigin heimi en þetta er auðvitað alveg rosalega lágkúrulegt,“ segir Bubbi Morthens tónlistarmaður. Ummæli Óskars Bergssonar, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, á Vísi í gær, um samstöðutónleika Bubba, hleyptu illu blóði í þá tónlistarmenn sem þar koma fram. Samkvæmt Óskari eru samstöðutónleikarnir í reynd útgáfutónleikar og Reykjavíkurborg geti ekki styrkt alla þá sem koma saman í tilefni þess að þeir séu að gefa út plötu.

Óskar lét ummælin falla í samtali við Vísi í gærmorgun þegar ljóst var að Reykjavíkurborg myndi ekki styrkja tónleikana með fjárframlagi. Reykjavíkurborg hyggst hins vegar gefa eftir leigu Laugardalshallarinnar. „Þessir tónleikar [eru] að einhverju leyti útgáfutónleikar þeirra aðila sem þarna koma fram og ef Reykjavíkurborg ætlar að fara að taka upp á því að styrkja alla þá sem sýna frumkvæði í því að koma saman í tilefni þess að þeir eru að gefa út plötu held ég að við séum komin út í umhverfi sem við ráðum tæplega við,“ lét Óskar hafa eftir sér.

Tónleikahaldarinn Bubbi Morthens var ákaflega reiður og undrandi á þessum ummælum þegar Fréttablaðið bar þau undir hann. „Ég sætti mig alveg við að Óskar Bergsson segi nei. En að ætla okkur að þetta séu útgáfutónleikar er bara fásinna. Okkur finnst skipta máli að peppa þjóðina aðeins upp, gera eitthvað skemmtilegt þegar þjóðin rambar á barmi gjaldþrots,“ segir Bubbi en bætir því við að honum komi ekki á óvart úr hvaða átt ummælin kæmu. Hann bætir því hins vegar við að tónleikarnir verði haldnir á laugardagskvöld. Enda hafi fjöldi fyrirtækja sýnt þessu framtaki mikinn áhuga. Bubbi bendir jafnframt á að synjun Reykjavíkurborgar um styrk skjóti nokkuð skökku við því fyrr á árinu hafi borgin styrkt tónleika Bjarkar og Sigur Rósar sem haldnir voru í Laugardal.

Óskar Bergsson sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki sjá neitt athugavert við ummæli sín. „Ég vona bara að tónleikahaldararnir misvirði ekki þann styrk sem Reykjavíkurborg leggur til,“ segir Óskar og vísar þar til gjaldfrjálsrar notkunar á Laugardalshöll en leigan af henni er hvaða rúma eina milljón króna undir atburði á borð við þennan. Hann segir jafnframt að Reykjavíkurborg hafi í mörg önnur horn að líta en að styrkja tónleika á borð við þessa með fjárframlögum og að horft sé á eftir hverri krónu um þessar mundir. freyrgigja@frettabladid.is



**VONSVIKNIR POPPARAR** Samstöðutónleikar Bubba voru kynntir á blaðamannafundi í byrjun vikunnar og voru popparar landsins þá fullir bjartsýni. Í gær var þeim synjað um styrk frá Reykjavíkurborg. Bubbi Morthens segir orð Óskars fyrir neðan beltisstað. Það kom honum hins vegar ekkert á óvart úr hvaða horni þau kæmu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**STENDUR VIÐ STÓRU ORÐIN** Óskar Bergsson sér ekkert athugavert við ummæli sín og vonar að tónleikahaldararnir misvirði ekki styrk Reykjavíkurborgar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan **Lay Low** hefur ákveðið að taka samningstilboði Nettwerk Music Group, sem er eitt stærsta umboðs- og útgáfufyrirtæki heims. Samkvæmt samningnum, sem verður fullkláraður á næstu vikum, mun Lay Low gefa út þrjár plötur hjá fyrirtækinu, þar á meðal þá nýjustu, Farewell Good Night's Sleep. Eins og Fréttablaðið hefur sagt frá voru önnur útgáfufyrirtæki á höttunum eftir Lay Low en þau urðu að lúta í lægra haldi eftir æsilegt kapphlaup. Að sögn **Kára Sturlusonar**, umboðsmanns Lay Low, þótti það góður kostur við Nettwerk að fyrirtækið er þekkt fyrir gott samstarf við söngkonur á borð við Sara McLachlan og Martha Wainwright.



Og meira af Nettwerk Music Group því starfsmenn fyrirtækisins í London fá tækifæri til að sjá **Lay Low** í fyrsta sinn á tónleikum á klúbbnum Metro 29. nóvember. Klúbburinn tekur um 250 manns og þar mun Lay Low spila með kassagítarinn í hálftíma fyrir framan væntanlega vinnuveitendur sína. Miðað við einlægni hennar og hispursleysi eiga þeir án efa eftir að heillast upp úr skónum af þessari næstu stjörnu Íslands á alþjóðavísu.

**Heimir Már Pétursson** er einn þeirra fjölmörgu blaðamanna sem fékk uppsagnarbréf á dögunum. Heimir Már heldur þó ótrauður sínu striki og væntanleg er ljóðabók frá honum. Titilinn er „Nakinn" en þó heyrist að Heimir sé ekki til í að sitja fyrir á mynd sem rímar við titil ljóðabókar sinnar og vitnar í hendingu ættaða frá Stuðmönnum beri slíkt á góma: Ég geri hvað sem er fyrir frægðina nema koma nakinn fram.



- fb, jbg



Njósnarinn sneri þá heim og tjáði Haraldi konungi að ekki væri hægt að ráðast inn í Ísland.

Framhald næstu daga. Vertu með!



# Þjóðverjar veita hjálparhönd

Þýska fyrirtækið A Number of Small Things, sem selur plötur á heimasíðunni anost.net, ætlar að koma Íslendingum til bjargar með því að selja í tonnatali plötur frá íslenska útgáfufyrirtækinu Kimi Records.

Í fréttabréfi sínu hvetur fyrirtækið viðskiptavini sína til að kaupa plötur frá Kimi, þar á meðal með hljómsveitunum Hjaltalín og Benna Hemm Hemm: „Kæru vinir. Eins og þið vitið er Ísland á barmi gjaldþrots. Nú er tími til að sýna náungakærleikann í verki. Við höfum bætt nýju útgáfufyrirtæki á lista okkar, Kimi Records. Hjálpið okkur að bjarga Íslandi!,“ segir í fréttabréfinu.

Baldvin Esra Einarsson hjá Kimi Records segir að stjórnandi síðunnar sé samstarfsaðili Kimi. „Ég hef alltaf sent þeim plöturnar mínar til að eiga og selja og kynna í Þýskalandi fyrir fólki sem hefur áhuga á íslenskri tónlist. Það hefur verið upp og ofan hvort þetta hefur komið inn á síðuna,“ segir Baldvin. „Það er svo gríðarleg umræða örugglega í þýsku miðlunum um ástandið á Íslandi að hann hefur greinilega tekið upp á sitt einsdæmi að auglýsa íslenska tónlist til sölu til að rétta okkur hjálparhönd,“ segir hann og játar að þetta hafi komið sér skemmtilega á óvart. „Þetta var svolítið fyndið en þetta var svo sem alveg honum líkt svona sprell. Þetta er gaman því maður fær aðra sýn á viðhorf útlendinga til Íslands. Það er svo rosalega sterkt í umræðunni að við séum algjörir drullulhalar en það er ekkert alltaf þannig.“ - fb



**BALDVIN ESRA EINARSSON** Segir að uppátæki þýsks kollega síns hafi komið skemmtilega á óvart. MYND/HEIÐA.IS


20%
lægra verð um allt land!
Rjómi
Höfum það notalegt í skammdeginu.
Nú færðu rjómann frá MS á 20% lægra verði í næstu verslun.
Gerðu það gott með rjóma frá MS.
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

**Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin**

**Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin**

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**

Bergsteins Sigurðssonar


## *Spjöld sögunnar*

Á mánudag kom sonur minn átta ára heim með hrúgu af myndaspjöldum með andlitum sem ég kannaðist við úr sjónvarpinu. „Hvað er þetta?“ spurði ég. „Hagfræðingaspjöld,“ svaraði hann. Við skiptumst á þeim í skólanum.“ „Svona eins og körfuboltaspjöldum?“ „Það var í gamla daga. Nú eru hagfræðingar málið. Sjáðu, ég á einn Vilhjálm Bjarnason, Lilju Mósesdóttur og Ágúst Valfells. Ef ég eignast Ólaf Ísleifsson eða Yngva Örn Kristinsson get ég skipt þeim öllum fyrir Gylfa Magnússon eða Jón Daníelsson.“

**„JAHÁ.** Og hver er vinsælastur?“ spurði ég. „Ja, ég held eiginlega mest upp á hann.“ „Af hverju?“ „Mér bara finnst það sannfærandi röksemdarfærsla að ef Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn neyðir Ísland til samninga um IceSave-reikningana á forsendum Breta og Hollendinga, sé það í raun ávísun á þjóðargjaldþrot Íslendinga.“ Hann hafði nokkuð til síns máls. „Og halda flestir upp á Jón Daníelsson eins og þú?,“ hélt ég áfram. „Nei, flestir í mínum bekk halda upp á annaðhvort Þorvald Gylfason eða Gylfa Zoëga en margir í 3M halda með Lilju Mósesdóttur. Og ég veit um einn strák í 3E sem er að safna hári eins og Þórólfur Matthíasson.“

**„EDDA** Rós Karlsdóttir, færðu mikið fyrir hana?“ „Nei, þú færð voða lítið fyrir hagfræðinga í greiningardeild. Ef þú ætlar að fá eitthvað fyrir Eddu Rós verðurðu líka að eiga Ingólf Bender eða Ásgeir Jónsson, því fyrir þrjá greiningardeildarhagfræðinga fær maður einn háskólahagfræðing.“ „En ég hefði haldið að hagfræðingar sem hafa tekið þátt í atvinnurekstri væru verðmætari en hinir, sagði ég. „Ekki eftir hrunið,“ svaraði sá litli. „Sjáðu bara Tryggva Þór Herbertsson.“

**STRÁKURINN** hélt áfram að fræða mig um skiptimarkaðinn: „Sko, fyrir tvo prófessora við íslenskan háskóla – eða fjóra lektora – er hægt að fá einn íslenskan hagfræðing við útlenskan háskóla. Ég á til dæmis einn Jón Steinsson og í gær fékk vinur minn Gauta B. Eggertsson.“ „Og eru bara hagfræðingar í spilinu?“ spurði ég. „Nja, Guðmundur Jónsson, prófessor í hagsögu, er gjaldgengur í flestum hópum og sumir fást til að taka við Hannesi Hólmsteini og Stefáni Ólafssyni, þótt þeir tilheyri faktískt félagsvísindadeild.“ Hann skellti bara upp úr þegar ég spurði út í Eirík Bergmann.

**„EN** hvað um þennan,“ spurði ég og tók upp eitt spjaldið. „Hann hlýtur að vera dálítið dýrmætur, hann er jú bæði hagfræðingur og forsætisráðherra. „Nei,“ svaraði sá stutti íbygginn. „Geir er verðlaus.“



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 14. nóvember, 319. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.54 | 13.12 | 16.29 |
| Akureyri | 9.54 | 16.57 | 15.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.bnb.is www.toyota.is

## UM HELGINA

# BETRA VERÐ Á BETRI NOTUÐUM BÍLUM




ÚRVALSBÍLL
**Toyota Corolla Terra**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 59.000 km
Verðdæmi: 1.940.000 kr. Skr.nr. UJ-493
Betra verð 1.690.000 kr.

ÚRVALSBÍLL
**Toyota Yaris Terra**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.07 Ekinn: 59.000 km
Verðdæmi: 1.540.000 kr. Skr.nr. VT-905
Betra verð 1.290.000 kr.

ÚRVALSBÍLL
**Toyota Avensis Sol**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.07 Ekinn: 39.000 km
Verðdæmi: 2.740.000 kr. Skr.nr. UO-481
Betra verð 2.390.000 kr.

## TILBOÐ Á BÍLUM

Nú gefst einstakt tækifæri til að festa kaup á BETRI NOTUÐUM BÍL. Þú finnur alveg örugglega eitthvað við þitt hæfi á sérstöku tilboðsverði hjá Toyota BETRI NOTUÐUM BÍLUM!

NÝTT ÚTIBÚ BNB

## KLETTHÁLSI 2

Nú hafa Toyota BETRI NOTAÐIR BÍLAR opnað nýtt og glæsilegt útibú að Kletthálsi 2. Í tilefni af því eru tilboðsdagar á betur yfirförnum bílum í betra ástandi og á betra verði alla helgina hjá öllum söluaðilum Toyota.

**Hvað er Úrvalsbíll?**
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð

**Hvað er Gæðabíll?**
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð




BNB Kletthálsi, Toyota Kópavogi og Toyota á Akureyri
Fös 9 - 18
Lau 12 - 16
Sun 12 - 16

Toyota Reykjanesbæ, Toyota Selfossi og Toyota Austurlandi
Fös 9 - 18
Lau 12 - 16

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 44171 11.2008

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

| Toyota Kópavogi | NÝTT ÚTIBÚ Betri Notaðir Bílar | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Kletthálsi 2 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 570-5220 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL